Fornskógur í Fljótshlíð
náttúra 30

Faðmist!
rökstólar 22

spottið 16

Græddu á gulli á Grand Hótel
Laug. sun, mán, frá kl 11:00 til 19:00

Skoðið nánar á bls. 25

Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr.

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Helgarblað
21. apríl 2012
93. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011

Alls ekki of seinn
Ari Trausti Guðmundsson sagði skilið við kommúnismann fyrir löngu og telur að það sé nægt rými fyrir hann í forsetakapphlaupinu.
viðtal 24

Risarnir mætast
Spánarmeistararnir í Barcelona taka á móti Real Madrid í dag.
íþróttir 32

Allir geta breikað
Kristófer Aron Garcia lærði að dansa á tánum á ömmu sinni þegar hann var 2 ára.
krakkar 46

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Atvinna | Fólk | Heilsa

VEIFANDI FORSÆTISRÁÐHERRA Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, kom hingað til lands í opinbera heimsókn í gær ásamt um hundrað manna fylgdarliði. Hann fundaði með ráðherrum og forseta Íslands í gær og snæddi kvöldverð í Hörpu með ráðamönnum. Nokkur fjöldi fólks mótmælti fyrir utan Hörpu í gær. **Sjá síðu 6.**

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Forsetinn hefur náðað 45

Embætti forseta Íslands hefur náðað 45 dæmda einstaklinga síðan árið 1996. 122 manns voru náðaðir á tímabilinu 1980 til 1995. Alls hafa 513 umsóknir um náðun borist síðan árið 1993 og voru 54 samþykktar.

DÓMSMÁL Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hefur náðað 45 fanga síðan árið 1996. Náðanir fanga virðast vera mun fátíðari nú en á níunda áratugnum, en alls fengu 122 einstaklingar náðun frá embætti forseta á árabilinu 1980 til 1995, en þá gegndi Vigdís Finnbogadóttir embætti forseta Íslands.

Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun hafa 167 einstaklingar hlotið náðun hér á landi síðan árið 1980. Meðalfjöldi náðana er rúmlega fimm á ári.

Alls hafa 513 einstaklingar sótt um náðun frá embættinu á tímabilinu 1993 til 2010. Þar af hlutu 54 náðun, eða um tólf prósent. Karlkyns umsækjendur voru 432 og kvenkyns voru 81.

Samkvæmt stjórnarskránni hefur forseti Íslands heimild til að náða menn og veita almenna sakauppgjöf. Sérstök náðunarnefnd er starfrækt hjá innanríkisráðuneytinu og eru allar náðunarbeiðnir sendar til hennar til umsagnar.

Nefndin lætur ráðherra svo fá rökstudda tillögu um afgreiðslu á náðunarbeiðnum.

167 manns hafa verið náðaðir af forseta Íslands síðan árið 1980.

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Náðun er skilorðsbundin til nokkurra ára. Ef náðaður einstaklingur heldur skilorð út reynslutímann fellur refsingin niður. Algengasti skilorðstíminn er tvö til þrjú ár og er náðunin skráð á sakavottorð einstaklingsins.

Aðeins er hægt að sækja um náðun á fésektum og fangelsisrefsingu, eins og fram kemur á vef innanríkisráðuneytisins. Ekki er hægt að sækja um náðun á sviptingu ökuréttinda, sviptingu starfs eða sviptingu leyfis. Þá er ekki hægt að sækja um náðun eftir að einstaklingur hefur afplánað fangelsisrefsingu eða greitt sekt.

Ef dæmdur einstaklingur óskar eftir náðun á refsingu skal fresta fullnustu hennar ef hún er ekki þegar hafin, þar til beiðnin er afgreidd. Þá frestar beiðnin ekki fullnustu sé dómþoli þegar í afplánun. **- sv**

NATIONAL GEOGRAPHIC CHANNEL ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

Úrval af garni og blöðum frá Langyarns
Opið í dag frá kl.11-15

Verið velkomin
Garnbúðin Gauja,
þjónusta í þína þágu

Garnbúðin Gauja

Álfabakki 14a, sími: 571-2288, www.gauja.is, e-mail: gauja@gauja.is

SPURNING DAGSINS

Lúðvík, eru íþróttir fyrir alla?

„Jú, fyrir bæði kerlingar og karla!"

Lúðvík Geirsson er þingmaður. Lúðvík hefur lagt fram fyrirspurn til menntamálaráðherra varðandi það hvort tryggja eigi í lögum að stórviðburðir í íþróttum verði sýndir í opinni dagskrá.

Farþegaþota Bhoja Air fórst í aðflugi að alþjóðaflugvellinum í Islamabad:

Talið að 121 hafi látist í flugslysi í Pakistan

PAKISTAN Enginn komst lífs af þegar Boeing farþegaþota flugfélagsins Bhoja Air fórst í aðflugi að alþjóðaflugvellinum við borgina Islamabad í Pakistan í gærdag. 121 manns var um borð í vélinni; farþegar og áhöfn.

Flugmálayfirvöld í landinu telja að orsakir slyssins megi rekja til veðurs, en mikill vindur og rigning voru á svæðinu.

Lýsingar erlendra fréttamiðla eru nöturlegar en brak og líkamshlutar dreifðust um stórt svæði þar sem björgunarlið og íbúar frá nálægum íbúðarhverfum leituðu í gær. Þegar í gær höfðu 110 lík verið flutt á brott frá slysstaðnum.

Flugritinn, eða svarti kassinn svokallaði, er fundinn en hann er lykilgagn við að komast að því hvað olli því að þotan skall til jarðar eftir rúmlega þriggja tíma flug frá borginni Karachi til höfuðborgarinnar.

Að minnsta kosti fjögur þorp eru í nálægð við slysstaðinn og enn hefur ekki verið útilokað að fólk hafi farist á jörðu niðri, að sögn yfirvalda í landinu.

Fjölmiðlar greindu frá því í gær að aðstandendur þeirra sem voru um borð í vélinni hafi safnast saman á flugvellinum og beðið frétta í örvæntingu. **- shá**

FRÁ SLYSSTAÐ Í GÆRKVÖLDI Farþegaþotan splundraðist þegar hún skall til jarðar í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Fjölmiðlanefnd svarar Ástþóri:

Ekki tilefni til að bregðast við

FJÖLMIÐLAR Fjölmiðlanefnd telur ekki tilefni til að bregðast við vegna fyrirspurnar sem Ástþór Magnússon forsetaframbjóðandi sendi nefndinni. Óskar hann eftir áliti nefndarinnar á nokkrum atriðum, fyrst og fremst varðandi Ríkisútvarpið.

ÁSTÞÓR MAGNÚSSON

„Að gefnu tilefni vill fjölmiðlanefnd koma því á framfæri að athugasemdir Ástþórs Magnússonar, vegna forsetakosninganna, voru teknar fyrir á fundi nefndarinnar 13. apríl sl. Fimm dögum síðar var honum sent svar þar sem meðal annars er bent á að nefndin hafi ekki eftirlit með lögum um Ríkisútvarpið," segir í tilkynningu. Einnig kemur fram að nefndin gefi ekki út almennt álit vegna athugasemda sem ekki feli í sér kvörtun um tiltekin brot á lögum um fjölmiðla. **- óká**

Kínverskir auðmenn:

Lúxus ekki efst á óskalistanum

KÍNA Neyslumynstur ríkra Kínverja er að breytast. Lúxusvarningur er ekki lengur efst á óskalistanum, heldur eyða fleiri kínverskir auðmenn fé í ferðalög, ræktun líkamans og menntun barna sinna, að því er kemur fram á vef Dagens Industri.

Þar segir að 63.500 einstaklingar í Kína eigi jafngildi 2 milljarða íslenskra króna.

Dagens Industri vitnar í skýrslu frá Hurun Report Research Institute og kínverska bankans Industrial Bank þar sem segir að vinsælustu fjárfestingarkostirnir séu fasteignir og hlutabréf. - ibs

Smithætta frá hreindýrum aldrei sönnuð

Yfirdýralæknir útilokar að flytja hreindýr á Vestfirði vegna smithættu. Hópur áhugamanna segir fullyrðingar um smithættu ósannaðar og hyggur á rannsóknir. Gríðarleg tækifæri eru talin fylgja nýjum hreindýrastofni vestra.

UMHVERFISMÁL Hópur áhugamanna um að koma upp hreindýrastofni á Vestfjörðum vill fá úr því skorið með rannsóknum hvort flutningi dýranna frá Austurlandi fylgi smithætta sauðfjársjúkdóma. Yfirdýralæknir útilokar flutning dýranna milli landshluta einmitt með þeim rökum, auk þess sem hann telur um dýraverndunarmál að ræða.

Sigmar B. Hauksson, fyrrverandi formaður Skotvíss, er einn áhugamanna um flutning hreindýra frá Austurlandi til Vestfjarða. Hann bendir á, fyrst af öllu, að meginrök yfirdýralæknis hafi aldrei verið sönnuð með rannsóknum. „Rökin eru að hreindýr gætu borið með sér sauðfjársjúkdóma. Það stendur ekkert að baki þessum fullyrðingum. Okkar vinna gengur því út á að fá úr því skorið hvort þetta sé gerlegt, og fjölmörg rök benda í þá átt."

Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir, segir að sín skoðun varðandi flutning dýranna hafi ekkert breyst hvað varðar sjúkdómahættuna. „En þetta byggir einnig á dýraverndarsjónarmiðum, því almennt held ég að menn telji að Vestfirðir henti ekki hreindýrum. Það er því dýraverndarmál að flytja dýrin á svæði þar sem þau ekki þrífast." Spurður um rannsóknaþáttinn telur Halldór að marktæk rannsókn á sjúkdómum í hreindýrum yrði dýr og tímafrek aðgerð, þar sem það taki langan tíma að koma í ljós hvort sjúkdómarnir séu fyrir hendi í dýrunum.

Í dag sækja 4.000 skotveiðimenn um að fá að fella þúsund hreindýr á Austurlandi, þannig að eftirspurnin er mikil. „Kostirnir við að fjölga hreindýrum eru því ekki síst að slík aðgerð væri atvinnuskapandi," segir Sigmar. „Hvert dýr skilar í beinar og óbeinar tekjur um 300.000 krónum og helmingi meira ef um erlenda veiðimenn væri að ræða. Þetta myndi því styrkja ferðaþjónustu á til dæmis Vestfjörðum í um tvo mánuði utan hins hefðbundna ferðamannatíma."

Sigmar, sem hafnar því að Vestfirðir henti ekki hreindýrum, segir um aðferðafræði rannsóknarinnar að sýnum yrði safnað í sumar, en upplýsingar um gróðurfar liggi að hluta til fyrir. Síðan yrði að flytja nokkur dýr vestur þar sem þau yrðu sett í einangrun. „Þegar sannað væri að þau væru heilbrigð yrði þeim sleppt og nýjasta tækni notuð til að ganga úr skugga um hvernig þeim reiðir af í náttúrunni. Þetta yrðu fyrstu skrefin."

svavar@frettabladid.is

ÓNÝT AUÐLIND? Áhugamenn um flutning hreindýra til Vestfjarða ætla að setjast niður í Kvenfélagshúsinu á Hólmavík klukkan tvö í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Rökin eru að hreindýr gætu borið með sér sauðfjársjúkdóma. Það stendur ekkert að baki þessum fullyrðingum.
>
> **SIGMAR B. HAUKSSON**
> FYRRVERANDI FORMAÐUR SKOTVÍSS

Heppin hjón á Akureyri:

Ætla að greiða upp skuldirnar

FÓLK Það voru pollrólegir en mjög ánægðir vinningshafar sem mættu til Getspár í gærmorgun. Húsbóndinn hafði keypt fimm raða Víkingalottómiða í Olís á Akureyri og vann stærsta happdrættisvinning sem hefur unnist á Íslandi. Hjónin unnu tæplega 108 milljónir og ákváðu þegar að leyfa börnunum sínum að njóta góðs af vinningnum.

Börnin, sem öll eru uppkomin, fá því hluta vinningsins og treysta þar með fjárhag sinn verulega og ætluðu varla að trúa foreldrum sínum er þau sögðu þeim frá vinningnum góða og að þau fengju að njóta hluta hans með þeim, að því er segir í tilkynningu frá Íslenskri getspá.

Hjónin ætla að borga niður sínar skuldir auk þess að hjálpa börnunum. Þau sögðu að besta hugsunin væri að vera skuldlaus.

Ný tillaga ESB:

Svíar óttast um munntóbakið

SVÍÞJÓÐ Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, ESB, leggi fram tillögu í haust um bann við bragðefnum í tóbaki. Um er að ræða efni sem samkvæmt munntóbaksframleiðandanum Swedish Match eru nauðsynleg fyrir munntóbakið, að því er sænskir fjölmiðlar greina frá.

Heilbrigðisráðherra Svíþjóðar, Maria Larsson, segir að nikótínmagnið hafi verið minnkað í sænska munntóbakinu og bragðefnin sett í staðinn.

Haft er eftir ráðherranum að sænsk stjórnvöld muni berjast gegn öllum tillögum sem ógna sænska munntóbakinu. **- ibs**

Meðferðardeildin á Stuðlum lokar í mánuð í sumar vegna hagræðinga og fría:

Neyðarvistunum gæti fjölgað

HEILBRIGÐISMÁL Meðferðardeildin á Stuðlum verður lokuð allan júlí vegna sumarleyfis starfsfólks. Er þetta í fyrsta sinn sem þetta er gert og var ákvörðunin tekin til að hagræða og bæta meðferðina.

Þórarinn V. Hjaltason, forstöðumaður á Stuðlum, segir stefnt að því að ljúka meðferð barnanna á eðlilegum tíma. Eina hugsanlega áhyggjuefnið sé að börnum í neyðarvistun muni fjölga á meðan, en sú deild verður áfram opin. „En við bregðumst bara við því ef til þess kemur," segir hann. „Þetta er í fyrsta sinn sem þetta er gert og við munum bara mæta því sem til kemur og endurskoða eftir þörfum."

Allar líkur verða á því að gott aðgengi verði að plássum á meðferðardeild Stuðla strax í ágúst þrátt fyrir mánaðarlokun.

STUÐLAR Forstöðumaður Stuðla segir mögulegt að neyðarvistunum fjölgi á meðan á lokun stendur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Það gefur augaleið að almenn meðferð minnkar á meðan á lokuninni stendur, en undanfarin ár hefur dregið verulega úr starfseminni á sumrin þó deildin sé opin," segir Þórarinn.

Undanfarin ár hefur sú leið verið farin að fækka börnum yfir sumarið og mæta leyfum starfsfólks með afleysingarfólki. Þá hefur nýting meðferðardeildar verið slök fram að hausti, er segir í tilkynningu frá Barnaverndarstofu. **- sv**

husa.is

TAX FREE

SUMARFJÖR Í SKÚTUVOGINUM
Allir krakkar fá ís í formi!
Pizza og kók fyrir alla frá kl. 13-15 í dag

WEBER GRILL OG AUTHOR REIÐHJÓL*

BLÁI NAGLINN

HÚSASMIÐJAN ER BAKHJARL BLÁA NAGLANS. SÝNDU STUÐNING Í VERKI.

AUTHOR

weber

Orkidea **1.299 kr.**

2 fyrir 1

Sýpris 100 sm **1.499 kr.**

15 stk. túlípanar **1.499 kr.**

SUMAR TILBOÐ!

blómaval

LÆGSTA LÁGA VERÐ

*Tax free gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma. Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

DYNAMO REYKJAVÍK

GENGIÐ 20.04.2012

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	126,00	126,60
Sterlingspund	203,06	204,04
Evra	166,25	167,19
Dönsk króna	22,346	22,476
Norsk króna	22,041	22,171
Sænsk króna	18,809	18,919
Japanskt jen	1,5408	1,5498
SDR	194,60	195,76

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 228,5814

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarformaður Sorpu harmar áform um að færa endurvinnslu drykkjarumbúða í sérstakar móttökustöðvar:

Yrði mikil þjónustuskerðing við neytendur

ENDURVINNSLA Áform Endurvinnslunnar um að hætta samstarfi við Sorpu um móttöku á endurvinnanlegum drykkjarumbúðum myndu skerða þjónustu við neytendur og gengju gegn hugmyndum um að draga úr notkun á einkabílum, segir Oddný Sturludóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og stjórnarformaður Sorpu.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær telja forsvarsmenn Endurvinnslunnar að fyrirtækið tapi tugum milljóna króna á ári vegna þess að neytendur komist upp með að oftelja fjölda umbúða sem skilað er til Sorpu.

„Að fækka móttökustöðvum úr sjö í þrjá yrði ofboðsleg þjónustuskerðing," segir Oddný. Hún vonast til þess að Endurvinnslan endurskoði ákvörðun sína um að slíta samstarfi sínu við Sorpu.

Endurvinnsla á dósum og flöskum er gjarnan það sem dregur fólk á stöðvar Sorpu, en þá notar það gjarnan ferðina til að fara með fleira sem hefur safnast upp, segir Oddný. Hún óttast að verði af þessari breytingu geti það dregið úr endurvinnslu.

Hætti Sorpa að taka á móti dósum og flöskum mun það hafa neikvæð áhrif á fjárhag fyrirtækisins, segir Oddný. Þá minnki einnig þörf fyrir starfsmenn, enda móttaka umbúðanna atvinnuskapandi.

Spurð hvort Sorpa geti brugðist við umkvörtunum Endurvinnslunnar um oftalningu umbúða segir Oddný að eflaust sé hægt að finna leiðir til að bregðast við því. Hvað sem því líði sé ákvörðun stjórnenda Endurvinnslunnar afar óheppileg og mikil afturför í þjónustu við íbúa höfuðborgarsvæðisins. **- bj**

TÆKNIVÆÐING Móttökustöð Endurvinnslunnar við Knarrarvog gæti orðið fyrirmynd annarra endurvinnslustöðva verði samstarfi við Sorpu slitið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

LJÓT FÖR Um helgina verður sérstök gæsla í Hornstrandafriðlandinu og vélsleðafólki vísað frá. MYND/UMHVERFISSTOFNUN

Sums staðar má ekki keyra:

Land er víða viðkvæmt núna

UMHVERFISMÁL Umhverfisstofnun minnir á að frost er nú víða farið úr jörð og landið viðkvæmt fyrir utanvegaakstri, jafnvel þó snjóhula liggi yfir.

Á vef stofnunarinnar eru ferðamenn beðnir að hafa sérstaka gát á þessu. „Jafnframt bendir stofnunin á að ýmis svæði eru lokuð fyrir alla umferð vélknúinna farartækja, þar með vélsleða, svo sem Hornstrandafriðlandið," segir þar. Þá eru einnig svæði á borð við Þjórsárver þar sem tímabundið er lokað fyrir alla umferð. „Á tímabilinu 1. maí til 10. júní er öll umferð um varplönd heiðargæsa bönnuð." **- óká**

HALDIÐ TIL HAGA

Niðurlag greinar Almars Guðmundssonar og Margrétar Guðmundsdóttur, Verðbólgan og meint auðsöfnun innflytjenda erlendis, sem birtist í blaðinu í gær vantaði. Einnig vantaði skýringarmynd sem átti að fylgja greininni. Greinina má lesa í fullri lengd með skýringarmynd á Vísi. Beðist er velvirðingar á þessu.

Á síðu 4 í Fréttablaðinu á fimmtudag birtist frétt með fyrirsögninni „Sérstakur saksóknari fær gögn frá Lúxemborg um Aurum". Að gefnu tilefni er rétt að árétta að fyrirtækið sem vísað er til í fyrirsögninni er hið breska Aurum Holding, ekki íslenska skartgripafyrirtækið Aurum ehf. Hið síðarnefnda tengist ekki rannsókn sérstaks saksóknara með nokkrum hætti.

Reiknar útgerðinni 70% af 75 milljarða hagnaði 2011

Sjávarútvegsfyrirtæki halda eftir 53,5 milljörðum af hagnaði ársins 2011 samkvæmt útreikningum ráðuneytisins. Ríkið fær tæp 30% eða 21,5 milljarða. Gengur þvert á útreikninga banka og endurskoðunarfyrirtækis.

SJÁVARÚTVEGUR Útreikningar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins á áhrifum frumvarps um veiðigjald fyrir árið 2011, sýna að útgerðin í landinu myndi halda eftir rúmlega 53 milljörðum króna í hagnað fyrir skatta og eftir greiðslur veiðigjalds til ríkisins. Veiðigjald útgerðarinnar til ríkisins myndi nema 21,5 milljörðum króna. Skipting hagnaðar er því 70/30 útgerðinni í vil.

Þessi niðurstaða byggir á spá sérfræðinga ráðuneytisins fyrir afkomu sjávarútvegsins fyrir árið 2011 og kemur fram í minnisblaði til atvinnuveganefndar Alþingis. Spáin um afkomu greinarinnar, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, er talin frekar nærfærin.

Þessi niðurstaða gengur þvert á útreikninga endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte, Íslandsbanka og Landsbankans um gjaldtökuna og áhrif hennar.

Eins og komið hefur fram er niðurstaða Deloitte að ríkissjóður hefði tekið til sín 105% af hagnaði sjávarútvegsfyrirtækjanna á árunum 2001-2010.

Landsbankinn birti nýlega sína útreikninga þar sem koma fram miklar áhyggjur af þeim afleiðingum sem samþykkt frumvarpanna tveggja hefðu fyrir íslenskan sjávarútveg og samfélag. Gert er til dæmis ráð fyrir fjöldagjaldþrotum minni fyrirtækja. Íslandsbanki hafði fyrr birt kolsvarta spá um afleiðingar gjaldtökunnar.

Tilefni greiningar ráðuneytisins er ekki síst sú að svara gagnrýni sem fyrirtækin hafa sett fram á síðustu vikum. Ráðuneytið telur jafnframt að margir greiningaraðilar reikni til skuldir vegna hluta sem eru óskyldir rekstri útgerðanna, til að mynda vegna hlutabréfakaupa og annarra slíkra skulda. Því greini bankarnir ekki ástæður skuldsetningar og við þetta gerir ráðuneytið athugasemdir.

Heimildir Fréttablaðsins greina frá að sérfræðingar ráðuneytisins telji sig hafa sýnt fram á að greinin haldi síst minna eftir af hagnaði sínum en á undanförnum árum. Því er ljóst að himinn og haf skilur á milli í útreikningum, allt eftir því hver heldur á reiknistokknum. svavar@frettabladid.is

Á LOÐNUVEIÐUM Arðsemi veiða og vinnslu sjávarútvegsins er með ágætum um þessar mundir. Myndin tengist fréttinni ekki með beinum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Sjávarútvegur 2011: Dæmi um veiðigjald

- Dæmið gerir ráð fyrir að tekjur af veiðum og vinnslu sjávarútvegsins verði um 250 milljarðar króna en rekstrargjöld verði 175 milljarðar. Því er svokallaður EBITHA (hagnaður fyrir greiðslu fjármagnskostnaðar) 75 milljarðar króna.
- Að tilliti teknu til árgreiðslu (sem er dregin frá vergri hlutdeild hagnaðar til þess að fyrirtækin fái fyrst að halda eftir eðlilegum arði af framleiðslutækjum áður en byrjað er að leggja á auðlindagjald) situr eftir auðlindarenta sem er talin verða 45 milljarðar og myndar gjaldstofn veiðigjaldsins. Ráðuneytið reiknar með 6% vaxtakostnaði útgerðarinnar af skuldum eða 20,4 milljörðum.

Veiðigjöld, sérstakt veiðigjald og almennt, af 45 milljörðum reiknast 21,5 milljarðar, og þar af væri sérstaka veiðigjaldið 17,5 milljarðar nettó.

- Útgerðin heldur eftir 53,5 milljörðum til að standa straum af fjármagnskostnaði sínum og til þess að greiða hluthöfum fyrirtækjanna arð.

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

BJARTIR DAGAR eru framundan og þá sérstaklega sunnan- og vestanlands þó allir landshlutar fái einhvern skerf af sólskini. Hitastigið verður víða á bilinu 1 til 10 stig, hlýjast á Suðvesturlandi. Það má því að segja að sumarið byrji ágætlega þetta árið.



Á MORGUN Strekkingur með SA-strönd annars hægari.

MÁNUDAGUR Strekkingur með SA-strönd annars hægari.

HEIMURINN

Alicante	21°
Basel	18°
Berlín	16°
Billund	13°
Frankfurt	12°
Friedrichshafen	12°
Gautaborg	12°
Kaupmannahöfn	12°
Las Palmas	21°
London	13°
Mallorca	21°
New York	21°
Orlando	27°
Ósló	8°
París	12°
San Francisco	24°
Stokkhólmur	9°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



nýtt á Íslandi

ananas jarðarberjaplöntur

pineberries

ný sending

Spennandi kryddjurtir

Ávaxta- berja- og kryddplöntuveislan

Allt fyrir garðatilektina

fullt af góðum tilboðum

tilboð

illgresiseyðir

tilboð

30% afsláttur

Góð ráð Garðheima

Ávaxtatré þurfa skjólgóðan, sólríkan stað. Blandið lífrænum efnum og etv.sandi í jarðveg. Svolitið upphækkað beð og plantan efst. Vökvið vel þar til plantan hefur rótfest sig.

Spjallþáttur á gardheimar.is: Sérfræðingar og áhugafólk á vegum Garðheima skrifa pistla og svara spurningum þínum.

GARÐHEIMAR

ÍSLENSKA FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKIÐ

Góð ráðgjöf á www.gardheimar.is | Opið til kl. 21:00 öll kvöld

KJÖRKASSINN



Fylgist þú með fréttaflutningi af réttarhöldunum yfir fjöldamorðingjanum Anders Behring Breivik?

JÁ	36,7%
NEI	63,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ferð þú með dósir og flöskur í endurvinnslu?

Segðu þína skoðun á Vísir.is.

VÍSIR

Marine Stewardship Council vottar allar afurðir úr þorski og ýsu við Ísland:

Icelandic fær sjálfbærnivottun

SJÁVARÚTVEGUR Icelandic Group hefur fengið vottun Marine Stewardship Council (MSC) fyrir allar afurðir úr þorski og ýsu frá Íslandi. Í kjölfarið mun allur þorsk- og ýsuafli af Íslandsmiðum fá heimild til að bera vottunarmerki MSC.

Um er að ræða 177.000 tonn af þorski og 45 þúsund tonn af ýsu á yfirstandandi fiskveiðiári. Icelandic Group hefur þá ákveðið að bjóða öðrum útflytjendum og framleiðendum sjávarafurða aðild að vottuninni til að nýta á eigin afurðir, en þegar hafa nokkrir útflytjendur óskað eftir aðild eins og kemur fram í fréttatilkynningu.

Ástæðan fyrir því að Icelandic Group hafði frumkvæði að MSC vottun voru kröfur lykilviðskiptavina á mikilvægum mörkuðum, segir forstjóri fyrirtækisins, Lárus Ásgeirsson, og að niðurstöður vottunar MSC hafi því mikla þýðingu fyrir félagið og aðra sem kjósa að nýta sér hana.

Icelandic Group er einnig stofnaðili að Iceland Responsible Fisheries vottunarkerfinu sem staðfestir uppruna fisks sem veiddur er í íslenskri lögsögu undir ábyrgri fiskveiðistefnu. Hins vegar hafa íslenskir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi löngum gagnrýnt MSC vottunina harðlega og er alls enginn samhljómur innan greinarinnar um ágæti MSC-vottunarinnar. Þar hefur Landssamband íslenskra útvegsmanna farið fremst í flokki.

- shá

Birnir sluppu úr dýragarði:

Réðust á tvær konur og drápu

JAPAN Birnir sem sluppu úr búrum sínum í dýragarði í Japan hafa drepið tvær konur í Akita-héraði. Um fjörutíu dýr eru í garðinum og eru flest þeirra birnir.

Óljóst er hve margir sluppu út en veiðimenn skutu nokkra birni í gær. Konurnar tvær sem fundust látnar eru taldar vera starfsmenn í garðinum. Garðurinn er lokaður yfir vetrartímann og nú liggur snjór yfir öllu svæðinu.

Íbúum í nærliggjandi bæjum hefur verið skipað að halda sig innandyra.

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

Aðalfundur Íslandsstofu
verður haldinn föstudaginn
27. apríl á Grand Hótel kl. 11-13

DAGSKRÁ

Setning fundar
Friðrik Pálsson, formaður stjórnar

Ávarp utanríkisráðherra
Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra

Litið yfir árið
Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri

Þrautseigja lítilla þjóða
David Gardner, ritstjóri alþjóðamálefna hjá Financial Times

Fundarstjóri er **Vilborg Einarsdóttir**, framkvæmdastjóri Mentors og fulltrúi í stjórn Íslandsstofu

Að loknum framsöguerindum kl. 12.30 verður boðið upp á veitingar.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku í síma **511 4000**, eða með tölvupósti á **islandsstofa@islandsstofa.is**

www.islandsstofa.is

Sex samningar við Kínverja undirritaðir

Wen Jiabo, forsætisráðherra Kína, kom til landsins í gær. Íslenskir og kínverskir ráðamenn funduðu í Þjóðmenningarhúsinu. Að loknum fundi var skrifað undir sex samninga, meðal annars um norðurslóðir og uppbyggingu kísilmálmsmiðju.

UTANRÍKISMÁL Sex samningar og samkomulög voru undirrituð að loknum fundi íslenskra og kínverskra stjórnvalda í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Meðal annars skrifuðu íslenska ríkið og kínverska fyrirtækið BlueStar undir viljayfirlýsingu um byggingu allt að 65 þúsund tonna kísilmálmvinnslu.

Viðskipti og málefni Norðurslóða voru meðal helstu umræðuefna í opinberri heimsókn Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, til Íslands, en hann kom til landsins í gær. Ísland er fyrsti áfangastaður Wen á ferð hans um Evrópu. Næst er ferð hans heitið til Þýskalands, þá Svíþjóðar og loks til Póllands.

Fjölmargir ráðherrar fylgdu Wen hingað til lands, en Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hitti meðal annars Chen Deming, viðskiptaráðherra Kína, á fundi þar sem ræddar voru yfirstandandi fríverslunarviðræður Íslands og Kína. Þá barst talið að auknum viðskiptum milli landanna síðustu ár, en útflutningur íslenskra fyrirtækja til Kína jókst um tæp 60 prósent milli áranna 2010 og 2011.

Auk viljayfirlýsingar um kísilmálmsmiðju undirrituðu framkvæmdastjóri Íslandsstofu og forstjóri Þróunarbanka Kína samkomulag um ráðgjöf við fjárfestingar. Þá skrifuðu fyrirtækin Orka Energy Holding ehf. og China Petrochemical Corporation undir samstarfsyfirlýsingu um jarðvarmanýtingu til húshitunar og raforkuframleiðslu.

TEKIÐ Á MÓTI RÁÐHERRA Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, og Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, voru meðal þeirra sem tóku á móti kínverska forsætisráðherranum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þá var einnig rætt um málefni norðurslóða og fagnaði kínverski ráðherrann frekari viðræðum við Ísland um málið. Utanríkisráðherrar beggja ríkjanna undirrituðu rammasamning um norðurslóðasamstarf. Þá skrifuðu utanríkisráðherra Íslands og ráðherra hafmála í Kína samkomulag um aukið samstarf á sviði sjávar- og norðurslóðarannsókna. Þriðja undirritun Össurs Skarphéðinssonar utanríkisráðherra var samkomulag um jarðhitasamstarf í þróunarríkjum, sem ráðherra auðlinda- og landnýtingar í Kína skrifaði einnig undir.

Þá fundaði Wen Jiabo með Ólafi Ragnari Grímssyni forseta Íslands í gærkvöldi. Ræddu þeir að sögn jarðvarmanýtingu, norðurslóðir og mannréttindamál.

Heimsókn Wen er fyrsta opinbera heimsókn starfandi kínversks forsætisráðherra hingað til lands. Wen hrósaði Íslandi fyrir árangur sinn í uppbyggingu eftir hrunið og bauð forsætisráðherra landsins í opinbera heimsókn við fyrsta tækifæri.

thorgils@frettabladid.is
thorunn@frettabladid.is

Mannréttindasamtökin Amnesty International skora á forsætisráðherra:

Mótmæla mannréttindabrotum

MÓTMÆLI Nokkur fjöldi mótmælenda kom saman við Hörpu í gær vegna komu Wen Jiabo, forsætisráðherra Kína. Wen snæddi þar kvöldverð með íslenskum ráðamönnum í gær.

Vinir Tíbets og Íslandsdeild Amnesty International voru meðal þeirra sem hvöttu fólk til mótmæla í gær. Íslandsdeild Amnesty skoraði á Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra að mótmæla mannréttindabrotum í Kína á fundi ínum með Wen. Þá fóru þau líka fram á að Jóhanna ræddi afstöðu Kínverja til alþjóðasamnings um vopnaviðskipti, sem nú er unnið að á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

„Samtökin hafa nokkrar áhyggjur af afstöðu kínverskra stjórnvalda til samningsins, en þau hafa m.a. lagst gegn því að samningurinn byggi á alþjóðlegum mannréttinda- og mannúðarlögum“, segir í bréfi Amnesty til forsætisráðherra.

Þar eru einnig tíundaðar áhyggjur Amnesty af dauðarefsingum í Kína sem og meðferð á föngum og andófsfólki frá Xinjiang Uighur og Tíbet. Loks er því haldið til haga að samtökin hafi ítrekað beðið um að kínversk stjórnvöld láti fara fram óháða rannsókn á atburðunum á Torgi hins himneska friðar árið 1989.

MÓTMÆLT Vinir Tíbets og Amnesty International voru meðal þeirra sem mótmæltu fyrir utan Hörpu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

- þj / - þeb

TAX FREE DAGAR

Fatnaður á alla fjölskylduna!

Dagana 20. - 23. apríl
afnemum við VSK af
ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-, herra
og barnafatnað, undirföt,
sokka og sokkabuxur án
virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út mánudaginn 23. apríl 2012.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað heitir forsetaframbjóðandi Sósíalistaflokksins í Frakklandi?*
2. *Hvaða hugleiðslu- og sjálfsræktarkerfi hefur verið þyrnir í augum kínverskra stjórnvalda?*
3. *Hvernig er útbreiðsla lúpínu greind hér á landi?*

SVÖR

1. François Hollande. 2. Falun Gong. 3. Skoðaðar eru gervitunglamyndir

Greiningardeild Arion banka hefur gefið út skýrslu um aðskilnað viðskipta- og fjárfestingabankastarfsemi:

Mæla gegn aðskilnaði á bankastarfsemi

EFNAHAGSMÁL Aðskilnaður viðskipta- og fjárfestingabankastarfsemi á Íslandi myndi fela í sér umtalsverðan kostnað fyrir lántakendur og fjármagnseigendur. Þetta er mat greiningardeildar Arion banka sem gefið hefur út skýrslu um þá hugmynd að aðskilja viðskipta- og fjárfestingabanka.

Fréttablaðið greindi frá því 19. mars síðastliðinn að full samstaða hefði skapast um það á Alþingi að aðskilja viðskipta- og fjárfestingabankastarfsemi með lögum. Í greinargerð sem fylgir þingsályktunartillögu um slíka aðgerð segir að innlán viðskiptabanka, sem hafa bakábyrgð frá ríkinu, hafi í aðdraganda bankahrunsins verið notuð í glæfralegar og jafnvel óarðbærar fjárfestingar, meðal annars í fyrirtækjum nátengdum viðkomandi fjármálastofnunum. Vegna þeirrar sérstöku tryggingar sem innlán njóti sé rík ástæða til að aðskilja hefðbundna bankastarfsemi frá áhættusækinni fjárfestingarstarfsemi.

Svipuð umræða hefur átt sér í stað í flestum nágrannaríkjum Íslands en skýrsluhöfundar benda á að stærð íslenska bankakerfisins skeri sig ekki lengur úr í alþjóðlegum samanburði auk þess sem fjárfestingabankastarfsemi íslensku bankanna sé afar lítil. Því sé vandséð að aðskilnaður sé aðkallandi eins og sakir standa þótt innlendur fjármálamarkaður geti vissulega breyst.

BANKARNIR Samstaða er um það á Alþingi að banna viðskiptabönkum að stunda fjárfestingarbankastarfsemi.

Skýrsluhöfundar leggja því til að vilji stjórnvöld gera bankastarfsemi öruggari sé skynsamlegra að hækka lágmarkseiginfjárkröfur íslenskra banka, horfa í auknum mæli á gæði eiginfjár og lausafjárstöðu bankanna og setja reglur um hámarksvogun. Þá mætti skoða að takmarka erlenda starfsemi sem og eigin fjárfestingar banka. **- mþl**

SÉÐ OFAN Í EYJAFJÖRÐ Leiðin um Víkurskarð er fögur og hefur ferðafólk gaman af því að aka hana í góðu veðri, þótt hún geti verið torfær í hálku og vondum veðrum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Flokkast ekki sem einka-framkvæmd

Frumvarp um heimild til að fjármagna gerð Vaðlaheiðarganga er á dagskrá Alþingis á þriðjudag. Málið vék fyrir öðrum fyrir helgi. Frumvarpið er umdeilt og vafi á hvort göngin falli í flokk einkaframkvæmda.

FRÉTTASKÝRING

Hver ber áhættuna vegna gerðar Vaðlaheiðarganga?

Að mati Ríkisábyrgðarsjóðs getur gerð Vaðlaheiðarganga eins og hún er fram sett í frumvarpi fjármálaráðherra ekki talist vera einkaframkvæmd. Það verklag er þó forsenda þess að fara í framkvæmdina utan vegáætlunar Vegagerðarinnar og óháð öðrum vegaframkvæmdum.

Samkvæmt framsettri dagskrá þingfunda á Alþingi átti að ræða Vaðlaheiðargöng síðasta þriðjudag, en málið komst ekki á dagskrá. Sama gerðist svo á miðvikudag. „Málið fer ekki á dagskrá fyrr en eftir helgi og fyrsti þingdagur eftir helgi er á þriðjudag. Mánudagurinn er þingflokksfundardagur samkvæmt starfsáætlun þingsins," segir í svari Ragnheiðar Ríkharðsdóttur, fyrsta varaforseta Alþingis, við fyrirspurn blaðsins.

Búast má við fjörugum umræðum um málið á Alþingi enda hefur víða komið fram hörð gagnrýni á þá leið sem til stendur að fara. Hefur því verið haldið fram að þótt framkvæmdin beri yfirbragð einkaframkvæmdar sé í raun um ríkisframkvæmd að ræða, enda beri ríkið í raun alla ábyrgð á verkinu og þurfi líklega að standa undir fjármögnun þess.

Þá hafa forsvarsmenn byggðarlaga þar sem beðið er eftir vegbótum í formi jarðganga, líkt og á við um ný Norðfjarðargöng í Fjarðabyggð, talið eðlilegra í ljósi aðstæðna að Vaðlaheiðargöng yrðu tekin inn á vegáætlun og færu þar í biðröð með öðrum framkvæmdum, í stað þess að vera skotið með þessum hætti fram fyrir röðina.

Þingmenn skipast fremur í flokka eftir kjördæmum í afstöðu sinni til málsins en eftir flokkslínum. Þannig er ekki einhugur um frumvarpið innan ríkisstjórnarflokkanna.

Telja verður líkur á að í umræðum um málið vegi þungt umsögn Ríkisábyrgðarsjóðs sem leggur til annað verklag en lagt er til í frumvarpinu. Sjóðurinn gengur raunar svo langt að segja framkvæmd Vaðlaheiðarganga ekki flokkast sem einkaframkvæmd. „Enda er gert ráð fyrir því að ríkissjóður taki á sig alla áhættu varðandi fjármögnun verkefnisins ásamt því að þurfa að treysta því að fjárfestar endurfjármagni án ríkisábyrgðar verkefnið að framkvæmdum loknum árið 2018."

Niðurstaða Ríkisábyrgðarsjóðs er að afar ólíklegt sé að unnt verði að endurfjármagna framkvæmdalán ganganna án ríkisábyrgðar og að vaxtastig að framkvæmdatíma loknum sé stórlega vanmetið. Líklegir vextir án ríkisábyrgðar, að viðbættu áhættuálagi, séu 6,8 til 7,3 prósent. Forsendur Vaðlaheiðarganga ehf. hljóða hins vegar upp á 3,7 prósent.

Eins kemur fram að fari vextir yfir 5,3 prósent þá séu 100 prósenta líkur á greiðslufalli Vaðlaheiðarganga. „Standi vilji Alþingis til þess að ríkið fjármagni gerð Vaðlaheiðarganga, þá telur Ríkisábyrgðarsjóður raunhæfara að ríkissjóður lágmarki áhættu sína með því að fjármagna langtímalánið á markaði áður en framkvæmdir hefjast," segir í niðurstöðu umsagnar sjóðsins og bent á að vaxtastig sé nú í sögulegu lágmarki. **olikr@frettabladid.is**

Þróunarsjóður EFTA

tækifæri til samstarfs

Íslandsstofa og utanríkisráðuneytið boða til kynningarfundar um tækifæri til samstarfs við þau 15 ríki í Suður- og Austur-Evrópu sem njóta styrkja frá Þróunarsjóði EFTA.

Fundurinn verður á Grand Hótel Reykjavík, mánudaginn 23. apríl kl. 13.

Framsögumenn frá sjóðnum eru:
- **Ragna Fidjestøl**, Senior Bilateral Coordinator
- **Pawel Krzeczunowicz**, Senior Policy Advisor
- **Óttar Freyr Gíslason**, Senior Sector Officer, Environment

Fundarstjóri er **Ágústa Ýr Þorbergsdóttir**

Að kynningarfundi loknum gefst kostur á stuttum fundum með starfsmönnum sjóðsins. Bókun funda og skráning þátttöku er hjá Íslandsstofu, **islandsstofa@islandsstofa.is** eða í síma **511 4000**

Nánari upplýsingar veita **Erna Björnsdóttir, erna@islandsstofa.is** og **Hermann Ottósson, hermann@islandsstofa.is**

Í því skyni að styrkja tengsl EFTA-ríkjanna við styrkþegaríkin, verða í hverju hinna 15 ríkja, starfræktir undirbúningssjóðir sem stuðla eiga að auknu samstarfi. Styrki úr þessum sjóðum má nýta til að sækja ráðstefnur, námskeið og fundi og til annars sem auðveldað getur fyrirtækjum og opinberum aðilum að koma á samstarfsverkefnum tengdum áherslusviðum sjóðsins. Nánar um sjóðinn á vefnum **www.eeagrants.org**

eea grants · enterprise europe network · ÍSLANDSSTOFA PROMOTE ICELAND

islandsstofa.is

THE AMAZING EVERYDAY
SKEMMTILEGRI EINFALDARI HRAÐARI



Hvítur Nokia Lumia 800 er kominn!

Windows Phone

NOKIA
LUMIA 800

Nýtt nám í ráðstefnutúlkun – góðir tekjumöguleikar

Haustið 2012 verður boðið upp á nýtt tveggja ára meistaranám í ráðstefnutúlkun við Hugvísindasvið.

- **Ráðstefnutúlkar starfa við túlkun á ráðstefnum og fundum um víða veröld. Starfið er vel launað því framboð af túlkum er miklu minna en eftirspurn.**
- **Góður ráðstefnutúlkur þarf að kunna móðurmálið, að minnsta kosti tvö erlend tungumál og búa yfir víðtækri almennri þekkingu.**

Forkröfur í námið: Háskólagráða á grunnstigi, BA- eða BS-gráða með 1. einkunn (7,25+). Sýna þarf fram á kunnáttu í tveimur erlendum tungumálum og einnig fara fram hæfnispróf í byrjun maí.

Fyrsti hluti hæfnisprófa fer fram miðvikudaginn 2. maí nk. og felst í þremur verkefnum: Tveimur stuttum þýðingum úr erlendum málum (300 orð hvor) og krossaprófi í málskilningi á íslensku. Umsókn um námið er jafnframt skráning í prófin. **Prófin fara fram í Aðalbyggingu HÍ frá kl. 10–14.**

Þeir sem standast skriflegu prófin taka munnleg próf 3. maí þar sem þeir fá tækifæri til að spreyta sig á örstuttum ræðum.

Umsækjendur sendi umsóknir til Marion Lerner, marion@hi.is. Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl.

Upplýsingar um námið má finna í kennsluskrá á vef Háskóla Íslands.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPARTBWA SÍA - 121260

HUANG NUBO Eftir að kínverska fjárfestinum var neitað um undanþágu á kaupum á Grímsstöðum er nú unnið að því að finna leiðir til að leigja honum jörðina til langs tíma.

Ívilnananefndin lýkur vinnu á næstu dögum:

Umsóknarferli Nubos á lokametrunum

VIÐSKIPTI Umsóknarferli kínverska fjárfestisins Huangs Nubos til að leigja Grímsstaði á Fjöllum er nú á lokastigi. Talið er að niðurstöðu sé að vænta á næstu vikum.

Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar var falið að vinna að útfærslu mögulegrar fjárfestingar Nubos. Framkvæmdastjóri félagsins, Þorleifur Lúðvík Sigurjónsson, segir vinnuna hafa verið unna í samræmi við lög, heföir og fordæmi og án áhættu fyrir sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila.

„Þetta var unnið í mikilli sátt og er í mjög góðum farvegi," segir hann. „Við vonumst til að klára málið endanlega á næstu vikum."

Niðurstöðurnar hafa nú verið kynntar sveitarstjórnum og eru þar til umræðu þar sem meðal annars er verið að íhuga kaup á jörðinni.

Eftir að Nubo var synjað um undanþágu á kaupum á Grímsstöðum fór af stað vinna til að gera honum kleift að leigja landið af sveitarfélögum og ríkinu til langs tíma.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir engan hafa gert honum grein fyrir viðræðum af neinu tagi, hvorki af hálfu sveitarfélaganna né annars staðar innan stjórnsýslunnar.

„Mér er hins vegar kunnugt um að sveitarfélögin hafi átt í viðræðum og þá hef ég sagt að ráðuneytið komi að málum á einhverju stigi vegna laga og ákvæða sem þar er að finna um fjárreiður sveitarfélaga. En fram til þessa hefur enginn haft neitt samband við okkur," segir Ögmundur.

Ívilnananefnd, skipuð fulltrúum úr iðnaðar-, fjármála- og viðskiptaráðuneyti, er nú á lokametrunum í skoðunum á umsóknum Nubos.

„Við erum búnir að kalla í tvígang eftir frekari upplýsingum frá umsækjanda. Málið gengur vel og niðurstöðu er að vænta á næstu dögum," segir Ingvi Már Pálsson, formaður ívilnananefndar. **- sv**

ORTLIEB WATERPROOF

5 YEARS GARANTIE JAHRE

Back Roller classic:
23.900,- (parið)

Front Roller classic:
19.900,- (parið)

Back Roller city:
17.900,- (parið)

Bike Shopper:
15.600,-

Ultimate 5
stýristaska: 14.900,-

Down Town: 24.900,-

Messenger Bag:
20.900,-

Sölustaðir:
Ellingsen Reykjavík og Akureyri
Kría Hólmaslóð 4 Reykjavík
Útilíf Holtagörðum Reykjavík

Hirzlan
Smiðsbúð 6 Garðabæ sími 564 5040
www.hirzlan.com

SVEINN PÁLSSON

FRUMKVÖÐULL OG FRÆÐIMAÐUR

Boðað er til málþings í tilefni 250 ára fæðingarafmælis Sveins Pálssonar 24. apríl 2012 kl. 15–17 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, sal 132.

Sveinn var annálaður fræðimaður, rithöfundur, læknir og ferðagarpur sem var frumkvöðull í rannsóknum á náttúru landsins og þá sérstaklega jöklunum. Hann er talinn meðal fyrstu Íslendinganna sem vöktu athygli á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, og var dagur umhverfisins því tileinkaður honum.

Aðgangur er ókeypis.

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

DAGSKRÁ

Ávarp umhverfisráðherra

Upplýsingarmaðurinn Sveinn Pálsson
- *Steinunn Inga Óttarsdóttir*

Læknirinn Sveinn Pálsson
- *Ólafur Jónsson*

Náttúrufræðingurinn Sveinn Pálsson
- *Oddur Sigurðsson*

Jöklafræðingurinn Sveinn Pálsson
- *Helgi Björnsson*

Landkönnuðurinn Sveinn Pálsson
- *Sveinn Runólfsson*

Fundarstjóri er Elín Einarsdóttir, oddviti Mýrdalshrepps

POKAHORNID

BÍLAKAFFI

RENNDU VIÐ HJÁ OKKUR Á LAUGARDAGSRÚNTINUM Í DAG

LAND ROVER · SUBARU · BMW · HYUNDAI · ISUZU D-MAX · OPEL · NISSAN · RENAULT

HVAÐ FÆST FYRIR GAMLA BÍLINN?

Við tökum að sjálfsögðu notaða bílinn sem greiðslu upp í nýjan og á laugardögum er tilvalið að fá upplýsingar hjá sölumönnum um hvernig það getur litið út.

Hyundai ix35

5 ÁRA ÁBYRGÐ

ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai i30

5 ÁRA ÁBYRGÐ

ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

RENAULT MEGANE SPORT TOURER

3,7 L/100 KM M.V. LANGKEYRSLU **SJÁLFSKIPTUR**

FJÖLSKYLDUBÍLL SEM FER HRINGINN Á EINUM TANKI!

DÍSIL **1428 km*** *Miðað við blandaðan akstur

FRÍTT Í STÆÐI FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

KAFFI OG MEÐLÆTI

Á laugardögum er skemmtilegt að kíkja í heimsókn, skoða bíla og fá að reynsluaka þeim nýjustu í salnum. Verið velkomin til okkar við tökum vel á móti ykkur með kaffi og meðlæti.

NÝR QASHQAI DÍSIL dCi

Ný dísilvél eyðir aðeins frá **4,6 l/100 km** sem er með því allra lægsta sem þekkist í fjórhjóladrifnum sportjeppum.

TAKA FERSKIR Á MÓTI ÞÉR!

Sölumenn okkar hafa alltaf tíma til að setjast niður með þér yfir rjúkandi bolla. Líttu inn í kaffi, spjall og reynsluakstur. Við tökum höfðinglega á móti þér.

BL

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533

BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

ENNEMM / SÍA / NM51944

Réttarhöldin yfir Anders Behring Breivik

Þótti erfitt að drepa fyrsta fórnarlambið

Anders Behring Breivik lýsti í gær morðum sínum í Útey fyrir rétti í Ósló. Mikinn óhug setti að viðstöddum þegar hann lýsti því í smáatriðum hvernig hann myrti ungmenni sem grátbáðu hann að þyrma sér.

NOREGUR Óhug setti að viðstöddum í réttarsal í Ósló í gær þegar Anders Behring Breivik lýsti því hvernig hann skaut 69 manns til bana í Útey síðastliðið sumar. Hann ætlaði sér að drepa alla þá 600 sem voru á eyjunni.

„„Þið deyið í dag marxistar," æpti ég," lýsti Breivik fyrir réttinum í gær, á fimmta degi réttarhaldanna yfir honum. Ætlunin var að ljúka yfirheyrslum yfir honum í gær, en það tókst ekki og verður því haldið áfram eftir helgi. Hann gaf vitnisburð um alla atburðarrásina í Útey í gær.

Breivik segist ekki muna eftir stórum hluta þess tíma sem hann eyddi í Útey þann 22. júlí. Hann gat þó lýst sumum morðanna í miklum smáatriðum. Hann sagði til dæmis frá því þegar hann fór inn í matstofu þar sem hann drap fjölda ungmenna. Sum þeirra voru sem lömuð og hreyfðu sig ekki jafnvel þótt Breivik þyrfti að gera hlé á skothríðinni til þess að hlaða byssur sínar. Sum þóttust vera látin, en hann sagðist hafa skotið þau líka. Hann sagðist hafa undrast viðbrögð þeirra sem stóðu stjarfir meðan hann athafnaði sig. Viðbrögðin hafi komið honum á óvart, þau hafi ekki verið eins og hann hafi séð í sjónvarpi. „Fólk grátbað mig um að þyrma lífi sínu. Ég skaut það bara í höfuðið."

> Það voru hundrað raddir í höfðinu á mér sem sögðu „ekki gera það, ekki gera það".
>
> **ANDERS BEHRING BREIVIK**
> FJÖLDAMORÐINGI

Hann hélt svo áfram för sinni um eyjuna og lokkaði unglinga úr felum með því að segja þeim að hann væri kominn til að gæta öryggis þeirra. Þá skaut hann eins og hann gat.

Þá sagði Breivik frá því að hann hafi átt mjög erfitt með að skjóta fyrstu manneskjuna til bana. „Það voru hundrað raddir í höfðinu á mér sem sögðu „ekki gera það, ekki gera það"," sagði hann. Eftir

BREIVIK Í RÉTTARSALNUM Anders Behring Breivik hélt áfram vitnisburði sínum í gær og lýsti fyrir viðstöddum morðunum í Útey með nákvæmum hætti. NORDICPHOTOS/AFP

„Ég nota mínar Aukakrónur í bensín"

Næstum 30 þúsund manns nota Aukakrónur til að kaupa allt frá matvælum til trygginga hjá tæplega 300 fyrirtækjum um land allt. Byrjaðu að safna Aukakrónum strax í dag.

Mánudagur » ÓB



Þriðjudagur » Jói Útherji

Miðvikudagur

Fylgdist grannt með al-Kaída

Breivik sagði frá því fyrir réttinum í gær að hann hafi frá árinu 2006 fylgst náið með hryðjuverkasamtökum, allt frá IRA til al-Kaída. Þá greindi hann frá því að hann hafi lesið yfir 600 leiðbeiningarrit um sprengjugerð. „Ég hef rannsakað allar aðgerðir þeirra, hvað þau hafa gert vitlaust, hvað þau hafa gert rétt. Við viljum skapa evrópska útgáfu af al-Kaída," sagði hann, en þau samtök segir hann vera best heppnuð. Al-Kaída ætti að vera hægri öfgamönnum innblástur, jafnvel þótt markmiðin séu ólík.

Vakti mikinn óhug viðstaddra

Fjöldamorðinginn sýndi engin viðbrögð þegar hann lýsti verkum sínum í gær, en það gerðu flestir aðrir viðstaddir. Áður en hann hóf að lýsa atburðunum varaði hann viðstadda við og ráðlagði fólki að yfirgefa réttarsalinn. Það gerði enginn. Eftirlifendur og aðstandendur fórnarlamba hans voru í salnum og grétu margir þegar vitnisburðurinn fór fram. Deginum var lýst sem þeim allra versta í réttarhöldunum hingað til.

að hann hafði skotið fyrsta skotinu varð auðveldara að halda áfram, að hans sögn. Fyrstu tvö fórnarlömb hans í Útey voru Monica Bøsei, sem sá um búðirnar í eyjunni, og lögreglumaðurinn Trond Berntsen, sem sinnti öryggisgæslu í eyjunni í frítíma sínum.

Breivik hélt því jafnframt fram í gær að undir venjulegum kringumstæðum væri hann mjög indæl manneskja, og þætti vænt um fólk í kringum sig. Hann hefði frá árinu 2006 undirbúið sig undir morð og því reynt að loka á tilfinningar sínar. Hann sagði að ef hann hugsaði og reyndi að ná utan um það sem hann gerði myndi hann brotna niður andlega, og því gerði hann það ekki.

Hann sagðist telja að norskir fjölmiðlar hefðu ekki fjallað með sanngjörnum hætti um norska Framfaraflokkinn og innflytjendastefnu hans fyrir þingkosningar 2009. Hann kenndi bæði norskum og evrópskum fjölmiðlum um voðaverk sín og sagði þá ritskoða öfgaþjóðernissinna eins og hann. **thorunn@frettabladid.is**

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga

Ársfundur 2012

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga verður haldinn þriðjudaginn 8. maí kl. 16.00, í húsakynnum Sambands íslenskra sveitarfélaga að Borgartúni 30, Reykjavík.

Dagskrá

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins

2. Breyting á samþykktum

3. Önnur mál löglega upp borin

Allir sjóðfélagar sem og launagreiðendur og viðkomandi stéttarfélög eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta

Fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir setningu fundarins

Reykjavík, 20. apríl 2012
Stjórn Lífeyrissjóðs stafsmanna sveitarfélaga



Laugardagur

Föstudagur » Olís



Aukakrónur

Það er auðvelt að safna. Þú færð Aukakrónur fyrir:

» alla innlenda veltu af kreditkorti
» viðskipti við samstarfsaðila
» þjónustuþætti hjá Landsbankanum

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Fimmtudagur » Office 1



VERMONT BORÐ OG PRISCA STÓLAR
Glæsilegt borð með harðviðarplötu og álgrind. Stærð á borði 100x180/240 sm.
Stólar úr stáli með örmum og sterku polyrattan efni.
Borð: **49.990** Stóll: **12.990**

ÞÚ FÆRÐ SUMARHÚSGÖG

1 STK. AÐEINS:
1.695

HARÐVIÐAROLÍA OG TEKKOLÍA
1 lítra brúsar á frábæru verði.

20 STK.

VERÐ AÐEINS:
349

KRÍTARBOX
20 stk. í pakka á frábæru verði!

1 STK. AÐEINS:
1.495

COLON FUGLAHÚS
Fallegt fuglahús, fæst í 3 litum. Stærð: B15 x L16 x H22 sm.

NÝTT

1 STK. AÐEINS:
795

CANNES VATNSBYSSUR
Frábært verð!

LIVORNO BORÐ + 4 VERONA STÓLAR
Fallegt og stílhreint, svart garðhúsgagnasett úr áli og viðarlíki.
Gott borð og flottir stólar með stillanlegu baki. Stólarnir eru úr áli sem hægt er að leggja saman. Stærð á borði: B90 x L150 H74 sm. Borð **36.990** Stóll **12.990**

VIÐHALDSFRÍTT

PORTO BORÐ + 2 BRAVA STÓLAR
Garðborð og stólar úr svörtu stáli. Borðið er með hertu gleri.
Stærð á borði: Ø 60 x H 72 sm. Sessa og bak úr sterku polyrattan efni.

VIÐHALDSFRÍTT

MADRID SÓFASETT
Sett úr áli og sterku, veðurþolnu polyrattan efni.
Flottur skemill, hornsófi og armstóll.
Slitsterkar sessur með polyester áklæði fylgja.
Stærð á borði: B66 x L66 x H30 sm. Stóll: B66 x D78 x H66 sm.
Sófi: B90 x D78 x H66 sm. Horn: B78 x D78 x H66 sm.
Borð/skemill + hornsófi + stóll + sessur fullt verð **179.990**

NIN Í RÚMFATALAGERNUM

FILUKA SKÓR
Sumarlegir skór á frábæru verði! Fáanlegir í st. 36 - 42.

KUBB VÍKINGASPIL
Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna!

FÓTBOLTAMARK
Sniðugt fótboltamark á frábæru verði!

FÓTBOLTAMARK
Fótboltamark á frábæru verði!

ELISE BORÐ OG 4 CUBA STÓLAR
Sporöskjulagað garðborð úr sterku plasti. Stærð á borði: B90 x L137 sm.
Góðir, staflanlegir stólar í stíl. Litur grár.
Borð **9.995** Stóll **1.985**

OREGON BORÐ OG 4 STÓLAR
Falleg garðhúsgögn úr gegnheilum harðviði. Stærð á borði: Ø110 sm.
Borðið og stólana er auðveldlega hægt að leggja saman.
Borð **16.990** Stóll **7.995**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

TILBOÐIN GILDA TIL 22.04.12

skoðun

greinar@frettabladid.is

Stokka þarf upp fyrirkomulag skipulagsmála.

Meiri hagsmunir víkja fyrir minni

Innanríkisráðherra hefur ákveðið að fallið skuli frá áætlunum um styttingu hringvegarins á Norðurlandi vestra og með því fallist á sjónarmið samtaka sveitarfélaga þar. Breytt lega hringvegarins hefði falið í sér að ekki væri farið í gegn um Blönduós og Varmahlíð.

Nú þarf ekki endilega að vera að varðstaða um sjoppurekstur og aðra þjónustu við ferðamenn sé rót andstöðunnar við fyrirætlanir Vegagerðarinnar. Tilfærslan var raunar ekki á áætlun næstu tólf ára, líkt og vegamálastjóri upplýsti hér í blaðinu á fimmtudag.

SKOÐUN

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

„Sveitarstjórnirnar hafa ekki getað gengið frá sínum aðalskipulagstillögum vegna óska okkar um að þetta verði inni. Því hefur verið þrýst mjög á um að þetta verði afgreitt," sagði Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og benti á að almennt færu sveitarstjórnir með skipulagsvaldið. „Þær gefa leyfi fyrir öllum nýjum framkvæmdum og hafa þannig í hendi sér hvað þær heimila og hvað ekki."

Málið vekur hins vegar spurningar um til hvaða þátta eigi að horfa þegar teknar eru ákvarðanir um skipulag sem hefur jafnvíðtæk þjóðfélagsleg áhrif. Í þingsályktunartillögu sem fyrir áramót var lögð fram á Alþingi um svonefnda Svínavatnsleið, sem ráðherra hefur nú slegið út af borðinu, er bent á að stytting hringvegarins hafi mjög mikil áhrif á kostnað við flutninga og þar með væntanlega á verð á vörum og þjónustu á landsbyggðinni. Er þá ótalinn eldsneytissparnaður allra annarra sem aka leiðina og umhverfisávinningur sem fæst af minna vegsliti, minni mengun og minni eldsneytisnotkun, fyrir utan svo ávinning af auknu umferðaröryggi.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, lýsir enda þeirri skoðun sinni í blaðinu í gær að sjónarmið og hagsmunir einstakra sveitarfélaga eigi ekki að ráða framtíðarvegstæði hringvegarins. „Þá gætum við séð fram á að núverandi vegstæði þjóðvegar eitt verði fært til þess að koma hringveginum í gegnum Sauðárkrók. Það er eitthvað sem fæstir myndu telja eðlilegt," sagði hann.

Tilfellið er að vald sveitarfélaga er mjög mikið þegar kemur að skipulagsmálum og spurning hvort ekki sé tími kominn á endurskoðun á hvernig þeim málum er fyrir komið. Vitanlega er eðlilegt að sveitarfélög og þar með íbúar þeirra ráði miklu um sitt eigið nærsamfélag og uppbyggingu þess. En um leið fær vart staðist að þröngir hagsmunir misvelstæðra sveitarfélaga séu teknir fram yfir hagsmunamál sem snerta þjóðina alla.

Þarna undir eru ekki einvörðungu vegamál heldur einnig auðlindanýting og hvers konar stórframkvæmdir. Þannig getur lítið sveitarfélag bæði sett framkvæmdum stólinn fyrir dyrnar, svo sem varðandi lagningu á raflínum til stóriðju, eða heimilað stórfelldar virkjanaframkvæmdir sem áhrif hafa á nærliggjandi sveitarfélög, hvort heldur það er vegna jarðskjálfta og útblásturs frá jarðvarmavirkjunum, eða sandfoks frá uppistöðulónum. Þegar kemur að hlutum sem áhrif hafa víðar en innan sveitar þá ættu minni hagsmunir að víkja fyrir meiri.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Aðalsafnaðarfundur Árbæjarsóknar

Aðalfundur Árbæjarsóknar verður haldinn sunnudaginn 29. apríl 2012 og hefst kl. 12.15 að lokinni messu kl. 11.00

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál.

Sóknarnefnd

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Nú ráða „kommúnistar" of litlu!

Sumarið 1982 létu þeir Albert Guðmundsson og Eggert Haukdal af stuðningi við ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens. Ástæðan var efnahagssamvinnusamningur við Sovétríkin sem þeir töldu sýna að „kommúnistar" réðu of miklu í stjórninni. Röksemd þeirra naut öflugs stuðnings Morgunblaðsins.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Hjörleifur Guttormsson var einn áhrifaríkasti ráðherrann á þessum tíma. Nú er hann eins og þá virkur móthaldsmaður frekari Evrópusamvinnu í þeim armi VG sem krefst uppgjörs í stjórnarsamstarfinu og viðræðuslita við Evrópusambandið.

Síðasta tilefnið er sú ákvörðun framkvæmdastjórnar að nýta réttarfarsheimildir til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri fyrir EFTA-dómstólnum.

Andstaðan við Evrópusambandið nýtur jafn öflugs stuðnings Morgunblaðsins nú eins og móthaldið gegn efnahagssamvinnu við Sovétríkin fyrir þrjátíu árum. Þá fannst mönnum að „kommúnistar" réðu of miklu í utanríkismálum. Nú þykja sömu menn ráða of litlu um þau mál í stjórnarsamstarfinu.

Ekki er ljóst hvort þessi málefnalega rökleysa hefur áhrif á stjórnina. En dæmin sýna að veikar ríkisstjórnir þola illa dragsúg af þessu tagi. Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens fór hins vegar ekki frá fyrr en tæpu ári eftir að leiknum var lokið.

Núverandi ríkisstjórn var í pólitískri sjálfheldu fyrir. Hún kýs fremur að sitja þar en að brjótast út úr vítahringnum með því að efna til kosninga.

Ríkisstjórnir lamast en málin lifa

Sagan segir að pólitískar æfingar eins og þessar geti lamað ríkisstjórnir. Hitt er annað að þau málefni sem deilt er um standa slík veður gjarnan af sér. Þannig sá ný ríkisstjórn sem mynduð var 1983 enga ástæðu til að rifta samningnum við Sovétríkin. Hagsmunir þjóðarinnar voru að skipta um ríkisstjórn en ekki að þrengja efnahagssamvinnuna. Sama á við nú.

Þó að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins komi sjónarmiðum sínum að í máli eftirlitsstofnunar Íslands, Noregs og Liechtenstein gegn Íslandi breytir það engu um að niðurstaða málsins veltur á dómi um réttarreglur en ekki á hnefarétti.

Það er einmitt í þessu sem styrkur smáþjóða í alþjóðasamstarfi er fólginn. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er í stöðugum málarekstri við aðildarþjóðirnar. Það er háttur siðaðra manna þegar leysa þarf réttarágreining. Þess vegna er Evrópusamvinnan til. Að sönnu er ekki sjálfgefið að smáþjóðir vinni öll mál fyrir dómstólum. Stundum er því hyggilegra að semja.

Einmitt það sjónarmið réði mestu um að ríkisstjórnin og Sjálfstæðisflokkurinn sameinuðust um síðustu úgáfu af Icesave-samningnum. Þessi breiði meirihluti á Alþingi taldi hagsmuni Íslands betur varða í tvíhliða samningi við Breta og Hollendinga. Á hitt borðið réru forseti Íslands, Framsóknarflokkurinn, Hreyfingin, vinstri vængur VG og minnihluti þingflokks sjálfstæðismanna. Þau höfðu forystu um að það samkomulag var fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Sú ákvörðun opnaði fyrir aðkomu Evrópusambandsins. Það var skýrt og vel upplýst val. Þeir sem beittu sér fyrir þeim málalokum geta ekki hneykslast nú á þeirri stöðu sem málið er í. Þetta er sá dans sem þeir buðu upp í. Þjóðaratkvæðagreiðslan leysti ekki Icesave-deiluna. Hún flutti hana aðeins úr farvegi tvíhliða samninga og opnaði þar með leiðina að EFTA-dómstólnum.

Valið skýrist á dómsdegi

Evrópusambandið leggur fullan þunga á lögfræðileg sjónarmið sín í málinu. Það er sannarlega áhyggjuefni. En eftir að þjóðin hafnaði tvíhliða samningum er fráleitt að þetta réttarfarsúrræði gefi tilefni til úrsagnar úr EES eða viðræðuslita við Evrópusambandið. Ekkert jafnvægi væri í slíkum viðbrögðum.

Eðlilega eru skiptar skoðanir um hugsanlega Evrópusambandsaðild. Eftir sem áður á fólkið í landinu rétt á að meta hverjir framtíðarhagsmunir Íslands eru í því alþjóða samstarfi. Sá réttur verður ekki frá því tekinn með útúrsnúningum.

Staða Íslands í samfélagi þjóðanna helgast af langtímasjónarmiðum. Sú þjóð er ekki tekin alvarlega sem lætur slíkt heimatilbúið moldviðri snúa stefnu landsins í hring. Það væri beinlínis andstætt íslenskum hagsmunum að útiloka aðildarkostinn af þessu tilefni.

Ef það væru rétt rök að ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins ætti að hafa áhrif á aðildarviðræðurnar ætti hún öllu frekar að hafa áhrif á veru Íslands í EES. Málið snýst nefnilega um stofnanir þess samnings og sameiginlegt regluverk þeirra þjóða sem eiga aðild að honum.

Eins og málum er komið sjá menn ekki fyrr en á dómsdegi hvor kosturinn var betri: Samningurinn sem var hafnað eða dómurinn sem það val leiddi til? Þá má rífast um það.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Framtíðin endar ekki eftir 30 ár

Nýr Landspítali

Helgi Már Halldórsson
hönnunarstjóri SPITAL hópsins

Páll Torfi Önundarson læknir birtir enn á ný hugmyndir sínar og Magnúsar Skúlasonar arkitekts um stækkun Landspítala við Hringbraut í Fréttablaðinu 19. apríl 2012. Á fréttavefnum mbl.is var fjallað um þessar sömu hugmyndir 3. mars í ár og daginn eftir leitaði mbl.is álits undirritaðs á þeim. Nú bregður svo við að Páll Torfi gerir það álit, og reyndar skoðanir SPITAL hópsins í heild, tortryggilegar vegna „beinna fjárhagslegra hagsmuna af sinni tillögugerð“ og mögulegs „hagsmunaáreksturs“!

Skipulagstillaga sem SPITAL hópurinn hefur unnið að, í góðri samvinnu við Landspítala, Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg og fjölmarga aðra aðila, þróaðist upp úr vinningstillögu SPITAL hópsins í lokaðri samkeppni, að loknu opnu forvali árið 2010. Í kjölfar samkeppninnar var samið við SPITAL hópinn um gerð deiliskipulags á grundvelli vinningstillögunnar og forhönnun bygginga og gagna fyrir alútboð byggingarnna. Hluta vinnunnar er þegar lokið, stórum hluta lýkur á næstu vikum og umsömdu verkefni SPITAL hópsins verður væntanlega lokið að fullu um leið og deiliskipulagið er samþykkt. Það gerist vonandi þegar líða fer á árið 2012.

Alútboðsformið felur í sér að aðrir hönnuðir en SPITAL hópurinn haldi hönnunarverkinu áfram. Á samkeppnisstiginu var þó strax gert ráð fyrir að samið yrði við sigurvegara í hönnunarsamkeppninni um ráðgjöf og aðstoð við verkefnið þar til því lyki. Umfang slíkrar vinnu hefur hvorki verið skilgreint né um slíkt samið. Hér er ekki um mikla vinnu að ræða í hlutfalli við heildarveltu þeirra fyrirtækja sem standa á bak við SPITAL hópinn og því eiga dylgjur Páls Torfa um fjárhagslega hagsmunaárekstra sér enga stoð í veruleikanum. Ég vísa þeim til föðurhúsa.

> Í síðari áföngum verður þyngsta spítalastarfsemin öll komin í nýjar byggingar og eldri byggingar fá léttara hlutverk sem þær ráða við.

Í ljósi stöðunnar eftir fall bankanna árið 2008 voru áform um uppbyggingu Landspítalans endurskoðuð. Norska arkitektastofan Momentum var fengin til verksins og í skýrslu hennar er annars vegar úttekt á áætlunum, sem unnið var að fram til 2008, og einnig tillögur um hvernig takast mætti á við verkefnið í ljósi nýrra aðstæðna. Meginniðurstaðan var sú að uppbygginguna þyrfti að hugsa út frá minni byggingaráfanga í upphafi en áður hafði verið gert, að nota eldri byggingar lengur og að líta á fyrsta áfanga sem upphaf þróunarferlis í endurskipulagningu og endurbyggingu spítalans í heild. Þannig er tillaga SPITAL hugsuð, öndvert við hugmyndir Páls Torfa Önundarsonar sem að eigin sögn duga til 20-30 ára með minna byggingamagni.

Engin afstaða er tekin til þróunar eftir það.

Hér er fátt samanburðarhæft við tillögu SPITAL hópsins. Hún er til langs tíma og sýnir uppbyggingu næstu ára og áratuga og mögulega þróun í rökréttu samhengi inn í enn fjarlægari framtíð að auki. Að loknum fyrsta áfanga verður orðinn til betri, öruggari og hagkvæmari spítali en áður. Í síðari áföngum verður þyngsta spítalastarfsemin öll komin í nýjar byggingar og eldri byggingar fá léttara hlutverk sem þær ráða við.

Hugmynd Páls Torfa hefur yfir sér bútasaumsbrag liðinna áratuga og grunnhugsunin þar er ekki til þess fallin að á henni megi byggja góðan og hagkvæman spítala. Þessi hugmynd er slæm vegna þess að í henni felst að gömlu byggingarnar stýra í raun uppbyggingu til framtíðar og hún er óraunhæf þegar litið er til þess að starfsemi þarf að vera í eldri byggingum á framkvæmdatímanum.

Hugmynd Páls Torfa batnar ekki við að sýna hana aftur og aftur í fjölmiðlum. Hún batnar heldur ekki við að reyna að gera SPITAL hópinn tortryggilegan og láta þannig tilganginn helga meðalið.

Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar

Ársfundur 2012

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar verður haldinn fimmtudaginn 10. maí kl. 17.00 í Bæjarstjórnarsal Kópavogsbæjar, Fannborg 2, 1. hæð.

Dagskrá

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Breyting á samþykktum
3. Önnur mál löglega upp borin
a. Kynning á mögulegri sameiningu lífeyrissjóða með bakábyrgð sveitarfélaga

Allir sjóðfélagar sem og launagreiðendur og viðkomandi stéttarfélög eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta
Fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir setningu fundarins

Kópavogi, 20. apríl 2012
Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 12-0915

Vorráðstefna Advania á Akureyri

Hin árlega vorráðstefna Advania verður haldin í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri föstudaginn 27. apríl og er öllum opin á meðan húsrúm leyfir.

Á dagskrá eru 10 áhugaverðir fyrirlestrar þar sem áhersla er lögð á gagnlegan fróðleik um nýjustu strauma og stefnur í upplýsingatækni fyrir atvinnulífið. Ráðstefnunni lýkur með léttum veitingum, ljúfum tónum og notalegum félagsskap.

Dagskrá:

13.00 **Opnun**
Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania

13.10 **Viðskiptagreind: Fimm þrepa nálgun við stefnumótun**
Hinrik Jósafat Atlason, Advania

13.25 **Öryggi: Stafræn óværa, blekkingar og öryggisstefna**
Sigurður Másson, Advania

13.45 **Öryggi: Upplýsingaleki er ógn**
Tryggvi R. Jónsson, Deloitte

14.05 **Kaffipása**

14.25 **Samfélagsmiðlar: Hagnýt ráð fyrir fyrirtæki og stofnanir**
Bárður Örn Gunnarsson, Hvíta húsið

14.40 **Snjallsímar: App og farsímavefir sem markaðstæki**
Helgi Pjetur Jóhannsson, Stokkur (leggja.is)

15.00 **Viðskiptalausnir: Microsoft SharePoint fyrir skjöl og samvinnu**
Sigvaldi Óskar Jónsson, Advania

15.15 **Viðskiptalausnir: Hámörkun árangurs með viðskiptalausn - Reynslusaga**
Reynir Eiríksson, Norðlenska

15.35 **Verslun og viðskipti: Framtíðarsýn í afgreiðslukerfum**
Hjalti G. Hjartarson, Advania

15.50 **Kaffipása**

16.10 **Veflausnir: Nýjungar í netverslun og rafrænum viðskiptum**
Sigrún Eva Ármannsdóttir, Advania

16.30 **Veflausnir: Spennandi stefnur og straumar í hönnun og viðmóti**
Jónatan Gerlach, Skapalón

16.50 **Lokaorð**
Garðar Már Birgisson, Advania

17.00 **Léttar veitingar**

Þátttaka er gestum að kostnaðarlausu.
Skráning og nánari upplýsingar á **www.advania.is**.

Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

advania
Welcome to IT

Vandamál öryrkja á Norðurlöndum

Samfélagsmál

Lilja Þorgeirsdóttir
framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands

Sífellt fleiri öryrkjar sem hafa búið í öðru norrænu ríki leita til ráðgjafa ÖBÍ vegna þess að þeir fá ekki örorkulífeyrisgreiðslur frá almannatryggingakerfinu frá því landi sem þeir bjuggu í. Meginástæðan er sú að mismunandi lög og reglur gilda í hverju landi og ólík túlkun og framkvæmd þeirra. Þá getur fólk verið með örorkumat í einu norrænu landi á sama tíma og það fær ekki mat í öðru. Mismunandi matsaðferðum er beitt og ekki er tekið tillit til örorkumats í öðrum löndum.

Vandamálum hefur fjölgað á síðustu árum meðal annars vegna kreppunnar og breytts pólitísks landslags. Þeir sem fá ekki greiðslur erlendis frá eiga í erfiðleikum með að framfleyta sér hér á landi.

Tvö dæmi um öryrkja sem búa á Íslandi:

Kona um fimmtugt fær ekki greiðslur frá Danmörku þar sem hún bjó í 20 ár. Á Íslandi veikist hún og verður óvinnufær. Tryggingastofnun ríkisins (TR) samþykkir að hún fái tímabundið örorkumat. Hún fær 52% af þeim örorkulífeyrisgreiðslum sem hún á rétt á frá Íslandi. Það sem upp á vantar á hún að fá frá Danmörku. Pensionsstyrelsen í Danmörku metur að hún eigi ekki rétt á greiðslum þar sem starfsgeta hennar sé ekki varanlega skert og að hún geti, eftir mikla endurhæfingu, hugsanlega unnið í hlutastarfi og fengið aðstoð samkvæmt dönskum lögum sem nefnist „fleksjob“. Vandamálið er að á Íslandi fær fólk sjaldnast varanlegt örorkumat og úrlausnin „fleksjob“ er ekki til á Íslandi. Konan fær því aðeins 52% af örorkulífeyrisgreiðslum sem hún á rétt á og engin lausn í sjónmáli fyrr en hún kemst á eftirlaun því þá fær hún það sem upp á vantar frá Danmörku.

Karlmaður, rúmlega fertugur, fær ekki greiðslur frá Svíþjóð þar sem hann bjó í 20 ár. Þegar hann bjó í Svíþjóð fékk hann tímabundið örorkumat. Hann flutti síðan til Íslands og fékk örorkumat. Þegar sænska örorkumatið rann út sótti hann um aftur en var synjað. Ísland greiðir nú aðeins hluta þeirra örorkulífeyrisgreiðslna sem hann á rétt á eða um 30% þar sem hann hafði ekki búið lengi hérlendis þegar hann varð öryrki. Það sem upp á vantar á hann að sækja til Svíþjóðar. Försäkringskassan í Svíþjóð mat hann þannig að starfsgeta hans væri ekki skert um að minnsta kosti fjórðung hvað snertir öll störf á vinnumarkaðnum, þar með talin störf á vernduðum vinnustöðum og önnur vernduð störf. Til að fá örorkumat í Svíþjóð yrði skerðingin að vera varanleg um fyrirsjáanlega framtíð og allir möguleikar á endurhæfingu að fullu nýttir. Ljóst er að hann getur ekki framfleytt sér þrátt fyrir að hann fái fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi sem er neyðaraðstoð til skamms tíma.

Reglur á Íslandi

Réttur til örorkulífeyris á Íslandi myndast á aldrinum 16-67 ára og miðast við að viðkomandi búi í 40 ár hérlendis. Örorkulífeyrisgreiðslur eru uppreiknaðar eftir ákveðinni reiknireglu og skiptir ekki máli hvort viðkomandi sé með íslenskan ríkisborgararétt. Vert er að benda á að frá 1. janúar 2010 lýtur endurhæfingarlífeyrir sömu reglum um búsetuhlutfallsútreikning og örorkulífeyrir. Eftir breytinguna geta þeir sem búið hafa erlendis lent í þeirri stöðu að fá skertan endurhæfingarlífeyri á Íslandi og engar greiðslur erlendis frá þar sem hann er ekki greiddur úr landi. Því er fólki bent á að sækja um örorkulífeyri en sú leið getur leitt til þess að fólk fái synjun á örorkumati erlendis á þeim forsendum að endurhæfing hafi ekki verið fullreynd.

Skortur á aðstoð

Starfsfólk TR aðstoðar fólk við að sækja um örorkulífeyri í öðrum löndum. Ef umsókn er synjað fær fólk ekki aðstoð við að kæra. Hver og einn þarf sjálfur að leita réttar síns sem getur reynst erfitt fyrir fólk með fötlun eða alvarlegan sjúkdóm.

> ÖBÍ hefur unnið markvisst að því að koma þessum málum á framfæri á norrænum vettvangi og hér innanlands en ljóst er að betur má ef duga skal.

Brýnt að leysa sem fyrst

Umsóknarferlið um örorkulífeyri erlendis frá getur tekið nokkur ár. Á meðan lifir fólk á tekjum undir lágmarksframfærslu. Rétt er að öryrkjar fái óskertar greiðslur í sínu landi á meðan beðið er eftir niðurstöðu erlendis frá og að Norðurlöndin skipti kostnaði á milli sín eftir ákveðnum reglum. Þá þarf að leysa mál þeirra sem fá synjun erlendis þrátt fyrir gilt örorkumat á Íslandi. Mögulega þarf að setja reglur um að örorkumat í einu Norðurlandanna gildi í öðru.

ÖBÍ hefur unnið markvisst að því að koma þessum málum á framfæri á norrænum vettvangi og hér innanlands en ljóst er að betur má ef duga skal. Mál þessi þarf að leysa sem allra fyrst. Samræma þarf lög og reglur um örorkumat milli norrænu landanna. Einnig er nauðsynlegt að fólk fái aðstoð við að leita réttar síns hjá opinberum aðilum. Málum á eftir að fjölga á næstu árum vegna aukins flutnings fólks á milli landa. Stjórnmálamenn ættu að láta sér þessi mál varða til að þeir öryrkjar, sem hafa búið í fleiri en einu Norðurlandanna, getið notið sjálfsagðra mannréttinda í norræna velferðarkerfinu sem við viljum kenna okkur við.



Aðalfundur

Aðalfundur samtaka Psoriasis og exemsjúklinga "Spoex" verður haldinn í sal actavis Dalshrauni 1, Hafnarfirði fimmtudaginn 26. apríl 2012 og hefst fundurinn kl.19.00

Dagskrá: Aðalfundarstörf

Kaffiveitingar í boði Félagar fjölmennum

SPOEX

Sjómenn! Er ekki nóg komið?

Sjávarútvegsmál

Pálmi Gauti Hjörleifsson
afleysingaskipstjóri á Oddeyrinni EA-210

Miðað við umræður undanfarið virðist sem allir séu orðnir sérfræðingar um sjávarútveg. Margir virðast sjá rómantík í því að fara út á trillu og sækja allan afla Íslendinga í sól og blíðu, syngjandi og trallandi. Allt á þetta rétt á sér, togarar, línuskip, uppsjávarskip, smábátar o.s.frv. og er fjölbreytnin án nokkurs vafa einn af kostum íslensks sjávarútvegs.

Ákveðinn hópur fólks virðist hins vegar vera kominn í vígahug þegar það heyrir minnst á togara, stærri skip og stórar útgerðir. Ætli síðan einhver að reyna að tala um fyrir þessu fólki og leiðrétta ákveðinn misskilning vegna vanþekkingar þess á greininni, er sá hinn sami orðinn talsmaður LÍÚ eða útgerðarmannsins sem hann vinnur hjá. Ekki að hann sé að reyna verja starf sitt og lífsviðurværi, fólk má ekki gleyma að það eru einstaklingar sem starfa hjá útgerðunum.

Steingrímur J. Sigfússon á sér greinilega þann draum, miðað við frumvarpið, að verða stærsti útgerðarmaður landsins. Hann ætlar sér að búa til pott og ausa út fiski eftir sínum geðþóttaákvörðunum. Hvar á að taka til þess að gefa öðrum? Enn eina ferðina á að ráðast á útgerðina. Breytingar sem hafa orðið í sjávarútvegi upp á síðkastið hafa mikið bitnað á stórum útgerðum t.d. vegna byggðakvóta, línuívilnunar og strandveiða en svo má heldur ekki gleyma kvótaniðurskurði síðustu ára. Sökum þessa hafa útgerðir ekki haft undan við að kaupa kvóta einungis til að reyna að standa í sömu sporum og árið á undan og alltaf hafa menn fengið að heyra að þegar betur árar í hafinu munu þær fá að njóta þess með auknum kvóta. En nú skal bæta í segir ríkistjórnin, skattleggjum útgerðina til dauða og ef það dugar ekki skal það takast með innköllun kvóta. Ef menn gæfu sér tíma til að lesa þetta nýja frumvarp sæju þeir hversu glórulaust þetta er!

Mig langar að biðja sjómenn að íhuga hvernig væntanlegar breytingar munu koma til með að hafa áhrif á stöðu okkar. Þetta frumvarp mun hafa mikil áhrif á okkur alla, nægir þar að nefna að sumir koma til með að missa vinnuna strax, hjá öðrum tekur þetta ferli aðeins lengri tíma en við munum allir finna fyrir tekjuskerðingu.

Eins öruggt og það er að sólin komi upp á morgun mun útgerðin ekki takast á við stórauknar álögur vegna auðlindagjalds eða annars kostnaðar án þess að við sjómenn komum til með að taka þátt í því með þeim. Með þessu frumvarpi verður okkur stillt upp við vegg enn eina ferðina á móti útgerðarmönnum.

Einmitt núna er það alveg jafn mikið okkar og útgerðarmanna að verja greinina gegn þessu fáránlega frumvarpi. Hagsmunir þessara tveggja hópa fara saman því þegar útgerðinni gengur vel gengur jafnan vel hjá okkur líka. Þegar tekinn er kvóti af útgerðinni missum við tekjur og þegar rekstrargrundvöllur útgerðarinnar er tekinn missum við vinnuna. Frá sjómönnum heyrist samt sem áður aldrei ein einasta stuna, hvorki núna né þegar sjómannaafslátturinn var af okkur tekinn. Eins fáránlegt og það hljómar eru útgerðarmenn þeir einu sem eru að verjast þessari árás frá stjórnvöldum og við sjáum hve vel það gengur. LÍÚ er orðið eins og ljóti kallinn í ævintýrunum því ekki er talað um annað en LÍÚ grýluna.

Síðan er hægt að spyrja sig hvað í ósköpunum gengur á hjá stéttarfélögum okkar. Þau virðast jafn ónýt og þessi blessaða ríkisstjórn og eitt af mörgu sem þau eiga sameiginlegt er fylgið sem er í frjálsu falli. Ég get ekki ímyndað mér að sjómenn séu sáttir með störf þessara manna því þegar þessi mál eru rædd af sjómönnum skilur enginn hvað félögin eru að gera, af hverju er ekki verið að mótmæla þessum áformum ríkisstjórnarinnar? Ég spyr mig hvort forsvarsmenn þeirra séu enn í 2007 gírnum í áskrift að launanum sínum og slétt sama hvað um okkur verður?

Ættu þessir menn, sem eru í vinnu hjá okkur, ekki að gera eitthvað þarfara? Það heyrist ekki eitt einasta múkk í þeim þótt fyrirsjáanlegt sé að hópur sjómanna muni missa sitt lífsviðurværi. Ég veit ekki í hvaða heimi formaður Sjómannasambands Íslands lifir né formaður vélstjórnarmanna, allavega ekki miðað við síðustu fréttir þeirra í fjölmiðlum. Það er eins og þeir séu einungis þarna til að ausa olíu á eldinn og reyna eftir fremsta megni að beina umræðunni frá raunverulegum hagsmunum okkar þessa stundina sem eru að halda okkar vinnu.

Ég skora á sjómenn að fara að láta í sér heyra! Allir eru búnir að taka þátt í heitum umræðum um sjávarútvegsmál í borðsalnum og hvernig pólitíkin ætlar að traðka á okkur núna. Við höfum rætt þetta í þaula þar en nú þurfum við að koma okkar sjónarmiðum á framfæri til fólksins í landi svo okkar sjónarmið sökkvi ekki í sæ með næstu öldu. Ég neita að trúa því að við séum þannig menn að við látum eitthvað eins og fávisku stjórnmálamanna, vanþekkingu þeirra á greininni og úthrópanir á internetinu verða til þess að kippt verður undan okkur fótunum. Við skulum snúa vörn í sókn og láta óánægju okkar í ljós með nýja frumvarpið og mótmæla, við hreinlega látum ekki bjóða okkur hvað sem er! Þannig er ég viss um að stjórnvöld láti sér segjast, og horfist í augu við raunveruleikann og hverfi frá þessari stórhættulegu og fáránlegu herferð sinni gegn þessari starfsstétt.

Fjármálafræðsla fyrir ungt fólk
með Jóni Jónssyni
í Reykjavík og á Selfossi

Jón Jónsson **hagfræðingur**, tónlistarmaður og fótboltakappi heldur áfram að fræða ungt fólk um fjármál á skemmtilegan hátt. Næstu fundir verða þriðjudaginn 24. apríl í Arion banka, Borgartúni 19 og miðvikudaginn 25. apríl í Sambíóunum Selfossi. Húsin opna kl. 19:00 og hefjast fundirnir kl. 19:30.

Helstu atriði sem Jón fer yfir eru:

- Hvað eru peningar?
- Hvernig á að spara?
- Að læra að velja og hafna
- Peningar og hamingja

Boðið verður upp á gos og pítsu og í lok fundar tekur Jón nokkur lög.
Allir 12-16 ára krakkar eru sérstaklega velkomnir ásamt foreldrum sínum.

Skráning á arionbanki.is

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

Væri ekki best ef allir klæddu sig eins og björgunarsveitirnar?

Snæfell er jakkinn sem hefur unnið til verðlauna á útivistarsýningum undanfarið ár og hefur nú verið valinn sem nýr jakki björgunarsveitanna.

Jakkinn er léttur, aðsniðinn og gerður úr nýju og byltingarkenndu efni sem ver þig fyrir roki og rigningu en andar betur en aðrar sambærilegar skeljar.

Hann er hannaður fyrir alla þá sem stunda hreyfingu utandyra á norðurslóðum og nýtist afar vel, enda flík sem þú þarft á að halda allan ársins hring.

Hvort sem þú ætlar að leggja í göngur á hálendinu eða bara að fara með hjólið út á stétt, þá er það góð hugmynd að klæða sig eins og björgunarsveitirnar.

Klæddu þig vel.

66°
NORÐUR
Snæfell jakkinn frá 66°NORÐUR er vinningshafi Scandinavian Outdoor Awards og ISPO Outdoor Award í flokki fatnaðar.
POLARTEC®
NeoShell®
JONSSON & LEMACKS • JL.IS • SÍA

AFMÆLISHUGLEIÐINGAR Vignir Rafn Valþórsson og Vera Sölvadóttir hafa hvorugt fengið boðskort í fimmtugsafmæli Tom Cruise, en þau gæfu honum buffaló-skó og sálfræðitíma í afmælisgjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gleðibankinn í öllum partíum

Kvikmyndagerðar- og tónlistarkonan **Vera Sölvadóttir** myndi vilja fá Kára Stefánsson til að búa til nýjan forseta. Leikaranum **Vigni Rafni Valþórssyni** líst illa á kúluhatt trommara Of Monsters and Men. *Kjartan Guðmundsson* hitti rökstólapar vikunnar.

Á RÖKSTÓLUM

Ég er alltaf með sólgleraugu. Líka á veturna," segir leikarinn Vignir Rafn Valþórsson þegar hann sest niður á Hressó á svölum en sólríkum aprílmorgninum. Hinn hluti rökstólapars vikunnar, kvikmyndagerðar-, dagskrár- og tónlistarkonan Vera Sölvadóttir, er hins vegar sólgleraugnalaus. „Síðasta mánuðinn hef ég týnt tveimur pörum af Ray-Ban og er ógeðslega svekkt. En það er nýtt par á leiðinni í póstinum. Jack Nicholson sagði eitt sinn: „Without my Ray-Bans I am nothing. With them, I am Jack Nicholson."

Vandamál í miðbænum

Hvað vitið þið hvort um annað?

Vignir: „Við þekkjumst nú eitthvað."

Vera: „Já, ég hitti þig fyrst í gegnum vinkvennahóp úr Garðabænum. Svo sá ég þig fyrst í leikhúsi í verkinu Penetreitor. Varstu ekki að útskrifast úr leiklistarskólanum þá?

Vignir: „Jú, passar. Ég man líka eftir þér frá Sirkus-árunum, þeim skemmtilega og þokukennda tíma. Og ég veit auðvitað að þú ert kvikmyndagerðar- og tónlistarkona. Svo sátum við nú saman til borðs á Ölstofunni síðasta sunnudag ásamt fullt af skemmtilegu fólki."

Vera: „Ætli við séum ekki í tengslum við sama fólkið í sömu kreðsunum."

Vignir: „Jú, þetta er svona miðbæjar-kunningsskapur. Það fylgja ýmis vandamál því að búa í miðbænum, til dæmis að ákveða hvort maður eigi að heilsa sama fólkinu í hvert skipti sem maður hittir það, eða bara í fyrsta sinn sem maður hittir það þann daginn. Helsta vandamálið eru samt túristarnir, fólkið sem er að bjarga landinu okkar, sem stoppar og virðir fyrir sér Esjuna eða eitthvað slíkt sem maður er sjálfur farinn að taka sem sjálfsögðum hlut. Þá eru þeir oft fyrir manni þegar maður þarf að vera löngu kominn á barinn."

Vera: „Já, og svo stoppa þeir oft úti á miðri götu þegar maður er á bíl."

Vignir: „Já. En guð blessi þá."

Jesús yrði fínn forseti

Komandi forsetakosningar eru mál málanna. Fylgist þið með hræringum í þeim efnum? Og hvern mynduð þið velja, lífs eða liðinn, sem nýjan forseta ef þið fengjuð frítt spil?

Vera: „Svona með öðru eyranu."

Vignir: „Ég var mjög ánægður þegar Þóra Arnórsdóttir sagði já og myndi kjósa hana ef kosningarnar væru á morgun. En þú?"

Vera: „Mér finnst að minnsta kosti tveir af frambjóðendunum mjög frambærilegir."

Vignir: „Það er svo brjálæðislega glatað að forseti lýðræðisríkis verði sjálfkjörinn í fjórða sinn í röð, bara vegna þess að við nennum ekki að pæla í því hver ætti að taka við. Ég held að þetta sé þrælsóttinn okkar síðan í gamla daga. Við erum góð í að sætta okkur við orðinn hlut."

Vera: „Ég hef einmitt heyrt þessa umræðu í heita pottinum. Að það sé svo mikið vesen að breyta til. Það finnst mér skrítið viðhorf, því það er oft miklu meira mál að breyta ekki til."

Vignir: „Algjörlega. Væri Jesús annars ekki fínn í þetta djobb?"

Vera: „Ef ég gæti breytt kerfinu myndi ég líklega annað hvort leggja niður forsetaembættið og færa ábyrgðina yfir á forsætisráðherra eða gera forsetaembættið valdameira. En eins og staðan er núna væri kannski bara fínt að fá Kára Stefánsson til að búa til nýja manneskju úr Hófí og Jóni Páli."

Vignir: „Já, eða Hófí og Hemma Gunn. Við erum auðvitað börn níunda áratugarins."

Vera: Einmitt. Myndum spila Gleðibankann í öllum partíum."

Vignir: „Bessi Bjarnason væri líka góður kostur. Það er ómögulegt að hafa nokkuð á móti honum."

Vera: „Hann yrði bangsinn okkar."

Vignir: „Eða bara að fá Kára til að redda Vigdísi árið 1980 aftur. Planta blómum, hengja orður á herforingja og byrja upp á nýtt."

Stælalaus og viðkunnanleg

Hljómsveitinni Of Monsters and Men gengur vel í Bandaríkjunum og kemur meðal annars fram í vinsælum spjallþætti Jimmy Fallon í maí. Ef þið væruð í beinni útsendingu frammi fyrir stórum hluta bandarísku þjóðarinnar, mynduð þið nota tækifærið og senda henni einhver sérstök skilaboð?

Vignir: „Maður hefur ekki komist hjá því að heyra nokkur lög með þessari hljómsveit en ég hef ekki heyrt plötuna."

Vera: „Sama hér. En það er frábært ef það gengur vel hjá þeim."

Vignir: „Það er samt dálítið erfitt að greina hvað er í raun góður árangur og hvað ekki, því ef einhver Íslendingur gerir eitthvað í útlöndum er það oftast stimplað sem eitthvað geðveikt. Svo kemur kannski síðar í ljós að það var ekki jafn frábært og stóð í blaðinu. En það er erfitt að horfa framhjá því að 6. sæti á Billboard-listanum er stórkostlegur árangur."

Vera: „Já, svona fréttaflutningur er svolítið hættulegur. Það er ekkert mál að senda frá sér fréttatilkynningu um að fólki gangi svakalega vel í Þýskalandi, en svo er það kannski bara í einhverjum smábæ. Samt er ekki verið að ljúga neinu."

Vignir: „Einmitt. „Við erum rosa stórir á bar í München!" Ég man þegar Jet Black Joe fékk samning upp á sjö plötur í Bandaríkjunum og mér fannst það alveg rosalegt. En svo kom bara engin plata, eða var það ein plata? En þetta er skemmtilegt og margt svo fallegt við þetta band."

Vera: „Já, þau eru mjög viðkunnanleg."

Vignir: „Já. Hann er feitur og hún rosa sæt. Svo eru þau líka laus við stæla."

Vera: „Já, það er alltaf ánægjulegt."

Vignir: „Trommarinn er reyndar kominn með kúluhatt. Ætli hann verði nokkuð með á næstu plötu? En ef ég fengi færi á að senda bandarísku þjóðinni skilaboð myndi ég líklega bara segja henni að leggja frá sér gaffalinn."

Vera: „Ég myndi bara segja ást og friður. Verið góð hvert við annað."

Vignir: „Er það ekki það sama og forseti Íslands ætti að segja?

Vera: „Jú, enda hef ég alltaf sagt að ég væri til í að verða forseti."

Vignir: „Hvað myndirðu þá gera?"

Vera: „Nú, segja fólki að vera gott hvert við annað. Og láta það fara í hópfaðmlag."

Vignir: „Eru það ekki dálitlir einræðisherratilburðir? „Faðmist!"

Vera: „Í myndinni Bananas sagði Woody Allen að sem einræðisherra myndi hann skipa fólki að skipta um nærbuxur á hálftíma fresti og klæðast þeim utan yfir fötin sín svo það sé auðveldara að athuga. Það yrði bara skemmtilegt að fá smá skapandi hugsun í embættið."

Fegurðarfatlaður Tom Cruise

Leikarinn Tom Cruise er væntanlegur til landsins í júní til að taka upp stórmynd og halda upp á fimmtugsafmæli sitt í leiðinni. Hvað mynduð þið gefa honum í afmælisgjöf?

Vignir: „Hvar ætlar hann að halda upp á afmælið?"

Vera: „Ég veit það ekki. Ég hef ekki enn fengið boðskort."

Vignir: „Hann hlýtur að láta grafa fyrir veislusal í Eyjafjallajökli eða eitthvað slíkt. Ég myndi allavega gera það ef ég væri hann."

Vera: „Ég man bara ekki í hvaða myndum Tom Cruise hefur leikið síðustu ár, nema Mission Impossible 1, 2, 3 og 4. Hvaða mynd er hann að fara að taka upp hér?

Vignir: „Mission Impossible 18. Tom Cruise getur alveg verið góður leikari en hann er dálítið fegurðarfatlaður. Svolítill Hollywood-stimpill á honum eins og Johnny Depp, Brad Pitt og fleirum sem eru frægari fyrir að vera fallegir en það sem þeir hafa gert."

Vera: „Lendir þú aldrei í svona veseni? Að það verði hreinlega til trafala hversu fallegur þú ert? Ertu viss um að fólk taki þig alvarlega?"

Vignir: „Nei. Ég er alveg viss um að fólk tekur mig ekki alvarlega, en það er ekki vegna þess hversu fallegur ég er."

Vera: „Það verður forvitnilegt að sjá hversu lágvaxinn Tom Cruise er í raun og veru."

Vignir: „Já, hann er pínulítill. Gefur maður honum ekki bara buffaló-skó í afmælisgjöf?"

Vera: „Ég myndi gefa honum tíma hjá sálfræðingi. Og buffaló-skó."

Vignir: „Já, til að Tom geti horfst í augu við sálfræðinginn þegar hann gengur inn til hans."

Mikið ferðalagasumar

Nú virðist vera farið að örla á vori. Hafið þið skipulagt sumarið?

Vignir: „Ég fylgi sýningunni Axlar-Birni á leiklistarhátíð í Þýskalandi og ætla svo að ílengjast aðeins í því fallega landi og vera í smá tíma í Berlín. Svo ætla ég að reyna að ljúka sumrinu á því að setja upp og leikstýra Galdra-Lofti í nýrri leikgerð eftir sjálfan mig, ásamt leikhópnum Vér morðingjar. Sumarið lítur vel út.

Vera: „Já, þetta verður mikið ferðalagasumar hjá mér. Ég ætla að skjóta stuttmynd eftir smásögu Einars Kárasonar sem gerist á ferðalagi um Ísland og svo ætla ég líka að taka mér langt sumarfrí og taka „road-trip" yfir Bandaríkin frá New York til Los Angeles."

Vignir: „Ég hef aldrei komið til Bandaríkjanna og aldrei farið í „road-trip". Ég er ekki með bílpróf og get því ekki leikið í myndinni þinni, því miður."

Vera: „Ég hugsa að það verði mjög heitt svo ég verð líklega að leigja mér blæjubíl, eða að minnsta kosti bíl með loftræstingu."

Vignir: „Já, væri ekki dálítið glatað að fara í svona ferðalag á Toyotu?"

Vera: „Jú, það verður eiginlega að vera töff bíll. Reyndar væri líka fyndið að vera á húsbíl og með derhúfu, en ég veit nú ekki með það."

Sýnum um helgina
Dethleffs 2012 hjólhýsi

Í tilefni 80 ára afmælis **Dethleffs** bjóðum við sérstakar afmælisútgáfur, Eighty I og Eighty II með ríkulegum aukabúnaði og miklum afmælis afslætti.

1931 2011 Dethleffs 80

Dethleffs Eighty Beduin **II** 565 DB

Allt að 990.000kr Afmælis afsláttur*

*Dethleffs Beduin Eighty II 565DB

Opið laugardag & sunnudag
frá kl 12 til 17

Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 12-18
Laug-Sun. kl: 12-17

Fosshálsi 5-7 | 110 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn®

Mundi eyða meiri orku innanlands

Ari Trausti Guðmundsson er sjöundi frambjóðandinn til embættis forseta Íslands. Hann er bæði jarðeðlisfræðingur og skáld og segir *Stíg Helgasyni* frá því að fjölþætt reynsla mundi gagnast honum á Bessastöðum.

Enn bætist í hóp frambjóðenda til embættis forseta Íslands. Sá nýjasti er jarðeðlisfræðingurinn Ari Trausti Guðmundsson sem á sumardaginn fyrsta tilkynnti opinberlega, eftir vandlega yfirlegu, að hann gæfi kost á sér. En af hverju?

„Það var nú fyrst og fremst löngun til að gegna þessu embætti. Ég hef haft þennan samfélagsáhuga í áratugi – hef ekki skipt mér af stjórnmálum í 35 ár og hef ekki haft hug á því í sjálfu sér – en mér fannst hins vegar að ég gæti gert gagn í þessu embætti," svarar Ari.

Hann hafi líka fengið klapp á bakið frá fjölda fólks og vitanlega þurft að leggjast yfir málið með fjölskyldunni, enda sé þetta stórt skref. „Niðurstaðan af þessu öllu saman varð sú að ég hef löngun, ég hef reynslu og þekkingu – við getum bara kallað það hæfileika, það er óþarfi að fela það – ég hef mjög mikla reynslu af útlöndum og tala fimm tungumál mjög vel, þannig að mér fannst vera rými fyrir mig við hliðina á því fólki sem er þegar komið fram."

Sumum finnst Ari hins vegar heldur seinn á ferðinni inn í baráttuna. Því er hann ósammála. „Það getur enginn, hvorki stjórnmálafræðingur né almannatengill né frambjóðandi ráðið í þetta sérstaka landslag. Þetta er eina þjóðkjörna embætti landsins. Fólk hefur mjög ólíka mynd af forsetanum og misjafnar skoðanir á hlutverki hans og framgöngu og svo framvegis. Þannig að á meðan það er ráðrúm til að gera það sem þarf þá tel ég að tíminn skipti ekki öllu máli, heldur meira hvað þú stendur fyrir. Þess vegna tel ég víst að ég sé alls ekki of seinn."

Vill afturhvarf til náttúrunnar

Spurður hvert hann telji hlutverk forsetans eiga að vera segir Ari að það sé vitanlega margþætt. „Forsetinn hefur mjög stórt starfssvið. Það er fátt sem honum er óviðkomandi í raun. Hann er bæði hluti af löggjafarvaldinu og framkvæmdavaldinu og hefur tengingu inn í hvort tveggja. Hann hefur tengingu inn í þjóðkirkjuna, á að vernda hana og styðja, og hann á í samskiptum við erlend ríki. Þannig að þetta eru mörg hlutverk.

En ef maður ætlaði að reyna að draga þetta allt saman þá er ég sammála þeim sem hafa sagt að eina hugtakið sem nær utan um þetta starf sé: þjóðkjörinn trúnaðarmaður. Forsetinn verður að hefja sig upp yfir flokkspólitík. Hann er á kafi í almennri pólitík – því að allt eru jú stjórnmál, eins og einhver sagði. Hann laðar fram umræður og samræður, efnir til þeirra, spyr erfiðu spurninganna, kemur með hugmyndir að lausnum og ýtir undir þetta lýðræðislega sem þarf til þess að búa til málamiðlunarlausnir – ég kalla það ekki að sætta hópa því að þú sættir í rauninni ekki ólíka þjóðfélagshópa sem hafa verið til í landinu í áratugi eða aldir. Það þarf miklu meira til þess."

Ari hefur sent frá sér tíu skáldverk og telur að það yrði embættinu til framdráttar. „Ég hef nefnt að það væri í sjálfu sér ágætt að hafa skáld í þessu hlutverki vegna þess að það þarf aðeins að vökva svolitlum anda inn í þetta efniskennda sem hefur tröllriðið þjóðfélaginu. Maður finnur að það hafa opnast glufur í hjörtum manna sem eru að kalla á eitthvað upprunalegt, eitthvað sem er ekki eins handfast og fjármunir eða fasteignir – svolítið afturhvarf til náttúrunnar í jákvæðum skilningi. Mér hugnast þetta allt saman."

Ekki gott að vera lengi á toppnum

Spurður hvort hann treysti sér til að leggja mat á það hvernig sitjandi forseti hafi staðið sig í embætti segir Ari það ekki sitt hlutverk.

„Forseti sem hefur setið í sextán ár hefur gert margt jákvætt og honum hafa eflaust orðið á mistök. Það sama mundi henda hvert okkar hinna sem fengi þetta embætti. Ég tel að það sé ekki mitt sem frambjóðanda að setja fram palladóma um sitjandi forseta vegna þess að það er nákvæmlega núna í þessum kosningum sem þeir verða felldir, og það eru þá kjósendur sem gera það."

En finnst Ara sextán ár of langur tími?

„Fyrir sjálfan mig er hann allt of langur," segir Ari, sem líkir forsetastarfinu við fjallgöngu. Þegar komið sé á toppinn á háu fjalli, eins og hann hafi talsverða reynslu af, þá sé ekki gott að staldra þar lengi við. „Við munum einfaldlega taka eitt kjörtímabil í einu. En ég get líka lýst því yfir að mér finnst eðlilegt að fólk geti kosið forseta nokkuð títt," bætir Ari Trausti við, og bendir á að mörg önnur embætti ríkisins séu háð tímatakmörkunum. Það sama eigi að gilda um forsetann.

Auðvitað þarf að breyta stjórnarskránni

Ari segist aðspurður ekki þekkja tillögur stjórnlagaráðs um breytingar á stjórnarskránni nógu vel til að tjá sig um þær að sinni. Yrði hann forseti segist hann ekki myndu taka afstöðu með eða á móti einstökum greinum nýrrar stjórnarskrár. Hins vegar þurfi að gera breytingar á stjórnarskránni.

„Ég kann núgildandi stjórnarskrá nokkurn veginn utan að. Mér finnst hún oft og tíðum dálítið óljós og það eru þarna ákvæði sem búið er að hola undan með lagasetningu, til dæmis í sambandi við embættisveitingar til dæmis. Auðvitað þarf að breyta stjórnarskrá sem er sextíu ára gömul, en það þarf til þess alveg gríðarlega vinnu og þetta þarf að vera í opinni augsýn almennings og hann þarf að geta tekið þátt í vinnunni."

Ari telur hins vegar að forsetinn eigi að hafa málskotsrétt eins og verið hefur. Hann er ósammála þeirri skoðun sem heyrst hefur að það sé áfellisdómur yfir stjórnvöldum ef lögum þeirra er vísað til þjóðarinnar og þau felld. Ríkisstjórnir geti vel setið slíkt af sér.

„Þannig að ég segi já, mér finnst eðlilegt að þessi málskotsréttur sé til þótt það megi vel vera að í framtíðarstjórnarskrám verði honum dreift eitthvað meira. Og já, það er rétt að beita honum. Ég hef kallað þetta lýðræðislegan hemil – bremsu – og mér finnst eðlilegt að slíkur hemill sé til staðar. En mér dettur ekki í hug að fara að útmála einhverjar senur, hvenær ég mundi beita þessu úrræði og hvenær ekki. Það væri óábyrgt."

REYNSLUMIKILL Ari hefur starfað sem jarðvísindamaður, kennari, dagskrárgerðarmaður í útvarpi og sjónvarpi, skrifað bæði skáldverk og fræðirit, verið veðurfréttamaður og unnið við ferðaþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

> Forseti sem hefur setið í sextán ár hefur gert margt jákvætt og honum hafa eflaust orðið á mistök.

Öflugra samstarf Norðurlandanna

Í stefnuskrá sinni telur Ari upp ýmis atriði sem hann mundi leggja áherslu á í embætti næði hann kjöri. Meðal þeirra eru samræður milli þjóðfélagshópa um hag og framtíð samfélagsins, skilvirkt, fjölbreytt, einstaklingsmiðað menntakerfi, atvinnu- og menningarstarf ungs fólks, styrk samhjálp handa öllum til heilbrigðs lífs, sérþekking vísindanna og nýsköpun, jafnrétti og mannréttindi, viðnám gegn náttúruvá og áhrifum hlýnunar andrúmsloftsins, blómleg landsbyggð, sjálfbær nýting náttúruauðlinda og er þá aðeins fátt talið.

„Þetta eru allt saman verkefni sem hægt er að vinna að, meðal annars með því að beita sér fyrir umræðu, hvort sem er í þingsetningarræðu eða áramótaávarpi eða með því að efna til ráðstefna, eins og forsetaembættið getur gert."

Og Ari sæi fyrir ögn breyttar áherslur yrði hann forseti lýðveldisins. „Ég reikna með að ég mundi beita mér töluvert mikið hérna innanlands, auðvitað erlendis líka, en ég hugsa að ég mundi breyta áherslunum og eyða meiri orku innanlands en verið hefur. Á utanlandsvettvangi mundi ég einbeita mér að öflugu samstarfi Norðurlanda, jafnræði milli þjóða, trúarbragða og lífsskoðana, auknum samskiptum við þróunarlönd – ég hef töluvert stóran snertiflöt við þau – sérstöðu Íslands í málefnum heimskautasvæða – ég hef góða þekkingu á þeim málefnum – og lýðræðislegum ákvörðunum um helstu samskipti við aðrar þjóðir.

Þetta getur maður listað upp fyrir fram en það er líklega betra að segja ekki mjög nákvæmlega fyrir um hvað maður ætlar að gera vegna þess að kannski er ekki hægt að standa við það allt þegar á hólminn er komið."

ÞROSKAÐIST UPP ÚR KOMMÚNISMANUM

Þótt Ari Trausti hafi ekki tekið virkan þátt í stjórnmálum í hálfan fjórða áratug var hann sem ungur maður áberandi í baráttu brennheitra vinstrimanna. Hann leiddi hin marx-lenínísku Einingarsamtök kommúnista á áttunda áratugnum og tókst þar meðal annars á um hugmyndafræði við aðrar kommúníska fylkingar.

Ari segir að upphafið megi rekja til hinnar stúdentapólitísku hreyfingar '68-kynslóðarinnar sem hafi þróast yfir í andstöðu við stórveldin, innrás Varsjárbandalagsins í Tékkóslóvakíu 1968, Víetnamstríðið og fleira.

„Fljótlega vildi stór hluti af þessu fólki – þetta voru hundruð eða þúsundir manna – fara að skipta sér af hinni almennu pólitík. Þá varð hugmyndin sú að búa til afl til vinstri við Alþýðubandalagið sem gæti virkjað almenning til þátttöku, hvort það var í launabaráttu eða beinu lýðræði eða því um líku, og í þessu tók ég þátt.

Svo kom í ljós að þetta var hrá fræðikenning og það voru blikur á lofti í öðrum löndum sem sýndu fram á að þetta væri nú ekki að ganga upp – við sjáum hvernig fór í Kína til dæmis – og eins og efni stóðu til þá lognaðist þetta bara út af, mjög settlega í raun. Maður endurskoðaði sína afstöðu, þroskaðist og fullorðnaðist, og öll þessi barátta, hvar sem þú grípur niður í hana, hún hvarf. Jafnréttisbaráttan – kvennabaráttan – tók við og svo erum við að fara inn í umhverfisbaráttuna. Öllu er þessu haldið á lofti af ungu hugsjónafólki og ég get ekki ímyndað mér að þetta geti haft áhrif á það hvernig ég gegni forsetaembættinu 30 til 40 árum síðar, ekki frekar en að þetta háir öðrum embættismönnunum sem hafa sama bakgrunn og ég."

Ari segir að þrátt fyrir allt hafi þetta verið lærdómsríkur tími. „Ég bý að þekkingu á sögu og kann að vinna skipulega." Starfið hafi verið skemmtilegt og skilji eftir sig góðar minningar. „En ég lærði það líka að pólitískar kenningar þarf að aðlaga veruleikanum og þjóðfélögum og breyttum tímum. Ætli það sé ekki mikilvægasti lærdómurinn."

www.kaupumgull.is

Græddu á gulli á Grand hótel! um helgina

Losaðu þig við það sem þú notar ekki lengur!
Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr!

Vegna mikillar eftirspurnar

Verðum eftirtalda daga á 14. hæð í turninum Grand Hótel
Laugardaginn 21. apríl frá kl. 11:00 til kl. 19:00
Sunnudaginn 22. apríl frá kl. 11:00 til kl. 19:00
Mánudaginn 23. apríl frá kl. 11:00 til kl. 19:00

Kaupum gegn staðgreiðslu allt gull m.a hringa, hálsfestar, armbönd, gullmynt,
Gold Quest gullmynt, styttur, kertastjaka o.fl

FRÍTT VERÐMAT!

Engin skuldbinding til að selja.

Kaupum gömul og ný úr eins og Rolex, Breitling, Cartier,
Patek Philippe ásamt öllum gullúrum.

Kaupum alla demanta

Staðgreiðum einnig verk eftir þekkta íslenska listmálara
eins og Gunnlaug Blöndal,
Jóhannes Kjarval,
Svavar Guðnason, Flóka,
Ásgrím Jónsson,
Nínu Tryggvadóttur,
Karólínu Lárusdóttrir,
Jón Stefánsson,
Georg Guðna
og fleiri.



Erum á 14. hæð í turninum á Grand Hóteli

Upplýsingar og tímapantanir
Sverrir s. 661-7000

Vöðum í djúpri reggítjörn

Systkinin **Unnur Malín, Arnljótur, Gylfi Freeland og Valgerður Freeland** eru öll í reggísveitinni **Ojba Rasta** sem flytur Baldursbrá, eitt vinsælasta lag landsins. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við þau um listrænt uppeldi í Vesturbænum og reggíbarnið Unnstein.

Þetta hefur verið dálítið langt og hægt ferli. Það má eiginlega segja að við séum eins og risaskjaldbaka," segir Arnljótur Sigurðsson, bassaleikari, söngvari, og einn lagahöfunda reggísveitarinnar Ojba Rasta, en sveitin á eitt allra vinsælasta lag landsins um þessar mundir, Baldursbrá, sem situr meðal annars í efsta sæti á vinsældalista Rásar 2. Alls eru meðlimir sveitarinnar ellefu og þar með talin þrjú systkini Arnljóts: Unnur Malín (kölluð Malla), sem leikur á barítónhorn, trommarinn Gylfi Freeland og Valgerður Freeland, sem spilar á klarínett.

Arnljótur, 24 ára, og Gylfi, 21 árs, voru meðal stofnmeðlima Ojba Rasta árið 2009 en eftir nokkrar breytingar gengu Unnur Malín og Valgerður (28 ára og 19 ára) til liðs við sveitina í febrúar 2010 og hefur hún starfað með þeirri liðskipan síðan. Bandið er nú langt komið með gerð fyrstu breiðskífu sinnar og er stefnan sett á útgáfu fyrir eiginlega sumarkomu. „Þessi plata verður að koma út fyrir sumarið, enda spilum við sólartónlist," segir Unnur Malín.

Áhrifin koma víða að

Þessi útsprungna afurð íslenskrar reggíflóru hefur leikið á fjölda tónleika frá stofnun fyrir þremur árum (og nokkrir meðlima hennar aðstoðuðu meðal annars sjálfa Fræbbblana við flutning gömlu ska-perlunnar A Message To You, Rudy á Menningarnótt á síðasta ári), en það fyrsta sem heyrðist til Ojba Rasta á öldum ljósvakans var lagið Jolly Good, fullskapaður og döbbþungur reggíbolti að jamaískri fyrirmynd sem náði miklum vinsældum síðasta sumar og fyllti marga tónlistaraðdáendur eftirvæntingu. Baldursbráin fylgdi í kjölfarið fyrir nokkrum vikum og klóraði sig alla leið á toppinn, en í því lagi kveður við nokkuð annan tón þótt reggíið sé sem fyrr í forgrunni.

„Áhrifavaldarnir eru hvaðanæva að," segir Arnljótur, aðallagahöfundur þótt lokaútkoma laganna verði ávallt til í mikilli samvinnu allra meðlima sveitarinnar. Unnur Malín samsinnir því. „Fyrir utan reggíið vísum við í margar tegundir heimstónlistar, til dæmis sígaunatónlist, og ekki síður íslenskan þjóðlagaarf eins og heyrist í Baldursbrá. Mamma okkar er hagyrðingur og meðlimur í Kvæðamannafélaginu Iðunni, sem hefur skilað sér í uppeldinu. Hún hefur kennt okkur margar rímur og Arnljótur skellti sér á þjóðlagahátíð hjá móðursystur okkar á Siglufirði sem unglingur og féll algjörlega í stafi, fór á námskeið í rímnakveðskap og allt," útskýrir Unnur Malín.

Arnljótur segir systkinin öll hafa gaman af tónlist frá flestum heimshornum og hafi auk þess alla tíð hlustað mikið saman á tónlist. „Eftir því sem við hlustum meira streyma áhrifin inn í blóðið. Oft er erfitt að greina nákvæmlega hvaðan áhrifin eru, en þau eru vissulega til staðar."

Fjölbreytnin í reggí-tónlistinni

En hvernig kom svo til að íslensk ungmenni ákváðu að einbeita sér að reggítónlistinni?

„Reggígrúppurnar hér eru reyndar fleiri en marga grunar og sífellt bætist í hópinn," segir Gylfi og vísar þar meðal annars til Hjálma, sem hafa verið óþrjótandi við að breiða út íslenskan reggíboðskap í hartnær áratug og Amaba Dama, sveitar sem leidd er af Magnúsi Jónssyni, eða Gnúsa Yones, en fyrsta plata Ojba Rasta er einmitt tekin upp í hljóðveri Gnúsa, Studio History, og er mikill samgangur milli sveitanna tveggja.

„Við höfðum lengi hlustað á reggí," tekur Arnljótur við. „Svo jókst áhuginn og þekkingin á þessari tónlist dag frá degi. Smátt og smátt fer maður að greina þessa miklu fjölbreytni í reggíinu. Það eru til svo margar stefnur og straumar að þetta er ansi djúp tjörn sem þarf að vaða. Í upphafi var jamaíski tónlistarmaðurinn og upptökustjórinn Lee „Scratch" Perry mikill áhrifavaldur og við spiluðum lög eftir hann, en þegar við kynntumst Gnúsa og Hjálmi Ragnarssyni [Hjálmur, eða Hjalli, er meðlimur Ojba Rasta og ber titilinn „Dubmaster", ber með öðrum orðum ábyrgð á þeim fjölmörgu furðuhljóðum sem flestum þykir ómissandi í reggítónlist] fór boltinn að rúlla fyrir alvöru. Hjalli nær að galdra eitthvað alveg sérstakt út úr okkur. Við ákváðum snemma að við vildum hafa döbb-fíling á tónlistinni og þannig eru nokkur laganna á plötunni, sum þeirra án söngs," útskýrir Arnljótur.

> Við erum glöð og sæl með þetta. Við höfum svo rosalega gaman af þessu og vonumst bara til að það nái í gegn til hlustenda.

Gylfi bætir við að sjálf séu systkinin nokkuð hissa á vinsældum þeirra tveggja laga sem sveitin hefur sent frá sér hingað til. „En við erum sæl og glöð með þetta. Við höfum svo rosalega gaman af þessu og vonumst bara til að það nái í gegn til hlustenda."

Listrænt uppeldi

Trommarinn Gylfi Freeland er önnum kafinn maður, rétt eins og systkini sín, en ásamt því að tromma með Ojba Rasta er hann einnig meðlimur í hljómsveitunum Retro Stefson og Berndsen, sem eitísáhugamaðurinn Davíð Berndsen leiðir. Fyrrnefnda sveitin er einnig í þann mund að gefa út nýja plötu og dvelja meðlimir hennar langdvölum erlendis. „Við í Ojba Rasta erum þó svo heppin að hafa annan trommara, Erling Bang, svo það er ekki mikið vandamál þegar ég forfallast," segir Gylfi.

Arnljótur kemur líka víða við í íslenskum tónlistarheimi og leikur meðal annars með hljómsveitinni Sin Fang, á meðan Unnur Malín og Valgerður einbeita sér fyrst og fremst að Ojba Rasta á tónlistarsviðinu. Valgerður stundar nám á myndlistarbraut í Fjölbraut í Breiðholti og útskrifast í sumar, en svo skemmtilega vill til að Unnur Malín, Arnljótur og Gylfi útskrifuðust líka af sömu braut í sama skóla. Má því gera ráð fyrir að systkinin hafi hlotið listrænt uppeldi?

„Já, það er óhætt að segja það," segir Unnur Malín. „Pabbi okkar, Sigurður Örlygsson, er myndlistarmaður og djassgeggjari og veggirnir á heimilinu voru þaktir málverkum og geisladiskum. Mamma og pabbi spiluðu ekki sjálf á hljóðfæri en gættu þess vel að við fengjum tækifæri til þess. Við erum til dæmis öll alin upp af Lárusi Grímssyni, hljóðfæraleikara og hljómsveitarstjóra, í Skólahljómsveit Vesturbæjar og Lúðrasveit Reykjavíkur, en hann kenndi okkur mjög margt."

Arnljótur bætir við að reynslan úr lúðrasveitunum hafi verið ómetanleg. „Það er rándýrt að senda mörg börn í tónlistarnám í einkaskóla, enda erum við alls sjö systkinin, en við fengum góða kennslu og mikla reynslu í skólahljómsveitinni. Þess vegna höfum við líka öll leikið mikið af sömu tónlistinni, allt frá tónlistinni í teiknimyndinni Herkúles yfir í Stravinsky, nútímatónlist og allt þar á milli."

Reggíbarnið Unnsteinn

Auk þess að spila með Ojba Rasta og Lúðrasveit Reykjavíkur starfar Unnur Malín hjá Iceland Travel og sér um ungan son sinn, Unnstein. Sá stutti heyrði slagarann Baldursbrá leikinn í fyrsta sinn þegar hann var staddur í móðurkviði á sviðinu þegar Ojba Rasta lék á Airwaves-hátíðinni haustið 2010.

„Ég var kasólétt á sviðinu með þennan stóra lúður og hafði stól á sviðinu til öryggis. Arnljótur var að kynna hljómsveitina og sagði: „Þetta er Unnur Malín systir mín og litli frændi minn," en þá vissum við ekki hvers kyns barnið var. Arnljótur sagðist halda að barnið væri strákur, eða að minnsta kosti vona það, og hann hafði rétt fyrir sér. Það er gaman að eiga það á upptöku þegar bróðir minn spáir rétt fyrir um kynið," rifjar Unnur Malín upp og hlær. „Unnsteinn bregst líka alltaf við þegar hann heyrir í Ojba Rasta, fer að dansa og syngja."

Aðspurð segjast systkinin ekki enn hafa ákveðið nafn á nýju plötuna, þótt ýmsir vinnutitlar hafi verið teknir í notkun. „Ætli við nefnum hana ekki bara Dubbi Morthens," segir Gylfi að lokum við nokkra kátínu systkina sinna.

OJBA RASTA Þau Arnljótur, Valgerður, Gylfi og Unnur Malín fengu listrænt uppeldi, voru öll í Skólahljómsveit Vesturbæjar og útskrifuðust af myndlistarbraut í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SNOÐHAUSAR Í SKERJAFIRÐI



Um hríð bjuggu Ojba Rasta-systkinin í Litla-Skerjafirði. Jón Hjartarson, leikari og rithöfundur, gaf árið 1983 út barnabókina Snoðhausar sem byggði að einhverju leyti á ævintýrum barna höfundarins og vina þeirra en í þeim hópi voru téð Ojba Rasta-systkin. „Það var mjög gaman að lesa um sjálfan sig í bók," segir Unnur Malín. „Ég ákvað sjálf að semja bók í svipuðum stíl eftir að hafa lesið Snoðhausa og byrjaði að hamra inn á eldgamla ritvél, en það varð ekkert meira úr því."

einfaldlega betri kostur

Gleðilegt Sumar

SUMMER garðsett
29.900,-

SUMMER Garðsett, polytrefjar. Grábrúnt. **29.900,-**
Felliborð og 2 fellistólar. Felliborð 59x59x71 cm.
Hæð á stól 85 cm. *Einnig til svart.*

BASKET Ferkantaðar körfur.
Lítil. 29x29x19 cm. **4.995,-**
Miðstærð. 40x40x30 cm. **6.495,-**
Stór. 50x50x40 cm. **7.995,-**

KITCHEN
Skál Ø16 cm. **695,-**
Skál Ø20,5 cm. **895,-**
Skál Ø25 cm. **1.195,-**

ZINC Vatnskanna zink. 6L **2.995,-**

SUMMER Hengirúm m/tréslá.
3.995,- *Ýmsir litir.*

SUMMER stóll
4.900,-

SUMMER Garðstóll, svartur/ polytrefjar. **4.900,-** Garðborð, svart m/glerplötu. Ø102 cm. **12.900,-**

SUMMER Hlíf. Ø30 cm. **395,-**

SUMMER Blómapottur.
24x24x35 cm. **1.495,-**
27x27x45 cm. **2.995,-**
35x35x55 cm. **3.995,-**

SUMMER Borð á svalir.
60x53 cm. **6.900,-** *Einnig til hvítt.*

SUMMER Glas, plast. H9 cm. **295,-**
SUMMER Skál, plast. Ø15 cm. **295,-**
SUMMER Skál, plast. Ø25 cm. **895,-**

SUMMER Kanna 2L og 4 glös.
1.995,- *Ýmsir litir.*



SUMMER
Hitamælir, stál.
H30 cm. **895,-** *Ýmsir litir.*
Hitamælir, steinn. H36 cm. **695,-**

SUMMER Garðsett, polytrefjar. Grábrúnt.
Felliborð og 2 fellistólar. Fléttuð borðplata og sessur, grind úr málmi.
Borð Ø62, H74 cm. Hæð á stól 83 cm. **34.900,-**

SUMMER stóll
4.900,-

SUMMER Bistro stóll málmur/ fléttuð seta úr polytrefjum.
4.900,- *Einnig til svartur.*

SUMMER
Sólhlífafótur steyptur. **6.995,-**
Sólhlífafótur marmari. **12.900,-**

SUMMER. Sólhlíf
Ø3m. **9.900,-** *Ýmsir litir.*
Ø2,25m. **7.900,-** *Svört/lime.*
Sólhlífarfótur seldur sér.

kaffi ILVA

Laxabeygla
Reyktur lax, egg, graflax-sósa og salatblanda **895,-**
nú 595,-

BEYGLA MÁNAÐARINS

VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

sendum um allt land

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30 laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

MERIDA

BMX ÁHÆTTUATRIÐI Í DAG, 21. APRÍL KL. 14.00, HJÁ ELLINGSEN REYKJAVÍK.

STUÐ! ÖLL BÖRN FÁ GRILLAÐAR SS-PYLSUR.

Maggi og Bjarki BMX-snillingar ásamt fleirum sýna listir sínar á MERIDA BMX þrautapöllum.

STÓRKOSTLEGT HELJARSTÖKK

OG ÁHÆTTUATRIÐI BMX-OFURHUGA

MERIDA-HJÓLIN, ÞAU MEST SELDU Í NOREGI, NÚ LOKS Á ÍSLANDI

MERIDA

Merida-hjólin henta í allar tegundir hjólreiða, enda framleidd með það að leiðarljósi að þjóna bæði hinum almenna hjólreiðamanni og atvinnumanninum. Merida hefur verið mjög áberandi í stærstu hjólreiðakeppnum heims undanfarin ár. Á meðal þeirra sem nota Merida-hjól eru margfaldir heimsmeistarar á fjallahjólum á borð við Spánverjann Jose Hermida og norsku hjólreiðakonuna Gunn-Rita sem byrjaði að nota Merida-hjólin árið 2001 og hefur verið nánast ósigrandi síðan.

Í verslunum Ellingsen er mikið úrval af hjólum fyrir börn og fullorðna, aukahlutum og hjólreiða-fatnaði. Hverju hjóli fylgir stilling á hjólreiðaverkstæði Ellingsen mánuði eftir að það er keypt.

Komdu í heimsókn og kynntu þér gæði Merida.

AUKAHLUTIR

MERIDA MARLIN BARNAHJÁLMUR

5.990 KR.

MERIDA BUBBLE BARNAHJÁLMUR

6.990 KR.

MERIDA BIRKE HJÁLMUR

13.990 KR.

ORTLIEB CITY REIÐHJÓLATASKA

Fyrir afturhjólin, vatnsheld

17.990 KR.

ORTLIEB ULTIMATE 5 REIÐHJÓLATASKA

Vatnsheld

14.990 KR.

PIPAR\TBWA • SÍA • 121114

FJALLAHJÓL

MERIDA YELLOWSTONE FJALLAHJÓL 18–20”

69.990 KR.

Léttgreiðslur **11.665 KR.** í 6 mánuði.

Bremsur:	V-brake
Gírskipting:	Shimano
Gírar:	21
Þyngd:	13,6 kg

MERIDA JULIET KEYSTONE FJALLAHJÓL 16–18”

99.990 KR.

Léttgreiðslur **16.665 KR.** í 6 mánuði.

Bremsur:	Tectro Draco 160
Gírskipting:	Shimano
Gírar:	21
Þyngd:	13,6 kg

MERIDA DURANGO FJALLAHJÓL 16–22”

99.990 KR.

Léttgreiðslur **16.665 KR.** í 6 mánuði.

Bremsur:	Tectro Draco 160
Gírskipting:	Shimano
Gírar:	21
Þyngd:	13,6 kg

MERIDA IMAGE-D FJALLAHJÓL 16–22”

159.990 KR.

Léttgreiðslur **26.665 KR.** í 6 mánuði.

Bremsur:	Tectro Draco 160
Gírskipting:	Shimano
Gírar:	21
Þyngd:	13,6 kg

MERIDA BIG NINE 100 FJALLAHJÓL 15–19”

169.990 KR.

Léttgreiðslur **28.331 KR.** í 6 mánuði.

Bremsur:	Tectro Draco 160
Gírskipting:	Shimano
Gírar:	21
Þyngd:	13,6 kg
Dekk:	29”

MERIDA BIG NINE C FJALLAHJÓL 17”

649.990 KR.

Léttgreiðslur **108.331 KR.** í 6 mánuði.

Bremsur:	Magura MT4
Gírskipting:	SRAMX9
Gírar:	21
Þyngd:	9,1 kg

MERIDA CROSSWAY YELLOWSTONE 52–61 cm

69.990 KR.

Léttgreiðslur **11.665 KR.** í 6 mánuði.

Bremsur:	V-brake
Girskipting:	Shimano Acera
Gírar:	21
Þyngd:	12,9 kg

MERIDA CROSSWAY HYBR 20 GÖTUHJÓL 46–48 cm

99.990 KR.

Léttgreiðslur **16.665 KR.** í 6 mánuði.

Bremsur:	Hayes MX 5 160
Girskipting:	Shimano st-ef51
Gírar:	21
Þyngd:	14 kg

GÖTUHJÓL

MERIDA COMFORT GÖTUHJÓL 47–55 cm

89.990 KR.

Léttgreiðslur **14.998 KR.** í 6 mánuði.

Bremsur:	Tectro 837AL
Girskipting:	Shimano Nexus
Gírar:	3
Þyngd:	17,3 kg

Karfa, bretti, bögglaberi, glitaugu og bjalla fylgja.

RACER-HJÓL

MERIDA ROAD RIDE 88 RACER S/M og M/L

149.990 KR.

Léttgreiðslur **24.998 KR.** í 6 mánuði.

Bremsur:	V-Brake Linear
Girskipting:	Shimano
Gírar:	16
Þyngd:	13,4 kg

MERIDA ROAD RACE 901 RACER XS, S og S/M

189.990 KR.

Léttgreiðslur **31.665 KR.** í 6 mánuði.

Bremsur:	Shimano Sora
Girskipting:	Shimano
Gírar:	18
Þyngd:	13,6 kg

MERIDA RACE LITE RACER S og M

299.990 KR.

Léttgreiðslur **49.995 KR.** í 6 mánuði.

Bremsur:	Shimano
Girskipting:	Shimano 105
Gírar:	21
Þyngd:	8,9 kg

BARNAHJÓL

MERIDA REDWOOD FJALLAHJÓL 13,5”

59.990 KR.

Léttgreiðslur **9.998 KR.** í 6 mánuði.

Bremsur:	V-Brake Linear
Girskipting:	Shimano
Gírar:	7
Þyngd:	13 kg
Dekk:	24”

MERIDA UMF HARDY 6 XS, S og M

99.990 KR.

Léttgreiðslur **16.665 KR.** í 6 mánuði.

Bremsur:	Shimano V-brake
Girskipting:	Shimano Altus
Þyngd:	14,8 kg

MERIDA BRAD BMX-HJÓL

69.990 KR.

Léttgreiðslur **11.665 KR.** í 6 mánuði.

Bremsur:	Tectro 907
Girskipting:	Single speed
Þyngd:	12,3 kg

BARNAHJÓL

MERIDA DINO 16 BARNAHJÓL 4–6 ÁRA

29.990 KR.

Léttgreiðslur **4.998 KR.** í 6 mánuði.

Bremsur:	Hand- og fótbremsur
Girskipting:	Shimano
Gírar:	Single speed
Þyngd:	11,2 kg

Bretti, standari, keðjuhlíf, bjalla og glitaugu fylgja.

MERIDA BELLA 20 BARNAHJÓL 6–8 ÁRA

49.990 KR.

Léttgreiðslur **8.331 KR.** í 6 mánuði.

Bremsur:	Power v-br 131s
Girskipting:	Shimano
Gírar:	6
Þyngd:	13,2 kg

MERIDA DINO/BELLA 12 BARNAHJÓL 2–4 ÁRA

24.990 KR.

Léttgreiðslur **4.165 KR.** í 6 mánuði.

Bremsur:	Fótbremsur
Grind:	Ál
Þyngd:	7,5 kg
Dekk:	12”

Hjálpardekk fylgja.

Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Í ÞÚSUNDAVÍS Upp úr sandinum standa lurkarnir í þúsundavís. Árhringjarannsóknir sýna að trén drápust öll á sama tíma. Að líkum lætur að flóðið hafi komið í kjölfar eldsumbrota í Kötlu fyrir um 1.400 árum síðan þegar hlaup æddi niður Markarfljótsaura og til sjávar. Svæðið er um 2000 hektarar lands að flatarmáli og á hverjum hektara eru um 500-600 lurkar.

Fornskógurinn sem Katla felldi

Við eyrar Þverár í Fljótshlíð finnast leifar af fornum skógi. Staðurinn nefnist **Drumbabót** en þar má finna lurka af þúsundum birkitrjáa sem standa upp úr sandinum. *Stefán Karlsson* fór í óvenjulega lautarferð í vikunni og myndaði handverk Kötlu gömlu.

SEX FLÓÐ Þekkt eru sex stór jökulhlaup sem fóru til vesturs úr Mýrdalsjökli, fjögur þeirra hafa orðið fyrir 6200 til 1400 árum síðan, hin tvö eru talin eldri. Sú kenning er uppi að síðasta eiginlega sprengigosið í Kötlu hafi valdið flóðinu, en það hefur líklega farið yfir allar Landeyjar.

LISTAVERK Lurkarnir eru gildastir um 30 sentímetrar í þvermál og teikna fallegar myndir í sandinn. Slík tré eru með þeim stærstu sem finna má í birkiskógum í dag.

KÖFNUÐU TRÉN? Vísindamenn útiloka ekki þá kenningu að skógurinn hafi einfaldlega kafnað. Setmyndun hafi hækkað grunnvatnsborðið og því hafi rætur trjánna verið í kafi í vatni í lengri tíma. Það þolir birkið ekki og drepst.

HAMFARIR Ljóst er að um miklar hamfarir hefur verið að ræða því Drumbabót er 45 kílómetra frá jaðri Mýrdalsjökuls. Mikið hefur þurft að ganga á til að drepa þann mikla skóg sem þarna stóð.

KRÓNAN

Nýtt kortatímabil!

GRÍSAKJÖTS-ÚTSALA

34% afsláttur

989 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísakótilettur

30% afsláttur

1598 kr. kg

Verð áður ~~2298~~ kr. kg
Grísalundir

30% afsláttur

1189 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísahnakki, úrbeinaðar sneiðar

30% afsláttur

1189 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísasnitsel

30% afsláttur

1189 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísasnitsel

LAMBALÆRI – fyrir þig og þína!

1398 kr. kg

Ferskt lambalæri

1 kg

1898 kr. kg

Erlendar kjúklingabringur

20% afsláttur

2318 kr. kg

Verð áður ~~2898~~ kr. kg
SS norrænn svínahryggvöðvi

415 kr. stk.

Krónuís, 3 teg., 1,33 l

4x1 l kippa

499 kr. pk.

Coke og Coke-Light, 4x1 l

ávaxta-markaður Krónunnar

AÐEINS 39 kr. STYKKIÐ

Veldu einhverja tíu ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar, settu þá í poka eins og þennan og borgaðu aðeins 390 kr.

Gættu þess að láta ávaxtafjöldann standa á heilum tug.
Stykkjaverð er 49 kr. ef ekki er verslað á heilum tug.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

Krónan Árbæ | Krónan Bíldsöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

Allt lagt undir í El clásico

Risarnir á Spáni mætast í sjötta sinn á þessari leiktíð. **Barcelona** hefur sótt hart að **Real Madrid** á undanförnum vikum. Mikil stemning hjá íslenskum stuðningsmönnum beggja liða. *Sigurður Elvar Þórólfsson* fór yfir stöðuna með sérfræðingum Stöðvar 2 sport.

Einn stærsti fótboltaleikur ársins fer fram síðdegis í dag í Barcelona þar sem ríkjandi Spánarmeistarar taka á móti Real Madrid í Nou Camp í Barcelona. Þessar viðureignir risanna á Spáni eru kallaðar „El clásico“ og það fer allt á hliðina hjá stuðningsmönnum þessara félaga í aðdraganda þessara leikja. Spennan er mun meiri að þessu sinni þar sem að Barcelona getur með sigri minnkað forskot Real Madrid í eitt stig – en fjórum stigum munar á liðunum.

Fyrir nokkrum vikum síðan töldu flestir að úrslitin væru ráðin í Spánarsparkinu. Forskot Real Madrid á Barcelona var á þeim tíma 13 stig og fátt sem benti til þess að það myndi breytast. Katalónarnir í Barcelona eru með tölfræðina á bak við sig ef tekið er mið af átta síðustu „El clásico“. Þar hefur Barcelona sigrað í sjö viðureignum.

Hinn spænskættaði Íslendingur Mikael Marinó Rivera er grjótharður stuðningsmaður Real Madrid og fylgist vel með Spánarsparkinu. Mikael segir að áhugi Íslendinga á þessum leik hafi aukist gríðarlega á undanförnum árum.

„Stuðningsmenn Real Madrid munu safnast saman á sportbarnum Úrillu Górillunni við Gullinbrú í Grafarvogi og Barcelona stuðningsmenn á farfuglaheimilinu Reykjavík Backpackers við Laugaveg. Það má búast við miklu fjölmenni og gríðarlegri stemningu á báðum þessum stöðum. Við búumst við nokkur hundruð manns á báðum stöðum,“ sagði Mikael en hann telur að stuðningsmenn Barcelona séu mun fleiri á Íslandi en stuðningsmenn Real Madrid.

„Líklega á Eiður Smári Guðjohnsen stóran þátt í því enda eini Íslendingurinn sem hefur leikið með félaginu.“ Mikael segir að stemningin í þessum leikjum hafi breyst mikið á undanförnum misserum. „Það er mikil saga á bak við þessa leiki og þessi félög. Katalónar, sjálfstæðisbarátta, og allt það. Mér finnst hins vegar stemningin hafa breyst. Það er miklu meiri hiti og reiði í gangi. Það skýrist líklega af því að þessi lið eru einfaldlega stærstu fótboltalið heimsins í dag,“ sagði Mikael. Leikurinn hefst kl. 18.00 í dag og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 sport.

Sært stolt eftir tapleiki í Meistaradeildinni

Það vekur einnig athygli að stolt beggja liða er sært eftir tapleiki í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Á Spáni hefur ekki neitt annað komið til greina en að risarnir frá Spáni myndu mætast í úrslitaleiknum í München í maí. FC Bayern München frá Þýskalandi er hins vegar 2-1 yfir eftir fyrri leikinn gegn Real Madrid sem fram fór í Þýskalandi – og staða enska liðsins Chelsea er einnig góð eftir 1-0 sigur á heimavelli gegn ríkjandi Evrópumeistaraliði Barcelona.

> Mourinho hefur reynt það áður að leggja allt í varnarleikinn gegn Barcelona og það hefur aldrei gengið upp.

Sparksérfræðingar hafa velt upp þeim möguleika að þjálfarnir José Mourinho hjá Real Madrid og Pep Guardiola hjá Barcelona muni freistast til þess að hvíla lykilmenn í „El clásico“. En við nánari skoðun þá er slíkt nánast óhugsandi. Stolt og heiður beggja liða er í húfi og allt verður lagt undir í þessum slag eins og alltaf. Það er mjög líklegt að Portúgalinn José Mourinho muni leggja allt kapp á varnarleikinn hjá Real Madrid. Jafntefli væru góð úrslit fyrir liðið og það eru heimamenn sem þurfa að sækja stigin þrjú sem eru í boði.

Mourinho hefur reynt það áður að leggja allt í varnarleikinn gegn Barcelona og það hefur aldrei gengið upp. Hann var harðlega gagnrýndur eftir 2-1 tap Real Madrid gegn Barcelona í janúar s.l. þar sem að Mourinho lagði allt kapp á varnarleikinn. Barcelona hefur alltaf fundið leið í gegnum varnarmúrinn hjá hinum litríka Mourinho.

Argentínumaðurinn Lionel Messi er skæðasta vopn Barcelona í sóknarleiknum og telja margir að hann sé besti fótboltamaður allra tíma. Messi þarf að eiga afbragðsleik ef Barcelona ætlar sér sigur og varnarmenn Real Madrid munu án efa hafa góðar gætur á þessum magnaða 24 ára gamla leikmanni.

Real Madrid er einnig með stórstjörnu í sínum röðum sem gæti gert út um leikinn; Portúgalann Cristiano Ronaldo.

Eins og sjá má í kortinu hér til hliðar eru þeir Lionel Messi og Cristiano Ronaldo búnir að afreka ótrúlega hluti á þessari leiktíð. Þeir standa nánast jafnt á öllum tölfræðiþáttum og sem markaskorarar. Ronaldo hefur skorað 41 mark á þessari leiktíð í deildinni og 53 alls í öllum keppnum. Messi er einnig með 41 mark í deildinni og 63 mörk alls í öllum keppnum, sem er mesta markaskor leikmanns frá því að Þjóðverjinn Gerd Müller skoraði 67 mörk fyrir Bayern München tímabillið 1972-1973.

Einnig er áhugavert að skoða þá staðreynd að Pep Guardiola hefur aðeins tapað einu sinni í 10 viðureignum gegn Real Madrid. „Messi og Ronaldo eflast í hvert sinn sem annar þeirra nær að skora. Þeir eru í sérflokki og við erum heppin að fá tækifæri til þess að sjá þessa snillinga spila fótbolta,“ sagði Guardiola við fréttamenn í gær.

STÓRSTJÖRNUR Cristiano Ronaldo Real Madrid og Lionel Messi Barcelona verða í aðalhlutverkum þegar liðin mætast í Barcelona í kvöld. Messi og Ronaldo hafa báðir skorað 41 mark í deildarkeppninni í vetur. NORDICPHOTOS/GETTY

RISARNIR Á SPÁNI MÆTAST Í EL CLÁSICO



SÉRFRÆÐINGARNIR VILJA LIONEL MESSI FREKAR EN CRISTIANO RONALDO

Hvað segja sérfræðingar Stöðvar 2 sport?

Reynir Leósson, Pétur Marteinsson og Hjörvar Hafliðason

Fréttablaðið fékk knattspyrnusérfræðinga Stöðvar 2 sport til þess að svara eftirtöldum spurningum um „El clásico“.

1. Hvaða lið mun hafa betur í El clásico í kvöld?
2. Ef þú værir þjálfari og þyrftir að velja á milli þess að fá Lionel Messi eða Cristiano Ronaldo í liðið hjá þér. Hvorn myndir þú velja?
3. Hvaða lið verður Spánarmeistari 2012?

Reynir Leósson

1. Jafntefli, 2-2 í frábærum leik.
2. Tveir langbestu leikmenn í heiminum en Messi hefur vinninginn hjá mér. Messi er betri í stóru leikjunum, jarðbundnari og meiri liðsmaður.
3. Real Madrid klárar þetta með því að ná jöfnu í leiknum í kvöld og landa þannig titlinum. Þá er José Mourinho kominn með meistaratitil í Portúgal, Englandi, Ítalíu og Spáni.

Pétur Marteinsson

1. Bæði lið töpuðu í vikunni i Meistaradeildinni en Madrid fær aukahvíldardag. Sú hvíld er dýrmæt en Barcelona er með betra lið og hafa gott tak á Real Madrid. Barcelona sigrar, 3-2, í frábærum leik.
2. Lionel Messi. Ég held að hann sé þægilegri gaur og meðfærilegri. Þeir eru báðir stórkostlegir leikmenn en Messi er að mínu mati aðeins betri og skemmtilegri.
3. Real Madrid mun ekki tapa fleiri leikjum i deildinni og þeir verða Spánarmeistarar.

Hjörvar Hafliðason

1. Barcelona vinnur leikinn.
2. Lionel Messi. Ég á engin orð til að lýsa honum lengur.
3. Ég geri ráð fyrir því að Barca minnki muninn á toppnum niður í eitt stig á laugardag. En ég held hins vegar að það stig muni ráða úrslitum og Real Madrid verður Spánarmeistari. Þeir eiga þó eftir mjög erfiðan leik gegn Athletic Bilbao á útivelli í næsta mánuði en með allt undir munu José Mourinho og félagar klára það verkefni.

Mourinho er ekki vitlaus og pakkar í vörn

Guðmundur Benediktsson

Guðmundur Benediktsson íþróttafréttamaður á Stöð 2 sport er á þeirri skoðun að José Mourinho, þjálfari Real Madrid, ætli sér að „pakka“ í vörn á Nou Camp. „José Mourinho mun leggja alla áherslu á varnarleikinn, hann er ekki vitlaus. Jafntefli eru frábær úrslit fyrir þá. Ætli við sjáum ekki svipað dæmi og þegar hann var með Inter í undanúrslitunum gegn Barcelona þegar Inter fór í úrslitaleikinn.

Ég er samt ekki viss um að það dugi til fyrir Real að þessu sinni en þeir munu svífast einskis til að fá stig. Þeir eru ekki að fara að tapa tveimur af síðustu fjórum leikum sínum í deildinni,“ segir Guðmundur en hann er sammála því að „El clásico“ sé alltaf að verða stærri og stærri viðburður. Síðustu ár hafa „þessir leikir orðið mun stærri en áður, enda eru þetta tvö stærstu fótboltalið heimsins í dag. Þetta eru sterkustu liðin í Meistaradeildinni. Tveir flottustu þjálfarnir, tveir af bestu íþróttamönnum heims; Lionel Messi og Cristiano Ronaldo. Þessi leikur verður stórkostlegur,“ segir Guðmundur.

Komdu í dag
Opið milli
kl. 10 og 16

Dýrkaðu dæguruenninguna

Sjáðu hina árlegu Ford Mustang sýningu Brimborgar og Íslenska Mustang klúbbsins

Það geta flestir notið Ford Mustang. Áratugum saman hafa Ford Mustang bílar verið framverðir nýrra gilda og áhrifavaldar í dægurmenningu Vesturlanda. Það hefur ekkert breyst.

Kíktu við í Brimborg í dag á milli kl. 10 og 16 og sjáðu hina árlegu Ford Mustang sýningu hins Íslenska Mustang klúbbs og Brimborgar að Bíldshöfða 6.

- **Á þriðja tug bíla sýndir inni**
- **Bílar frá 1965 til 2007**
- **50 ára afmæli Shelby**
- **Sjáðu Ford Mustang í uppgerð**
- **Aðgangur ókeypis, létt getraun og vinningar**

Hefurðu heyrt hið magnaða lag hins franska Serge Gainsbourg - Ford Mustang? Notaðu snjallsímann og skannaðu QR kóðann!

Sjáðu myndböndin á vefnum!

Fylgstu með Brimborg á Facebook

Fylgstu með Íslenska Mustang klúbbnum á Facebook

SONAX Coca-Cola zero

Húsið opnar **kl. 10 og fram til 16** verða hátt í þrjátíu bílar sýndir innandyra.
Margir bílanna hafa aldrei verið sýndir áður á Íslandi.

Frítt inn
Taktu börnin með

Láttu skilningarvitin gæla við bíla eins og
1967 Shelby GT-350 og **2006 Saleen S281SC.**
Komdu í Brimborg Bíldshöfða 6 í dag. Opið 10-16.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | ford.is

Fegurðin skiptir miklu máli

Í húsinu númer átta við Hrannargötu á Ísafirði búa hjónin **Nína Ivanova** og **Ómar Smári Kristinsson**. Bæði eru þau listamenn og lífskúnstnerar. Hún sinnir mest grafískri hönnun og tölvan er hennar aðalgræja, hann málar hús, bæi og kort á pappír með handverkfærum og nostrar við hvert smáatriði. *Gunnþóra Gunnarsdóttir* kíkti í heimsókn til þeirra.

Þótt miður vinnudagur sé eru þau Nína Ivanova og Ómar Smári Kristinsson heima við og bjóða í bæinn þegar bankað er upp á. „Við erum sjálfstætt starfandi myndlistarmenn og Smári er líka útivistarmaður í sálinni," segir Nína brosandi. Hún viðurkennir að lífsstíl þeirra fylgi ekki fjárhagslegt öryggi með fasta innkomu í hverjum mánuði. „Okkar lífsstíl fylgir hins vegar það öryggi að geta unnið hvenær sem er og hvar sem er og að enginn getur rekið okkur," bendir hún á. Smári tekur undir það. „Okkur verður heldur ekki skipað að hætta þegar við verðum 67 ára. En það þarf visst hugrekki til að taka þessa stefnu í lífinu."

Nína kveðst mest vinna við bókahönnun og umbrot, meðal annars fyrir Vestfirska forlagið og aðalverkefni Smára um þessar mundir er að teikna kort af Ísafirði, hús fyrir hús. Það er núna á mörgum blöðum en verður síðan fellt saman og gefið út sem ferðamannakort í stærðinni A3. „Ég hef teiknað bæja- og sveitakort til að auðvelda fólki að rata, til dæmis af Hólmavík, Patreksfirði, Bolungarvík og Árneshreppi, en þetta er viðamesta verkefnið á því sviði til þessa," segir hann.

Í VETRARHÖLLINNI Smári er að teikna kort af Ísafirði, hús fyrir hús, skúr fyrir skúr. Það er enn á mörgum blöðum en verður fellt saman í ferðamannakort í stærðinni A3. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í vetrarhöllinni

Margir þekkja Smára og Nínu úr Landmannalaugum. Þar ráku þau sumar eftir sumar verslun og veitingastað í rútu og vöruúrvalið var ævintýralegt á örfáum fermetrum. Á haustin pökkuðu þau saman og fluttu út í Æðey á Ísafjarðardjúpi þar sem þau sinntu veðurathugun og fjárbúskap í sjö vetur. Árið 2005, eftir síðustu vetrarvist í Æðey, festu þau kaup á húsi á Ísafirði og fluttu í það. Þau nefna það Garðaríki. Nafnið skírskotar til þess að Nína er rússnesk og til forna hét Rússland Garðaríki. Einnig fundu þau í orðabók að Garðaríki getur þýtt safn af húsum og safn af görðum og þar sem húsið þeirra hafði upphaflega verið þrjú hús og þrír smágarðar á nafnið einkar vel við. „Húsin þrjú höfðu oft skipt um eigendur, á hverju ári hittum við fólk sem hefur búið innan þessara veggja og hér hafa margir fæðst og dáið," segir Smári. „Nú erum við komin með upplýsingar um þá sem við vitum að tengjast húsinu í sérstaka möppu og þar hefur safnast mikil saga."

Í nettri útbyggingu úr gleri er hlýtt þó hitastigið sé lágt úti. „Þetta er vetrarhöllin okkar," segir Nína. „Hér var skúr sem þurfti að rífa, við teiknuðum þetta í staðinn og fengum góða fagmenn til að saga rétt. Erum að taka húsið í gegn smátt og smátt og finnst lítið þokast en Smári er svo sniðugur að taka myndir af hverju skrefi framkvæmdanna og þegar við skoðum hvernig allt var í byrjun er minna grátið yfir því hvað mikið er eftir."

> Okkar lífsstíl fylgir það öryggi að geta unnið hvenær sem er og hvar sem er og að enginn getur rekið okkur.

Vetrarhöllin gengur inn í litla baklóð með múrsteinslögðum stígum í þrjár áttir. „Við settum hlið á girðingarnar þannig að fólk gæti labbað í gegn og lögðum þessar göngubrautir fyrir krakka og ketti. Húsið var alveg innilokað fyrst en eftir að við brutum einn ljótan vegg var eins og hönnuður hefði búið til sviðsmynd," segir Smári og bendir gegnum vítt húsasund út á Djúpið. Snæfjallaströndin sést í fjarska en í forgrunni er fallegur bátur. Tveir litlir skúrar skreyta líka lóðina. „Það sem einkenndi byggðina hér á eyrinni lengi vel voru skúrar því flestir íbúanna voru með einhverja útgerð eða húsdýr. Þar sem við stöndum núna var einu sinni fjós," útskýrir Smári.

Nína hefur teiknað landakort í björtum litum á skúrvegg sem hún segir hafa boðið upp á það með öllum sínum sprungum. „Þetta er land sem svífur á Mars," segir hún hlæjandi. „Ég þori ekki að mála nein alvöru lönd því þá fengi ég engan frið fyrir Smára!"

Við erum næturdýr

Hvernig skyldu svo Nína og Smári hafa náð saman upphaflega?

„Við kynntumst í Þýskalandi þegar við vorum þar bæði í myndlistarnámi en þó við værum í sama skóla þá sáumst við voða sjaldan þar," segir Smári. „Við vorum nefnilega næturdýr." „Smári hefur versnað síðan við kynntumst," laumar Nína að. „Aðlögunarhæfni," skýtur Smári inn á móti. „Í stórri borg vorum við að hittast fyrir tilviljun í neðanjarðarlestinni um miðja nótt, í búð sem var opin á nóttunni eða bara á götum úti." „Ég tók strax eftir Smára, hann var svo lifandi manneskja innan um alla Þjóðverjana," segir Nína. „Einu sinni vildi hún setjast við hliðina á mér á fundi og benti mér á að búa til pláss en sá ekki að við hina hlið mér var fullt af listaverkum svo ég gat ekki fært mig. Ég var mállaus og feiminn og varð bara vandræðalegur," rifjar Smári upp og þau hlæja saman. „Þetta var 1994. Ég vissi ekkert um Ísland þá nema að Gorbatsjov og Reagan hefðu haldið fund þar," segir Nína. „En þegar ég var búin að hitta Íslendinginn hugsaði ég: Æ, þarf ég að fara að læra landafræði? Vesen! Ég kann ekki enn landafræði en hún er áhugamál hjá Smára. Kortagerð og landafræði."

„Við skiptum með okkur verkum. Ég sé um landafræðina og Nína um tölvurnar," útskýrir Smári og brosir sínu góðlátlega brosi en segir þau líka oft vinna saman. Sem dæmi um slíkt verkefni sýnir hann Hjólabók sem kom út eftir hann í fyrra og lýsir 14 hjólreiðaleiðum á Vestfjörðum sem eiga það sameiginlegt að allar liggja í hring og hverja um sig er hægt að hjóla á einum degi. „Smári hjólaði sjálfur hvern einasta metra, tók niður GPS-punkta, skrifaði niður það markverðasta sem fyrir augu bar og lýsir bæði athyglisverðum og erfiðum hlutum leiðarinnar," segir Nína. „Svo eru ótal myndir og kort."

Smári segir marga þætti hafa orðið til þess að bókin varð til. „Það fyrsta var að við losnuðum úr Fjallafangi í Landmannalaugum, annað var að vinnu minnar vegna var ég orðinn hálfgerður sjúklingur, ég hreyfði mig of lítið og var tíðum með höfuðverk. Svo gerðist það að ég fékk hjólabakteríu og nú hjóla ég upp á hvern dag og fer í lengri túra á sumrin. Á sama tíma verður þjóðin blönk og hefur ekki efni á að kaupa sér þetta dýra bensín og það er vitundarvakning í gangi um hvað hreyfing og útivera geri fólki gott."

Þegar Nína er spurð hvort hún hjóli með Smára svarar hún hlæjandi: „Nei, ég get hjólað beina línu, svona 500 metra en svo kemur alltaf einhver staur og stímir á mig!"

Lifa lífinu

Smári og Nína tóku virkan þátt í stofnun Félags handverksfólks á Vestfjörðum og að því laðaði Smári líka vestfirskt tónlistarfólk. Það félag, með Smára og Nínu í fararbroddi, og Vestfirska forlagið lögðu grunn að Vestfirzku verzluninni sem annar aðili rekur nú með myndarbrag við Silfurtorgið og selur vestfirskar afurðir á borð við hljómdiska, bækur, salt og ýmiss konar handverk, að ógleymdu hafkalkinu úr Arnarfirði. „Hér á Ísafirði er blómlegt menningar- og listalíf, kannski vegna þess hve fjarlægðin frá Reykjavík er mikil. Þetta er sjálfstætt samfélag og hlutfall þeirra sem eru virkir í menningarlífinu er mjög hátt. Það var eitt af því sem hjálpaði okkur að velja stað til að búa á þegar við hættum að vera eins og farfuglar í Æðey á veturna og Landmannalaugum á sumrin," segir Smári sem – þrátt fyrir að vera uppalinn á sléttlendi Suðurlands, nánar tiltekið í Holtunum, kann vel við sig innan um fjöllin fyrir vestan.

„Lóðrétt landslag höfðar betur til mín en lárétt og náttúrufegurð er mér líka mjög mikilvæg. Með því að vera á Vestfjörðum á veturna og hjóla um landið á sumrin er þessari þörf fullnægt," segir hann brosandi. Nína grípur það á lofti. „Það er svo oft sem fólk gleymir því hvað fegurðin skiptir miklu máli. Tilgangurinn með lífinu er ekki bara að koma sér fyrir í einhverjum kassa og lifa af, maður þarf að lifa lífinu með meðvitund og nautn."

HEILSA

LAUGARDAGUR **21. APRÍL 2012**

Kynningarblað

Holl fita, lífræn ræktun og heilunarkraftur náttúrunnar.

Eirberg

Íþróttabrjóstahaldarar

Anita care



Íþróttastuðningshlífar

BAUERFEIND®

Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

Toppurinn frá Thailandi
-einfalt og fljótlegt

Thai Choice núðlur með kjúklingi

200g Thai Choice Traditional núðlur
2 msk. Thai Choice Soya-sósa
2 msk. Thai Choice Oyster-sósa
300g kjúklingakjöt skorið í strimla
100g fínt skorið grænmet (t.d. paprika, gulrætur, spergilkál og sveppir)
1/2 laukur fínt skorinn

Þegar núðlurnar hafa verið kældar er ágætt að klippa þær niður í styttri núðlur, þannig er auðveldara að blanda réttinum saman á pönnunni.

Skolið núðlurnar vel og setjið í sjóðandi vatn og sjóðið í 5 mín. Kælið þær með köldu vatni, sigtið vatnið frá og setjið til hliðar. Hitið olíuna í Wok-pönnu eða stórri steikarpönnu, bætið kjötinu, lauknum og grænmetinu út í og steikið þar til kjötið er fulleldað. Bætið síðan núðlunum og sósunum út á pönnuna og blandið vel saman. Berið fram með Thai Choice Sweet Chilli sósu.

THAI-CHOICE

Núðlurétti er auðvelt og fljótlegt að elda og þeir njóta vinsælda hjá börnum sem og fullorðnum. Afganga má gjarnan nota með soðnum núðlum og einnig eru þær góð viðbót í súpur.

• framandi
• frumlegt
• frábært

Ásta Arnardóttir, jógakennari hjá Lótus jógasetri og leiðsögukona, segir heilunarkraft búa í náttúrunni. MYND/PJETUR

Tengist náttúrunni

Heilsa mannana er samofin heilsu jarðarinnar segir Ásta Arnardóttir jógakennari og leiðsögukona en hún stundar hugleiðslu og jóga úti í náttúrunni.

Ásta Arnardóttir jógakennari og leiðsögukona stundar jóga og hugleiðslu á fjöllum. Hún segir heilunarkraft búa í náttúrunni sem ekki megi vanmeta í hraða hversdagsins.

„Grunnstefið í jóga er að vera hér og nú og náttúran er yndislegur kennari í að færa okkur í núið," segir Ásta. „Nútíma borgarsamfélagi fylgir mikil streita en margir sem ganga út í náttúruna sér til heilsubótar finna þar frið og ró. Oft fylgir því líka að fólk á auðveldara með að greina aðalatriðin og forgangsraða upp á nýtt. Það býr gífurlegur heilunarkraftur í náttúrunni og það gerir manni gott að fara út, þó það sé bara í stutta gönguferð."

Ásta hefur verið leiðsögumaður í yfir tuttugu ár og kennt jóga í tíu ár en hún rekur Lótus jógasetur ásamt Auði Bjarnadóttur. Sjálf stendur Ásta fyrir jógaferðum á vegum Augnabliksferða en segist ekki síður njóta þess að fara um hálendið ein. Hún á þó erfitt með að nefna einn uppáhaldsstað.

„Foreldrar mínir voru í skátunum og ég fór mikið á fjöll með þeim. Tengingin við náttúruna hefur verið til staðar frá því ég var lítil. Hálendi Íslands á stóran stað í hjarta mér og margir staðir svo fallegir að ég get ekki gert upp á milli. Því miður eru margir þeirra horfnir í dag sem er sorgleg staðreynd. Það eru ekki mörg svæði eftir í heiminum, ósnortin," segir Ásta en náttúruvernd er henni hugleikin.

„Komandi kynslóðir verða að eiga aðgang að gjöfum náttúrunnar eins og við," segir hún en eitt af markmiðum jógaferðanna hennar á fjöll er að efla meðvitund um mikilvægi þess að vernda lífríki jarðarinnar.

„Það er mikilvægt að þakka fyrir góðar gjafir lífsins, hálendisvíðernið og smæstu jurtir. Sem betur fer er náttúran hér enn þá hrein og hægt að drekka úr lækjum," segir Ásta og bætir því við að góða heilsu sé ekki hægt að öðlast með einni vítamínpillu, hún komi í samvinnu við náttúruna.

„Heilsa okkar er samofin heilsu jarðarinnar. Við verðum að fá ferskt vatn, hreint loft og næringin sem við fáum úr jurta og dýraríkinu verður að vera ómenguð. Um leið og við umgöngust jörðina af virðingu og nærgætni þá erum við að umgangast sjálf okkur af virðingu og nærgætni."

Nauðsynleg fyrir andlega og líkamlega heilsu

Fita er lífsnauðsynleg og skiptir miklu máli, bæði hvað varðar andlega og líkamlega heilsu. Hún örvar efnaskipti og hjálpar til við brennslu hitaeininga. Fita myndar kynhormón og styrkir húð, hár og neglur. Hún mýkir þarmana og auðveldar þannig meltinguna. Fita styrkir sömuleiðis frumuhimnuna og hjálpar líkamanum að verjast sjúkdómum.

Frumuhimnan sem ver frumurnar gegn sjúkdómum er mynduð úr þrenns konar fitu í nokkurn veginn jöfnum hlutföllum; mettaðri fitu, fjölómettaðri fitu (omega-6) og einómettaðri fitu (omega-3). Þess vegna er mikilvægt að fá allar tegundir fitu en gæta þess að uppsprettan sé góð. Best er að mettaða fitan komi sem mest úr jurtaríkinu og má hún gjarnan vera pálma- eða kókosolía. Omega-6 er meðal annars að finna í ólífum, möndlum, valhnetum, sólblómafræjum, sesamfræjum og olíum sem unnar eru úr þessum fæðutegundum. Hún er einnig í lárperum, grænu grænmeti og sojabaunum. Ofneysla á Omega-6 er nær aldrei vandamál og er um að gera að strá hnetum og fræjum yfir mat og salöt. Eins ætti að nota lárperur sem oftast, til dæmis í salöt, sem álegg og í íðyfur.

Omega-3 er helst að finna í hörfræjum, feitum fiski og lýsi en einnig í þangi. Omega-3 fitusýrur gegna mikilvægu hlutverki við flutning taugaboða frá einni taugafrumu til annarrar og hafa reynst vel gegn þunglyndi. Um helmingur heilans er myndaður úr fitusýrum og hafa þær mikil áhrif á starfsemi hans. Fitusýrurnar eru nauðsynlegar til að mynda hormónið serótónín sem hefur örvandi áhrif á skapferli og taugakerfi.

Heimild: Léttara og betra líf. Átta vikna heilsuáætlun Lene Hansson. Vaka Helgafell.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir.

vísir

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

FALLEG HÖNNUN

List án landamæra er árleg listahátíð með áherslu á fjölbreytileika mannlífsins. Í dag opnar sýning fyrir börn í Handverki og hönnun í Aðalstræti. Þar er sýnd einstök hönnun, tréleikföng, púðar, mjúkar verur og fleira. Ýmissa grasa kennir á hátíðinni um helgina en hún hófst á miðvikudag.

NÁMSAÐSTOÐ
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska - stærðfræði - enska - danska - efnafræði - lestur
eðlisfræði - þýska - franska – spænska – stafsetning o.fl.
Öll skólastig - Réttindakennarar
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Kojur bjarga málunum
Margar stærðir og gerðir af kojum og rúmum, litlum og stórum, breiðum og mjóum fyrir barnaherbergið og sumarbústaðinn!
Vefverslun husgogn.is
erum á Facebook
HÚSGAGNA HEIMILIÐ
Sérverslun með kojur og fylgihluti
112 Grafarvogi - Sími: 586 1000 - www.husgogn.is

ROKKARI AÐ EILÍFU

HELDUR MEÐ ÍSLANDI *Eiríkur Hauksson er á stöðugu heimsflakki með kröftuga rödd sína og skiptir sér í sumarbyrjun á milli Eurovision og Uriah Heep.*

Norsk Eurovision-kvöld eru keimlík þeim íslensku og meira að segja dauðarokksgrúppur í Ósló taka ekki gigg á því kvöldi heldur halda Eurovision-partí í staðinn. Þeim þykir keppnin bæði fyndin og skemmtileg, enda höfðar hún til allra þjóðfélagshópa þótt enginn segist fíla hana. Það laumast nefnilega allir til að horfa, eins og galtómar göturnar sýna," segir Eiríkur sem fer yfir fyrsta skammt Eurovision-laga í þættinum Alla leið á RÚV í kvöld, ásamt Heru Björk Þórhallsdóttur, Matthíasi Matthíassyni og Valgerði Guðnadóttur.

„Við höfum kynnt okkur efnið vel og ég hlustað á flest lögin til að fá heildarmyndina. Íslenska lagið hitti mig ekki í hjartastað við fyrstu hlustun en nú líst mér bara vel á það, enda svo mörg önnur í keppninni miklum mun slakari. Ég er því bjartsýnn á að við komust í úrslit, en á sama tíma ekki of öruggur því þessar þjóðir hafa ekki dælt í okkur atkvæðum áður."

ÍSLENSKA LAGIÐ DÁLÆTI NORÐMANNA

Eiríkur reiknar með að keppnin standi á milli Svíþjóðar og Serbíu á lokakvöldinu í Bakú í Aserbaídsjan 26. maí.

„Sænska lagið er ansi gott og stelpan sem flytur það kemst langt, en ég held með Íslandi," segir Eiríkur af festu.

„Norðmönnum þykir íslenska lagið með þeim allra bestu í keppninni, en þeir eru alltaf hliðhollir Íslendingum. Okkar sigur væri að komast upp úr forkeppninni; allt annað er bónus. Það kæmi svo sjálfum mér á óvart ef þau Salóme og Jónsi færu alla leið, en þau eiga algjörlega skilið að komast í úrslit og geta hiklaust stefnt þar á tíu efstu sætin."

Eiríkur segir Ísland enn óþekkt meðal margra í Evrópu og það hafi áhrif á atkvæðagreiðsluna þegar önnur og þekktari lönd verða ofar í huga.

„En því er ekki að leyna að gæði tónlistar í Eurovision eru afskaplega

ROKK ER LIFIBRAUÐIÐ

Eiríkur er á leið í tónleikaferð um Evrópu þar sem hann syngur heimsþekkta smelli rokksveitarinnar Uriah Heep sem tröllreið heimsbyggðinni með flottu rokki á sjöunda áratugnum.

MYND/STEFÁN

FRAMHALD Á SÍÐU 2

www.gabor.is - facebook.com/gaborserverslun
Gæði & Glæsileiki
Mikið úrval af fallegum skóm og töskum

Sérverslun með Gabor® 25 ár á Íslandi
FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Mjúka fermingargjöfin
Rúmföt frá 7.990 kr
Hágæða bómull
Einstökt mýkt
Sendum frítt
www.lindesign.is
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220

NÝ KYNSLÓÐ LISTAMANNA



VEL SÓTT Í fyrra sóttu 18.000 gestir útskriftarsýningu LHÍ. Hér má sjá verk vöruhönnuðarins Helgu R. Jósepsdóttur, sem útskrifaðist í fyrra.

Útskriftarsýning nemenda myndlistardeildar og hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskólans verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi í dag klukkan 14. Þar má sjá skýjavél, rafmagns-kappakstursbíl, saltframleiðslu í nýju formi, málverk séð úr Hörpunni, hljóðverk, gjörninga, vídeóverk, veftímarit um upprennandi listamenn og hönnuði, letur í beinum og það nýjasta úr tískunni svo dæmi séu nefnd.

Verk nemendanna á sýningunni eru afrakstur þriggja ára náms við Listaháskólann. Útskriftarsýningin vekur jafnan verðskuldaða athygli og fær góða aðsókn. Í fyrra sóttu 18.000 gestir sýninguna í þær tvær vikur sem hún stóð yfir. Sýningin í ár stendur til 6. maí og er opin frá 10 til 17 nema á fimmtudögum þegar opið er til 20.

ROKK OG EUROVISION Eiríkur segir áhuga Norðmanna á Eurovision gífurlegan, en þó sé áhugi Svía og gömlu austantjaldslandanna enn meiri. MYND/STEFÁN

slök, og oft og tíðum skipta söngmelódía eða hæfileikar minna máli en dansspor og glæstir búningar. Keppnin er því sambland af tónlist, fegurðarsamkeppni, tískusýningu og óvæntum uppákomum, og sá fjölbreytileiki gerir hana einmitt skemmtilega.“

ROKKAR MEÐ GOÐSÖGN ÚR URIAH HEEP

Eiríkur er á stöðugu ferðalagi um heiminn. Í vikunni söng hann á tvennum Freddie Mercury-tónleikum í Hörpu og á tónleikum Svanfríðar í Austurbæ, þar sem hann leysti Pétur heitinn Kristjánsson af hólmi.

„Það er alltaf jafn yndislegt að standa í sporum Péturs og hann var sannarlega með okkur þetta kvöld. Pétur var einfaldlega þannig karakter að alltaf þegar við komum saman í hans nafni skín andi hans og einlæg gleði yfir.“

Eiríkur segist alsæll yfir að komast svo oft heim til Íslands, en hann hefur búið í árafjöld í Fredrikstad í Noregi.

„Mér finnst ég heima í báðum löndum, en bið alltaf eftir að flugfreyjurnar segi „Velkomin heim“ við lendingu í Keflavík. Sú notalega og fallega kveðja, sem ekkert annað flugfélag í Evrópu notar, hlýjar manni virkilega um hjartarætur,“ segir Eiríkur sem er reyndar svo títt hér heima að hann er oftsinnis stoppaður á götu og spurður hvort hann sé fluttur heim.

„Ég er á stöðugu ferðalagi og líkar það vel,“ segir Eiríkur sem er á leið í tónleikaferðalag um Evrópu með tónlistargoðsögninni Ken Hensley sem var heimsþekktur á sjöunda áratugnum með rokkbandinu Uriah Heep og samdi vel flesta smelli þeirra, eins og Easy Living, Look at Yourself og Lady in Black.

„Það er stórskemmtilegt samstarf og með bandinu syng ég meðal annars lög sem ég kunni utan að þegar ég var þrettán ára,“ segir Eiríkur og hlær.

„Rokkið er lifibrauð mitt og uppeldisfræðin hobbý,“ segir Eiríkur, sem er menntaður kennari og dettur inn í forfallakennslu þegar stund gefst frá rokkinu. „Mér finnst alltaf jafn gaman að kenna krökkum, en rokkið eldist aldrei af mér og ég mun syngja þar til ég dett niður.“ ■ þlg

■ FRAMHALD AF FORSÍÐU

„Norðmönnum þykir íslenska lagið með þeim allra bestu í keppninni, en þeir eru alltaf hliðhollir Íslendingum. Okkar sigur væri að komast upp úr forkeppninni; allt annað er bónus.“

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



BLÓÐHÓFNIR SKEIÐAR UM JÖVU

SKÁLDAFERÐ *Gerður Kristný rithöfundur er nýkomin frá Indónesíu þar sem hún tók þátt í ljóðahátíð ásamt hópi alþjóðlegra skálda.*

Ljóðabók Gerðar Kristnýjar, Blóðhófnir, þar sem hún yrkir um nöfnu sína Gerði Gymisdóttur sem sótt er til Jötunheima, hefur vakið mikla athygli hér heima og sömuleiðis utan landsteinanna. Gerður hefur því fengið boð víða að úr heiminum um að lesa upp úr bókinni. „Ég fór á bókmenntahátíð í Berlín síðastliðið haust þar sem ég las upp úr Blóðhófni. Kona sem stýrði upplestrinum spurði hvort ég vildi slást í för með hópi skálda víðs vegar að úr heiminum til Indónesíu í vor. Ég var heldur betur til í það," segir Gerður Kristný þegar hún er spurð hvernig þessi ferð kom til. „Í ferðinni voru Þjóðverjar, Hollendingar, Dani, Indverji, Bandaríkjamaður, Suður-Afríkubúar og fjöldi Indónesa. Hátíðin stóð yfir í tvær vikur en ég hef aldrei áður verið jafnlengi á ljóðahátíð. Hópurinn ferðaðist um Jövu og heimsótti alls fjórar borgir. Sú síðasta var sjálf Súrabaya.

Í öllum þessum borgum höfðu heimamenn skipulagt hátíðahöld, upplestra eða pallborðsumræður. Oft lásum við úti undir beru lofti en stundum í háskólum, bæði kristilegum og múslímskum," segir Gerður enn fremur og bætir við að það hafi verið einstök tilfinning að lýsa Skírnismálum og Blóðhófni í múslímskum háskóla. „Ég sagði nemendunum frá ásum og jötnum og dembdi síðan ragnarökum yfir þá," greinir hún frá.

MIKIL TILÞRIF

Gerður skemmti sér vel á Jövu þar sem eðlur tifuðu um hótelherbergi, flýtir fóru í skrúðgöngu um götur og leðurblökur sveimuðu um veitingastaði. Á ljóðakvöldunum las hún upp úr Blóðhófni bæði á ensku og íslensku því innfæddir vildu líka heyra hana lesa á móðurmálinu. Þetta er sjötta Asíuferð Gerðar. Þá fyrstu fór hún sem venjulegur ferðamaður til Japans en síðan hefur hún sótt ljóðahátíðir í Kína, Bangladess og tvær á Indlandi. „Það kom mér mjög á óvart að sjá Indónesa lesa upp. Þeir gefa sig alla í lesturinn með því að hrópa upp ljóðin sín, kveða þau eða einfaldlega fleygja sér í gólfið til að sýna að þeim sé fullkomlega alvara. Einum upplestrinum lauk síðan með slagsmálum eins og á almennilegu sveitaballi. Þetta var daginn sem jarðskjálftinn mikli varð á Súmötru svo fólk var ekki alveg í rónni."

Alla dagana á meðan Gerður dvaldi í Indónesíu var eitthvað um að vera og hver dagur skipulagður. Hún fékk styrk frá Bókmenntasjóði fyrir fargjaldinu en uppihald var í boði heimamanna. Sjálf stóð Gerður straum af öðrum kostnaði. „Þetta er einstakt tækifæri til að kynnast skáldum frá öðrum löndum og siðum og menningu þess lands sem maður heimsækir. Indónesar eru ákaflega gestrisnir og buðu borgarstjórarnir á stöðunum sem við heimsóttum okkur iðulega í mat og sátum við undir mörgum ræðum. Alltaf var síðan boðið upp á falleg og litrík dansatriði."

MIKILL HEIÐUR

Það er ekkert svo óalgengt að íslenskir rithöfundar fái boð á ljóðahátíðir úti í heimi og hefur Gerður verið á nokkru flakki með Blóðhófni að undanförnu. „Ljóðabálkurinn fjallar um nöfnu mína í Goðheimum og því fannst mér skemmtilegt að hitta hollenskt skáld í Indónesíuferðinni, Hagar Peeters að nafni, sem hafði skrifað ljóðabók um nöfnu sína úr Gamla testamentinu, egypsku ambáttina Hagar sem ól Abraham soninn Ísmael. Á hátíðinni kom út mikið ljóðasafn með verkum okkar skáldanna sem var boðið, á frummálinu, ensku og indónesísku. Mér finnst það mikill heiður," segir Gerður. Ljóðabókin Blóðhófnir hefur komið út á dönsku og verður gefin út á ensku og finnsku á þessu ári.

„Blóðhófnir er mjög íslensk ljóðabók og þess vegna er athyglin sem hún hefur fengið erlendis mjög sérstök," segir Gerður Kristný. Hún er nú að vinna að nýrri ljóðabók sem kemur út í haust. „Þessi ferð nýttist vel í að yrkja ný ljóð og glósa hjá sér nýjar hugmyndir."

Í GÓÐUM HÓPI „Hér er ég ásamt túlkinum Sophie Anggawi, Sujata Bhatt, indversku skáldi, og hollenska skáldinu Hagar Peeters."

FÍNAR MÓTTÖKUR Móttökunefnd í múslímskum háskóla.

P. KARLSSON EHF.

Verið velkomin
í nýjan sýningarsal okkar að
Ögurhvarfi 2, Kópavogi

Sýnum 2012 LMC hjólhýsin í nýjum sýningarsal okkar um helgina.

Sýnum og seljum notuð pallhýsi frá JS á frábæru verði um helgina.
Fulltrúi frá JS verður á staðnum og leiðbeinir fólki með val á pallhýsum.

Sýnum og seljum húsbíla frá Touring Cars Iceland á verði sem kemur á óvart.
Fulltrúi frá Touring Cars verður á staðnum og svarar spurningum um bílana.

Opnunartími
Laugardag: 12:00 til 16:00
Sunnudag: 12:00 til 16:00

Finnm stjörnu ferðafrelsi!
LMC

Nánari upplýsingar
í síma: 517 5200 og á
www.pkarlsson.is

BÍLAR & FARATÆKI

PALOMINO Yearling 4103. Árgerð 2006, ekinn -1 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.251015.

STARCRAFT Meteorite nýlegt fortjald. Árgerð 2000, ekinn -1 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 699.000. Rnr.250910.

TOYOTA Yaris sol . Árgerð 2007, ekinn 99 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.103572.

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

HYUNDAI Trajet 7 manna. Árgerð 2005, ekinn 111 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Rnr.101770.Bílinn er á staðnum Bílabankinn 5880700.

SUBARU Legacy wagon gl 4wd. Árgerð 2000, ekinn 176 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 650.000. Rnr.102143. sjálfskiptur lítið ekinn Bílinn er á stanum Bílabankinn 5880700.

MAZDA 6 leður lúga . Árgerð 2003, ekinn 141 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.270.000. Rnr.102422. Leður lúga sjálfskiptur nýleg heilsársdekk. Bílinn er á staðnum Bílabankinn 5880700.

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opið 12-16 laugardaga
www.bilabankinn.is

FORD F350 SUPER DUTY OUTLAW 4X4 Árgerð 2007. Ekinn 28 Þ.KM Verð kr. 5.850.000.

VOLVO S80 D5 DISEL Árgerð 2007. Ekinn 95 Þ.KM Verð kr. 4.490.000.

JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO 4X4 Árgerð 2007. Ekinn 99 Þ.KM Verð kr. 2.850.000

HONDA CBR 1000 RR Árgerð 2008. Ekinn 2 Þ.KM Verð kr. 1.690.000.

SUZUKI GSX1300R HYABUSA Árgerð 2010. Ekinn 2 Þ.KM Verð kr. 2.590.000.

Bílasala Reykjavíkur
Bíldshöfða 10, 112 Rvk.
Sími: 587 8888
www.br.is

Til sölu KNAUS EURO-STAR 550FU 2,5 2007 flott hús Er staðsett á Flúðum með góðum palli selst saman Mjög góð staðsetning verð 4.290,000. Vantar allar gerðir af ferðavögnum á skrá Góður sölutími framundan.

Ferðavagnamarkaður
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík
Sími: 445 3367
www.ferdavagnamarkadur.is

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.hofdahollin.is

TOYOTA LAND CRUISER 120VX 12/2005, ekinn 113 Þ.km, dísel, sjálfskiptur, leður ofl. Verð 4.590.000. Skoðar skipti jákvætt! Raðnr.322026 - Jeppinn er á staðnum!

MAZDA RX-8 CHALLENGE 07/2004, ekinn 75 Þ.km, 6 gíra, tvílitt leður. Verð 2.590.000. Raðnr.284367 á www.bilalind.is - Kagginn er á staðnum!

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
www.bilalind.is

X-TREME Lite. Árg. 2007, Verð 3.990 þús. SUMARTILBOÐ 3,550þús. Rnr.104965. Sumarhús á hjólum. Allar nánari uppl. hjá Netbílar.is s:588-5300 gsm.651 5301 (eftir lokun 8959505).

Netbílar.is
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sími: 588 5300
http://www.netbilar.is

Þarftu að kaupa eða selja bíl?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is
www.bilauppbod.is

Harley Davidson Dyna Wide Glide. Árg. '07, ek. 11 þ.m. Ásett verð 1.490 þús., sumartilboð 1.420 þús!!! #121434.

Yamaha XVS1100 Dragstar. Árg.'01, ek. 45 þ.km. Mikið af aukahlutum. Ásett 890 þús., tilboð nú 699 þús!!! #121458.

Yamaha MT01. Árg. '05, ek. 22 þ.km. Þrusukraftur. Ásett verð 1.090 þús., sérstakt tilboðsverð 990 þús!!! #201870.

BMW F650gs. Árg.'06, ek. 10 þ.km. Klárt í ferðalagið með 3 hörðum töskum. Ásett verð 1.490 þús. Tilboðsverð 1.250 þús!!! #153083.

Yamaha YZF-R1. Árg. '04, ek. 33 þ.km. Ásett verð 990 þús., flott tilboðsverð 890 þús!!! #203056. Erum með rúmlega 100 hjól á staðnum!!!!! Kíktu í kaffi.

hjól.is
Sími: 577 4565
www.hjol.is

FIAT Z 480. Árgerð 2008, ekinn 10 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 7.950. Sturta-Klóset-fortjald-markisa-og fl. Rnr.217833.

DODGE Ram 2500 larame 35". Árgerð 2008, ekinn 60 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.780. Einn sá fallegasti á götunni. Rnr.271273.

JEEP Grand cherokee srt 8 gullmoli. Árgerð 2007, ekinn aðeins 10 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990. Rnr.272012.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

Sýning á nýjum LMC hjólhýsum og notaða húsbíla og pallhýsi um helgina opið 12-16
Viking EPIC 1706 árg 1999, fortjald loftpúðar vatnsdæla svefntjald Verð 550.000

Vantar húsbíla og hjólhýsi á söluskrá mikil eftirspurn www.pkarlsson.is/www.lmc.is

P. Karlsson ehf
Ögurhvarfi 2, 203 Kópavogi
Sími: 517 5200
www.pkarlsson.is / www.lmc.is

NISSAN PATROL GR 03/2006, 38" breyttur, ekinn 52 Þ.km, dísel, sjálfskiptur, leður ofl. Verð 6.790.000. Raðnr.118209 Jeppinn er á nýja staðnum að Funahöfða 1.

LAND ROVER RANGE ROVER SPORT SUPERCHARGED AUTOBIOGRAPHY Árgerð 2008, ekinn 45 Þ.km, 500 hö, sjálfskiptur, ofl. Hrikalega fallegur bíll! Verð 9.450.000. #250171 - Jeppinn er í nýja salnum að Funahöfða 1.

BMW X5 3.0SD BI-TURBO. 04/2008, ekinn 79 Þ.km, DÍSEL. 286 hestöfl - Ljóst leður - 20" felgur og mikið fleira! Verð aðeins 8.990.000. #250184. - Bíllinn er í nýja salnum að Funahöfða 1.

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.hofdahollin.is

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is

NÝTT COLEMAN CHEYENNE 10 fet, Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Afsláttur 600.000kr, Verð aðeins 2.189.800kr, ATH takmarkað magn. Er á staðnum.

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Corolla '05, bsk, ek. 83þ., heilsársdekk, tímakeðja, nýkominn úr 75 þ. km skoðun hjá umboði. Vel með farinn bíll. V. 1200 þús. Uppl. í S. 899-1229.

Til sölu Fiat Punto Sporting árg. '97, Ek. 163 þ. Uppl. í s. 862 6136.

Til sölu Ford E250 Econoline '91 4x4 sem er verið að breyta í húsbíl. Verðhugmynd 1.540.000 kr. Upplýsingar í síma 851 1510.

50% ódýrara eldsneyti og 80% lægri bifreiðagjöld með metan breytingu. Engin útborgun. Breytingin greiðist að fullu með sparnaði og þú færð hundruð þúsunda beint í vasann! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. Islandus.is - S.5522000.

Til sölu

Viltu taka þátt í að efla Sjávarklasann?

Fyrirtæki innan íslenska sjávarklasans hafa viðrað ýmsar hugmyndir um aukna verðmætasköpun og nýjungar í haftengdri starfsemi á Íslandi. Þessar hugmyndir snúast meðal annars um aukna fullvinnslu afurða, grænt fiskiskip til framtíðar, markaðssókn og vefhönnun í menntamálum í sjávarklasanum, aukna hafnaþjónustu fyrir erlend skip, útrás tæknifyrirtækja í sjávarklasanum, ímynd og markaðssetningu íslenskra sjávarafurða og námsefnisgerð fyrir grunn- og framhaldsskóla.

Nú vantar okkur bráðsnjalla námsmenn til að hjálpa okkur við að útfæra og þróa þessar hugmyndir í sumar. Við leitum að duglegu fólki með brennandi áhuga og metnað fyrir þeim verkefnum sem það tekur að sér. Ef þú ert námsmaður og býrð yfir eftirtöldum kostum, þá hvetjum við þig til að sækja um!

- Átt gott með að skrifa texta og vinna með hugmyndir.
- Átt auðvelt með samskipti við annað fólk.
- Vilt skoða fjölbreytta starfsemi sjávarklasans sem framtíðarvettvang.

Umsóknir með ferilskrá sendist á sjavarklasinn@sjavarklasinn.is fyrir 29. apríl 2012.

Eftirtaldir eru samstarfsaðilar Íslenska sjávarklasans

Íslenski sjávarklasinn ehf. • Sæmundargötu 101 Reykjavík • www.sjavarklasinn.is

Capacent Ráðningar

SPENNANDI TÆKIFÆRI

LANDSNET

Landsnet hf. annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet er starfsmanna- og fjölskylduvænt fyrirtæki. Hjá Landsneti starfa u.þ.b. 100 manns.

SÉRFRÆÐINGUR Í MANNAUÐSMÁLUM

Landsnet leitar eftir reynslumiklum sérfræðingi í mannauðsmálum til að taka þátt í uppbyggingu mannauðsmála fyrirtækisins. Sérfræðingur starfar í teymi með starfsmannastjóra Landsnets og kemur að vinnu við öll almenn verkefni á sviði mannauðs en þó með mesta áherslu á þjálfun og þróun starfsmanna.

Starfssvið:
- Umsjón með þjálfun starfsmanna, þarfagreiningar og gerð námsáætlana
- Umsjón og utanumhald þjálfunar og nýliðaþjálfunar
- Skráning og mat á þjálfun starfsmanna
- Uppfærsla og viðhald starfsgreininga og hæfnigreininga starfa auk gloppugreininga vegna mats á hæfni
- Ráðgjöf og upplýsingar til starfsmanna og stjórnenda vegna mannauðsmála
- Þátttaka í gerð mannauðsferla og verklýsinga vegna mannauðsmála
- Ráðningar og starfsmannaval vegna sumarstarfa
- Ýmis verkefni tengdum mannauðsmálum

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á sviði mannauðsmála eða stjórnunar
- Mikil reynsla af vinnu við fræðslumál innan fyrirtækis
- Góð þekking á fræðslumálum og þarfagreiningu þjálfunar
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og hafa brennandi áhuga á fólki
- Faglegur metnaður
- Skipulagni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Dugnaður og framtakssemi
- Góð færni og reynsla í notkun Excel og Word

BÓKARI

Landsnet leitar eftir reyndum bókara í almenn verkefni á sviði bókhalds. Um er að ræða nýtt starf sem er í þróun.

Starfssvið:
- Almenn bókhaldsstörf s.s. skráningar, afstemmingar ofl.
- Þátttaka í gerð verkferla reikningshalds og eftirfylgni þeirra
- Þátttaka í uppbyggingu á sviði reikningshalds hjá fyrirtækinu
- Aðstoð við stjórnendur og starfsmenn
- Ýmis önnur verkefni tengd reikningshaldi

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Haldmikil reynsla af störfum á sviði bókhalds er nauðsynleg
- Menntun sem viðurkenndur bókari eða sambærileg menntun er kostur
- Þekking á lögum og reglum á sviði bókhalds og reikningskila
- Góð þekking og færni í excel er nauðsynleg, þekking á Dynamics Ax er kostur
- Starfið krefst nákvæmni, skipulags og sjálfstæðra vinnubragða

Í boði er:
- Faglegt vinnuumhverfi og góð vinnuaðstaða
- Fjölbreytt verkefni í góðum hópi sérfræðinga
- Áhersla á þjálfun og tækifæri til starfsþróunar
- Fjölskylduvænn vinnustaður

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 6. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

SÖLUFULLTRÚI Í STÓRELDHÚSADEILD

Ásbjörn Ólafsson ehf.

Ásbjörn Ólafsson ehf. var stofnað árið 1937. Fyrirtækið sérhæfir sig í innflutningi, sölu og dreifingu á matvörum, sælgæti, búsáhöldum, bílhreinsivörum, hestavörum og skóm. Hjá fyrirtækinu starfa 40 manns.

Ásbjörn Ólafsson ehf. óskar eftir að ráða öflugan og áræðinn sölumann í Stóreldhúsadeild.

Starfslýsing
Sölufulltrúinn mun annast sérhæfð sölustörf tengd veitingahúsum, hótelum og stóreldhúsum. Í starfinu felast samskipti við núverandi viðskiptavini, gerð söluáætlana, tilboðs- og samningagerð, öflun nýrra viðskiptavina og eftirfylgni pantana. Starfið felur einnig í sér almenn sölustörf á öllum vörum fyrirtækisins.

Hæfniskröfur
Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi góða reynslu af sölumennsku og geti starfað sjálfstætt. Æskilegt er að umsækjandinn hafi menntun í matreiðslu eða öðru námi tengdu matvælum. Grunnþekking á tölvum og algengustu tölvuforritum er skilyrði sem og geta til að tileinka sér nýjungar á því sviði.

Lykileiginleikar sölufulltrúa eru:
- Mikil geta og áhugi á því að byggja upp góð og langvarandi sambönd við viðskiptavini
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Brennandi metnaður til að ná árangri
- Heiðarleiki og samviskusemi

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdótir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Með sól í hjarta óskum við öllum viðskiptavinum okkar gleðilegs sumars

Sólskríkjan

Sú rödd var svo fögur, svo hugljúf og hrein,
sem hljómaði til mín úr dálitlum runni.
Hún sat þar um nætur og söng þar á grein
svo sólfögur ljóð um svo margt, sem ég unni.
Og kvöld eftir kvöld hóf hún ástarljóð ein, –
ó, ef að þú vissir, hvað mikið hún kunni.

Hún kvað um sitt fjölbreytta fjalldala skraut,
hve frítt er og rólegt að eiga þar heima,
hve mjúkt er í júní í ljósgrænni laut,
hve létt þar er vetrarins hörmum að gleyma
og hvað þá er indælt við ættjarðarskaut
um ástir og vonir að syngja og dreyma.

En sætust af öllum og sigrandi blíð
hún söng mér þar ljóðin um dalbúans næði,
um lundinn sinn kæra og lynggróna hlíð,
þó lítil og fátækleg væru þau bæði.
En svipurinn hýrnar, þér sýnast þau fríð
í syngjandi snjótittlings vornæturkvæði.

Höfundur: Þorsteinn Erlingsson

Á hverju ári koma ráðgjafar Capacent Ráðninga að ráðningum hundruða einstaklinga í störf hjá einkafyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum sem og hjá opinberum stofnunum og sveitarfélögum. Áhersla Capacent Ráðninga er á ráðningar forstjóra og framkvæmdastjóra, millistjórnenda, háskólamenntaðra sérfræðinga og skrifstofu-starfsmanna. Capacent Ráðningar er áberandi í auglýsingum og býr yfir öflugri heimasíðu sem fær þúsundir heimsókna í hverri viku. Capacent rekur einnig ráðningastofuna Vinna.is sem var stofnuð árið 2000 og hefur einbeitt sér að ráðningum starfsfólks í verslunar-, þjónustu-, skrifstofu-, sölu- og iðnaðarstörf. Rekstur þessara ráðningarstofa gefur Capacent og viðskiptavinum einkar gott aðgengi að stórum hópi umsækjenda hverju sinni.

Capacent Ráðningar

FORSTÖÐUMAÐUR HAGDEILDAR

SAMSKIP

Samskip eru flutningafyrirtæki sem eru með starfstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu og veitir faglega ráðgjöf. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf og tækifæri til starfsþróunar. Öryggis og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

Fjármálasvið Samskipa á Íslandi leitar að kraftmiklum stjórnanda til að leiða hagdeild félagins hér á landi. Í deildinni starfar úrvalslið bókara og sérfræðinga auk aðalbókara. Deildin sinnir verkefnum tengdum Samskipum hf. á Íslandi og dótturfélaga sem og nokkurra tengdra félaga erlendis.

Ábyrgðarsvið og helstu verkefni

- Yfirumsjón og ábyrgð á bókhaldi, uppgjörum og samstæðuuppgjörum Samskipa á Íslandi og tengdra félaga í samráði við framkvæmdastjóra fjármálasviðs.
- Skipulagning, samræming og stýring áætlunargerðar hjá þeim félögum sem heyra undir Ísland.
- Ábyrgð á innra eftirliti félagsins og stuðningur við tekju- og kostnaðareftirlit innan fyrirtækisins.
- Vinna með framkvæmdastjórn m.a að upplýsingagjöf og samhæfingu sem og greiningu og skýrslugerð til stjórnenda og stjórnar.
- Skipulag og framkvæmd reglubundinna frammistöðufunda með framkvæmdastjórn og stjórnendum félagsins.
- Daglegur rekstur, mannauðsmál og markmiðasetning Hagdeildar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leiðtogahæfni og framsýni – a.m.k. 3-5 ára stjórnunarreynsla.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. viðskiptafræði, endurskoðun eða sambærilegt.
- Hagnýt reynsla af rekstri og/eða fjármálastarfi.
- Framúrskarandi skipulagshæfni og færni í verkefnastjórnun.
- Samskiptafærni sem og góð íslenska og enska í ræðu og riti.
- Þekking og reynsla af SAP fjárhagskerfi sem og Qlikview mikill kostur.
- Góð greiningarhæfni.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

SKÓLASTJÓRI

FLÓAHREPPUR

Sveitarfélagið Flóahreppur varð til árið 2006 við sameiningu þriggja hreppa, Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps og Villingaholtshrepps. Áður höfðu grunnskólar og leikskólar hreppanna þriggja sameinast í einn grunnskóla, Flóaskóla sem staðsettur er í Villingaholti og einn leikskóla, Krakkaborg sem staðsettur er í Þingborg. Vel var unnið að undirbúningi sameiningu skólanna og leikskólanna sem tókst með ágætum og þannig komið í veg fyrir ýmsar hindranir sem gjarna verða við sameiningu sveitarfélaga þegar kemur að einum viðkvæmasta þætti í rekstri sveitarfélaga.

Sveitarfélagið er 290 km2 að stærð og íbúar eru 602 talsins. Enginn þéttbýliskjarni er í Flóahreppi en stutt í alla þjónustu og verslun. Sjá nánar um sveitarfélagið:www.floahreppur.is

Flóahreppur óskar eftir að ráða skólastjóra við grunnskóla Flóahrepps, Flóaskóla. Leitað er að leiðtoga með metnað og einlægan áhuga á skólastarfi.
Flóaskóli var stofnaður haustið 2004 eftir sameiningu Gaulverjabæjarskóla, Villingaholtsskóla og Þingborgarskóla. Flóaskóli þjónar nemendum í 1.-10. bekk og veturinn 2011-2012 eru nemendur rúmlega 90 talsins. Samkennsla er nokkuð mikil og áhersla lögð á að hver og einn einstaklingur fái að njóta sín á eigin forsendum. List- og verkgreinar og önnur skapandi vinna er stór hluti af skólastarfinu. Haustið 2009 hóf 8. bekkur nám við skólann í fyrsta sinn. Haustið 2011 eru þessir nemendur að hefja nám í 10. bekk í Flóaskóla og er skólinn þá í fyrsta skipti með alla bekki grunnskólans, frá 1. bekk og upp í 10. bekk.

Gott samstarf er við leikskólann Krakkaborg og Tónlistarskóla Árnesinga og áhersla er lögð á gott samband og samstarf milli skóla og heimila.

Um er að ræða ráðningu til eins árs, með möguleika á framhaldi. Húsnæði er fyrir hendi í sveitarfélaginu. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Staðan er laus frá 1. ágúst 2012, en æskilegt er að viðkomandi geti byrjað fyrr.

Starfssvið

- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagsáætlunum og rekstri
- Fagleg forysta
- Ráðningar og stjórnun starfsfólks
- Stuðla að framþróun i skólastarfi
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild

Menntunar- og hæfniskröfur

- Grunnskólakennaramenntun
- Menntun og/eða reynsla af stjórnun og rekstri skv. 12. gr. laga nr. 87/2008
- Reynsla af kennslu á unglingastigi æskileg
- Forystu- og stjórnunarhæfni
- Frumkvæði og styrkur í ákvarðanatöku
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Skipulagshæfni og góð yfirsýn

Umsjón með ráðningu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 7. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

www.vinna.is

STRÆTÓBÍLSTJÓRAR ÓSKAST

Kynnisferðir óska eftir að ráða vana strætóbílstjóra sumarið 2012. Unnið er á vöktum.

HÆFNISKRÖFUR:

- Meirapróf (ökuréttindaflokkur D)
- Stundvísi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Rík þjónustulund
- Enskukunnátta
- Hreint sakavottorð

REYKJAVIK EXCURSIONS - KYNNISFERÐIR

er rótgróið en framsækið fyrirtæki í íslenskri ferðaþjónustu. Fyrirtækið var stofnað árið 1968 og hefur allar götur síðan verið í fararbroddi þeirra sem skipuleggja ferðir fyrir innlenda sem erlenda ferðamenn.
Hjá Reykjavik Excursions starfar samhentur hópur fólks sem leggur metnað sinn í að nýta þekkingu og reynslu sína í þágu viðskiptavina.

Umsókn með mynd skal senda til Kynnisferða, Vesturvör 34, 200 Kópavogi eða á netfangið: sveinn@re.is
Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2012.
Haft verður samband við alla sem sækja um eftir að umsóknarfrestur rennur út.

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

BSÍ Bus Terminal
101 Reykjavík
☎ 580 5400
main@re.is • www.re.is

BÍLSTJÓRAR ÓSKAST

Kynnisferðir óska eftir að ráða vana bílstjóra til starfa sumarið 2012. Unnið er á vöktum.

HÆFNISKRÖFUR:

- Meirapróf (ökuréttindaflokkur D)
- Stundvísi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Rík þjónustulund
- Enskukunnátta
- Hreint sakavottorð

REYKJAVIK EXCURSIONS - KYNNISFERÐIR

er rótgróið en framsækið fyrirtæki í íslenskri ferðaþjónustu. Fyrirtækið var stofnað árið 1968 og hefur allar götur síðan verið í fararbroddi þeirra sem skipuleggja ferðir fyrir innlenda sem erlenda ferðamenn.
Hjá Reykjavik Excursions starfar samhentur hópur fólks sem leggur metnað sinn í að nýta þekkingu og reynslu sína í þágu viðskiptavina.

Umsókn með mynd skal senda til Kynnisferða, Vesturvör 34, 200 Kópavogi eða á netfangið: sveinn@re.is
Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2012.
Haft verður samband við alla sem sækja um eftir að umsóknarfrestur rennur út.

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

BSÍ Bus Terminal
101 Reykjavík
☎ 580 5400
main@re.is • www.re.is

Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sérfræðingur	Mennta- og menningarmálaráðun.	Reykjavík	201204/049
Kennari í félagsfræði	Menntaskólinn við Sund	Reykjavík	201204/048
Kennari í efnafræði og líffræði	Menntaskólinn við Sund	Reykjavík	201204/047
Sérfr. á markaðsviðsk.- og fjárst.sv.	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201204/046
Sérfr. á markaðsviðsk.- og fjárst.sv.	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201204/045
Sérfr. á markaðsviðsk.- og fjárst.sv.	Seðlabanki Íslands	Reykjvík	201204/044
Starf við ræstingar	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201204/043
Jarðvísindamaður	Íslenskar orkurannsóknir	Reykjavík	201204/042
Framhaldsskólakennarar	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Mosfellsbær	201204/041
Ljósmóðir	LSH, Fósturgreingardeild	Reykjavík	201204/040
Lögfræðingar	Velferðarráðuneytið	Reykjavík	201204/039
Réttindagæslumenn fatlaðs fólks	Velferðarráðuneytið	Víða um land	201204/038
Þýskukennarar	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201204/037
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, Göngudeild skurðlækn.	Reykjavík	201204/036
Sjúkraliði	LSH, Dag- og göngud. augnlækn.	Reykjavík	201204/035
Læknir	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	Sauðárkrókur	201204/034
Hjúkrunarfræðingar	Sjúkrahótel Landspítala	Reykjavík	201204/033
Íslenskukennari	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Garðabær	201204/032
Sérf. við slysa- og bráðamóttöku	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201204/031
Kennarastöður	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Reykjanesbær	201204/030
Starf við Geðheilsu-eftirfylgd	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Reykjavík	201204/026

HB GRANDI

HB Grandi óskar eftir að ráða Baadermann í frystihús félagsins í Reykjavík.

Umsóknir sendist á póstfangið sigurður@hbgrandi.is

Frekari upplýsingar veitir Sigurður Gunnarsson í síma 858 1054.

RAFVIRKJAR/KÆLIMENN

Óskum eftir að ráða rafvirkja/kælimann til viðhalds- og eftirlitsstarfa

Ekki er krafist sérhæfni, en nýr starfsmaður verður sérþjálfaður.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofuna í síma 587-8890 eða sendið rafpóst á gunnar@rafstjorn.is

RAFSTJÓRN ehf.
Virkni loftræstikerfa er okkar fag!
www.rafstjorn.is

CONSULAR ASSISTANT (TEMPORARY PART-TIME)

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir lausa til umsóknar stöðu Consular Assistant í tímabundið hlutastarf.

Umsóknarfrestur er til **27. apríl, 2012**. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for a temporary part time position of Consular Assistant. The closing date for this postion is **April 27, 2012**. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

Please send your application and resumé to :
reykjavikvacancy@state.gov

REYKJALUNDUR
endurhæfing

Aðstoðarmaður á iðjuþjálfadeild

Laus er til umsóknar afleysingastaða aðstoðarmanns á iðjuþjálfadeild frá 1. júní 2012 til 31. ágúst 2013.

Við leitum að einstakling með áhuga á handverki , góða tölvukunnáttu, notalega nærveru og ríka þjónustulund.
Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði.

Starfið er tilvalið fyrir þá sem hafa hug á að kynna sér störf iðjuþjálfa og/eða stefna á nám í iðjuþjálfun.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings SFR og Reykjalundar.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Jónsdóttir aðstoðarforstöðuiðjuþjálfi í síma 585-2154
siggaj@reykjalundur.is

Umsóknarfrestur er til 6.5.2012

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni www.reykjalundur.is
Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

Leitum að liðsauka

Framleiðslustjóri

Í framleiðslu er unnið í sellum og er framleiðsla á íhlutum og lokavöru unnið í þeim. Starfið felur í sér ábyrgð á framleiðslu, gerð framleiðsluáætlana ásamt samvinnu við sölu, þjónustu og vöruþróunarsvið.

Starfssvið:

- Framleiðslustjórnun
- Gerð framleiðsluáætlana
- Ábyrgð á framleiðslu og afhendingu vöru
- Eftirlit með gæðum framleiðsluvöru og vinnuferlum

Hæfniskröfur:

- Verk-, tæknifræði, framleiðslutækni eða sambærileg menntun
- Þekking á framleiðsluaðferðum og gæðamálum
- Færni í verkefnastjórnun
- Góð tölvuþekking og enskukunnátta
- Mikil samskiptafærni

Linux sérfræðingur

Við leitum að starfsmanni í fjölbreytt og krefjandi starf til að þjónusta hugbúnaðarteymi okkar.

Starfssvið:

- Uppsetning og rekstur Linux þróunarumhverfis fyrir vöruþróun
- Kerfisaðlaganir
- Daglegur rekstur, eftirlit og vandamálagreining
- Þjónusta við notendur

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í kerfis- eða tölvunarfræði er kostur
- Reynsla af rekstri Linux kerfa
- Þekking á rekstri tölvukerfa
- Þekking á VM Ware, Subversion, Jira, Jenkins, Kerberos, Puppet og Nagios er kostur
- Góð enskukunnátta er mikilvæg
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund

Ráðgjafi í upplýsingatækni

Við leitum að öflugum einstaklingi til að verða hluti af upplýsingatækni teymi og bera ábyrgð á innleiðingu og rekstri á CRM kerfi Marel.

Starfssvið:

- Þarfagreining
- Greiningar og úttektir á hugbúnaðarlausnum
- Stuðningur við innleiðingar og prófanir
- Notendaþjálfun

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af ráðgjöf í upplýsingatækni
- Reynsla af þarfagreiningum og innleiðingum
- Þekking á viðskiptakerfum
- Góð enskukunnátta er mikilvæg
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund

Umsóknarfrestur er til og með **30. apríl nk.** Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel **www.marel.com/jobs**.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Marel, **www.marel.com**.

12-0920 – HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3900 manns í fimm heimsálfum, þar af um 460 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

Noregur

Norskt byggingafélag óskar að ráða:

Trésmiði jarðgangnavinna, brúarsmíði.
Trésmiði timburhúsabyggingar.
Járnamenn gangnavinna og brúargerð.
Múrara gangnavinna, hleðsla á Leca steinum.
Tækjamann á vinnuvélar.

Mikil vinna

Upplýsingar á íslensku í símum:
0047 41409288 og 0047 40644553

Offsetprentari óskast

Óskum eftir að ráða offsetprentara til starfa. Góð laun í boði.
Einungis fólk með sveinspróf kemur til greina.
Upplýsingar um starfið veitir
Guðmundur, *gudmundur@prenttaekni.is*, og
Margrét, *magga@prenttaekni.is*, í síma 554 4260.
Umsóknarfrestur er til 26. apríl.

Prenttækni

HEFUR ÞÚ BRENNANDI ÁHUGA Á MEÐGÖNGU OG BRJÓSTAGJÖF?

LANGAR ÞIG AÐ VINNA Í LÍTILLI EN ÖRT VAXANDI VERSLUN?

HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á TÆKIFÆRI TIL AÐ VAXA Í STARFI?

ERT ÞÚ MANNESKJAN SEM VIÐ LEITUM AÐ?

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR MÁ FINNA Á VEFSÍÐU OKKAR

WWW.MKM.IS
MÓÐIR KONA MEYJA

Atvinnuátak

75-80 sumarstörf

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur hrundið af stað atvinnuátaki í samvinnu við stofnanir ráðuneytisins; AVS rannsóknasjóð, Fiskistofu, Matvælastofnun, Hafrannsóknastofnunina, Veiðimálastofnun og Matís ohf.

Miðað er við að Verkefnasjóður sjávarútvegsins veiti fé til stofnananna til að ráða sumarstarfsmenn til verkefna sem falla undir verkefnasvið sjóðsins, en Verkefnasjóður sjávarútvegsins veitir styrki til rannsókna, nýsköpunar og eftirlits á sviði sjávarútvegs.

Áætlað er að verkefnin verði unnin bæði á Reykjavíkursvæðinu og á landsbyggðinni og að hvert starf standi í u.þ.b. tvo mánuði.

Matís ohf. – allt að 20 sumarstörf

Í boði eru allt að 20 störf sem öll koma að nýsköpun í íslenskum sjávarútvegi. Störfin verða unnin víða um land af fólki á mismunandi fagsviðum.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Matís ohf. **www.matis.is**

Veiðimálastofnun – allt að 7 sumarstörf

Í boði eru allt að 7 fjölbreytt störf sem varða ýmsa þætti í starfsemi stofnunarinnar og sem unnin verða bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Veiðimálastofnunar **www.veidimal.is**

Matvælastofnun – allt að 4 störf

Í boði eru allt að 4 störf tengd eftirliti með fiskiskipum og aflameðferð og sem staðsett verða á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Matvælastofnunar **www.mast.is**

Hafrannsóknastofnunin – allt að 20 sumarstörf

Í boði eru allt að 20 störf af fjölbreyttu tagi, m.a. við söfnun og úrvinnslu fæðusýna úr botn- og uppsjávarfiskum, svifdýragreiningar, tölvuvinnslu og forritun, hafefnafræði o.fl. Störfin verða unnin bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Hafrannsókna-stofnunarinnar **www.hafro.is**

Fiskistofa – allt að 7 sumarstörf

Fiskistofa mun bjóða upp á allt að 7 störf í sumar m.a. tengd eftirliti, fiskeldi, bakreikningsrannsóknum, skýrsluvinnu, forritun o.fl. Störfin verða unnin bæði à höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Fiskistofu **www.fiskistofa.is**

AVS rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs – allt að 20 styrkir

Í boði eru allt að 20 styrkir til fjölbreyttra, afmarkaðra verkefna sem eiga að auka verðmæti sjávarfangs og/eða efla starfsemi fyrirtækja í sjávarútvegi og tengdum greinum. Veittir verða styrkir til verkefna bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

Nánari upplýsingar er að finna á vef sjóðsins **www.avs.is**

ÍMYNDUNARAFL / SÍA

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur þannig ákveðið að bregðast við miklum skorti á sumarstörfum og skapa, í samvinnu við stofnanir sínar, 75-80 sumarstörf um land allt sem kalla á fjölbreytilegan bakgrunn á verkefnasviði ráðuneytisins. Öll störfin henta jafnt konum sem körlum.

VIÐ BÆTUM Í HÓPINN

LAND ROVER · SUBARU · BMW · HYUNDAI · ISUZU D-MAX · OPEL · RENAULT · NISSAN

BL ehf. óskar eftir að ráða bifvélavirkja á verkstæði sitt að Sævarhöfða 2.

Starfssvið:
- Almennar bifreiðaviðgerðir

Hæfniskröfur:
- Próf í bifvélavirkjun
- Tölvukunnátta
- Rík þjónustulund
- Starfsreynsla

Vinnutími er mánudaga-fimmtudaga frá kl. 8.00-17.00 og föstudaga kl. 8.00-16.00. Gerð er krafa um skipulögð og fagleg vinnubrögð, stundvísi og lipurð í mannlegum samskiptum.

Sótt er um starfið með því að senda tölvupóst á starfsumsokn@bl.is.
Umsóknarfrestur er til 27. apríl nk.
Nánari upplýsingar veitir Hrafnhildur Hauksdóttir, starfsmanna- og gæðastjóri, netfang: hrafnhildur.hauksdottir@bl.is

Starfsfólk BL leitast eftir að ráða til sín samstarfsfólk sem hefur gaman af að veita góða þjónustu, löngun til að skara framúr, hefur nægjanlegt sjálfstæði til að grípa inn í og stýra málum í réttan farveg, hefur gaman af samvinnu og mannlegum samskiptum og síðast en ekki síst er létt í lund.

BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

BL

ENNEMM / SÍA / NM51976

BK KJÚKLINGUR

óskar eftir hressum og hraustum vaktstjóra/grillara í 100% starf.
Um er að ræða vaktavinnu (kerfi 2,2,3)
Reglusemi, stundvísi, áhugi og metnaður er forsenda ráðningar.
Góð laun í boði fyrir réttan aðila
Tekið verður á móti umsóknum á staðnum, mánudag, þriðjudag og miðvikudag á milli 15-17

BK KJÚKLINGUR
Grensásvegi 5

About Fish

OKKUR VANTAR LIÐSMANN

About Fish Íslandi ehf flytur út sjávarafurðir. Markaðir okkar eru víða í Evrópu, Ameríku og Asíu.

Við erum staðsett í Holtasmára í Kópavogi og vantar einn í liðið. Viðkomandi starfsmaður sæi um ýmislegt er tengist starfseminni en þó aðallega skjalagerð og eftirsölu þjónustu.

Góð málakunnátta þarf að vera til staðar. Enska er nauðsynleg en önnur tungumál kostur.

Tölvukunnátta þarf að vera góð. Þekking á Navison væri góður kostur. Um er að ræða 50% starfshlutfall, a.m.k. til að byrja með. Möguleiki er á ákveðnum sveigjanleika í vinnutíma.

Umsóknarfrestur er til 30. apríl. Umsóknum má skila í tölvupósti á aboutfish@aboutfish.is eða í pósti:

About Fish Íslandi ehf
Holtasmára 1
201 Kópavogur

Nánari upplýsingar veitir Kristinn Hjálmarsson
sími 520 7200 / 840 6886

Rannsóknarfulltrúi

A&Ö óskar eftir að ráða rannsóknarfulltrúa til starfa. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert framtíðarstarf. Rannsóknarfulltrúi fer á vettvang minniháttar umferðaróhappa. Hann rannsakar vettvang, mælir og ljósmyndar, aðstoðar við að fylla út tjónaskýrslur og gengur í önnur verkefni sem til falla. Rannsóknarfulltrúi tekur einnig við símtölum og svarar fyrirspurnum, er í samskiptum við fjölmiðla og uppfærir reglulega vefsíðu A&Ö.

Rannsóknarfulltrúi þarf að vera heiðarlegur, nákvæmur, áreiðanlegur, líkamlega og andlega hraustur, með mikla sjálfstjórn, hafa yfirburða samskiptahæfni, þarf að geta unnið sjálfstætt og framvísað hreinu sakavottorði, sé þess óskað.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun er skilyrði
- Æskilegt er að viðkomandi hafi lokið skyndihjálparnámskeiði
- Gott vald á íslensku, bæði í riti og ræðu
- Þekking á íslenskum umferðarlögum
- Góð almenn tölvukunnátta

Hæfir umsækjendur þurfa að vera reiðubúnir að fara í viðtöl, nokkur hæfnispróf, persónuleikapróf ásamt því að vinna raunhæf verkefni. Gert er ráð fyrir að rannsóknarfulltrúi hefji störf þann 15. ágúst nk. Fyrstu vikur í starfi munu fara í ítarlega starfsþjálfun.

A&Ö|arekstur.is sérhæfir sig í þjónustu við tryggingafélög og viðskiptavini þeirra, lendi þeir í umferðaróhöppum. Starfsmenn A&Ö|arekstur.is eru með mikla reynslu af vinnu þar sem umferðaslys og umferðaróhöpp hafa átt sér stað. Reynslan hefur skilað sér í faglegum vinnubrögðum þar sem nauðsynlegra gagna er aflað á vettvangi tjóns. Starfsmenn A&Ö|arekstur.is eru þjálfaðir í skyndihjálp og vanir að takast á við erfið mál á vettvangi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Erla Björgvinsdóttir í síma 519 6770 eða hildur@radum.is
Umsókn merkt „Rannsóknarfulltrúi" ásamt ferilskrá sendist á radum@radum.is fyrir 1. maí nk.

RÁÐUM Atvinnustofa
www.radum.is
Garðastræti 17
Sími 519 6770

Íslenska Gámafélagið og Vélamiðstöðin óska eftir jákvæðum starfsmönnum í fjölskylduna



Vélamiðstöðin óskar eftir að ráða starfsmenn til bíla- og vélaviðgerða.

Hæfniskröfur

» Menntun eða haldbær starfsreynsla á sviði bíla-, véla eða rafmagnsviðgerða.
» Reynsla á rafmagnssviði, bílabreytingum eða glussakerfum er æskileg.
» Sjálfstæði í vinnubrögðum, metnaður og vandvirkni.
» Góðir samskiptahæfileikar og jákvætt viðhorf.

VINNUTÍMI 07.30 – 17.00 mánudaga – fimmtudaga og
07.30 – 15.00 föstudaga.

Íslenska Gámafélagið óskar eftir að ráða vana meiraprófsbílstjóra í sumarafleysingar.

Hæfniskröfur

» Reynsla af sambærilegri starfsemi æskileg.
» Góð íslenskukunnátta.
» Stundvísi og vinnusemi.
» Jákvætt viðhorf.

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2010
VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2011

Hjá ***Íslenska Gámafélaginu*** starfa ***240 manns*** víða um land en fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á heildarlausnir á sviði umhverfisþjónustu. Íslenska Gámafélagið er með umhverfis- og gæðavottun ISO 14001 og ISO 9001. ***Vélamiðstöðin*** er rekin af Íslenska Gámafélaginu og sérhæfir sig í leigu sérútbúinna bifreiða og metanbreytingum.

Mannauðsstefna fyrirtækisins sækir stuðning í heimspeki fisksins, ***Fish Philosophy***, sem lýsir vilja fyrirtækisins til að vera framúrskarandi vinnustaður, þar sem metnaðarfullt starf er unnið af jákvæðu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis. Mannauðsstefnunni er ætlað að tryggja starfsmönnum sem best starfsskilyrði og möguleika til að vaxa og dafna í starfi.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Helga Fjóla Sæmundsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs. Umsóknir og fyrirspurnir óskast á netfangið helga@igf.is en umsóknarfrestur er til og með 26. apríl 2012.

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ
577 5757 www.gamur.is gamur@gamur.is

IsoTækni

Iðnframleiðsla

Viljum ráða vana CNC rennismiði og einnig vanan járnsmið til fjölbreyttra starfa. Vinnutími er frá 8 til 16.30. Erum í Hafnarfirði.

Vinsamlega sendið mail isotech@isotech.is heimasíða okkar er www.isotech.is

Grand Hótel Reykjavík

Matreiðslumeistari

Um er að ræða 100% starf og unnið er á vöktum.

Almennar hæfniskröfur
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Viðkomandi tali íslensku og ensku
- Snyrtilegur og stundvís.

Umsóknir skulu sendast á starf@grand.is

Grand Hótel Reykjavík er fjögurra stjörnu hótel sem leggur mikinn metnað í faglega og góða þjónustu.
Grand Hótel Reykjavík - Sigtúni 38 - 105 Reykjavík - grand.is

matorka

Sölumaður óskast til starfa

Íslensk Matorka ehf. óskar eftir að ráða áreiðanlegan og metnaðarfullan sölumann til starfa. Um er að ræða sölu á afurðum félagsins fyrir erlenda markaði og innanlands.
Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi góða færni í tungumálum og sé jákvæður, sjálfstæður og vinnusamur.

Íslensk Matorka sérhæfir sig í framleiðslu og sölu á Heklubleikju og Hekluborra.

Nánari upplýsingar veitir Stefanía K. Karlsdóttir á tölvupósti stefania@matorka.is fyrir 28. apríl n.k.

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Hjúkrunarfræðingur Göngudeild skurðlækninga

Á göngudeild skurðlækninga B3 í Fossvogi er laust til umsóknar starf hjúkrunarfræðings. Deildin er göngudeild fyrir háls, nef og eyrna-, lýta-, æða-, heila- og taugaskurðlækningar auk sáramiðstöðvar og innskriftamiðstöðvar.

Starfið er fjölbreytt og krefjandi og veitir tækifæri til þátttöku í þróun og uppbyggingu nýrrar starfsemi og býður upp á mikla möguleika til að dýpka þekkingu á ýmsum sviðum hjúkrunar. Í boði er góð einstaklingsaðlögun undir leiðsögn reyndra hjúkrunarfræðinga.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Ákveður, skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga
- Ber ábyrgð á meðferð, samkvæmt starfslýsingu
- Undirbúningur sjúklinga fyrir skurðaðgerðir, eftirlit, fræðsla, sárameðferð, aðstoða við ýmsar aðgerðir og fleira

Hæfnikröfur
- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Faglegur metnaður
- Góð samskiptahæfni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framhalds- eða viðbótarmenntun er æskileg

Nánari upplýsingar
- Umsóknarfrestur er til og með 5. maí 2012.
- Starfshlutfall er 60% í dagvinnu og veitist starfið frá 1. september 2012 eða eftir samkomulagi.
- Umsókn skulu fylgja náms- og starfsferilskrá.
- Upplýsingar veitir Bára Þorgerður Þorgrímsdóttir, deildarstjóri, netfang barath@landspitali.is, sími 543 1000.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Sjúkraliði Dag- og göngudeild augnlækninga

Á dag- og göngudeild augnlækninga er laust til umsóknar starf sjúkraliða til að sinna innköllun sjúklinga í aðgerðir. Starfið er bæði fjölbreytt og krefjandi.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Skipulagning á innköllun sjúklinga, boðun í aðgerðir og önnur verkefni þessu tengd.

Hæfnikröfur
- Sjúkraliðamenntun
- Faglegur metnaður
- Góð samskiptahæfni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar
- Umsóknarfrestur er til og með 5. maí 2012.
- Starfshlutfall er 100% í dagvinnu og veitist starfið frá 15. maí eða eftir nánara samkomulagi.
- Upplýsingar veitir Dögg Harðardóttir, deildarstjóri, dogghard@landspitali.is, sími 543 7119.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

BAKARI ÓSKAST!

Ert þú góður bakari að leita eftir spennandi tækifæri?

Á síðasta ári opnuðum við SESAM brauðhús, glæsilegt handverksbakarí á Reyðarfirði og leitum nú að bakara til þess að taka þátt í frekari uppbyggingu með okkur. Afar spennandi tækifæri fyrir duglegan og metnaðarfullan einstakling sem vill búa úti á landi.

Starfið felur í sér alhliða bakstur ásamt því að taka þátt í skipulagi og vöruþróun.

Í SESAM er lögð rík áhersla á starfsánægju og góðan starfsanda.
Stuðst er við dreifða ákvarðanatöku og starfsmenn hvattir til frumkvæðis og hugmyndasköpunar.

Í SESAM er afar öflugur starfshópur en í dag eru starfandi tveir bakarameistarar ásamt átta öðrum starfsmönnum.

SESAM er á Reyðarfirði sem er innan Fjarðabyggðar. Í Fjarðabyggð hefur verið mikil uppbygging síðustu ár vegna komu álversins. Þar er fyrirmyndar þjónusta við íbúa og gott fyrir fjölskyldufólk að búa.
Þar er hægt að stunda ýmsa afþreyingu en þar eru sundlaugar, skíðasvæði, golfvöllur og margt fleira.
Á bæjarskrifstofunum hjá Fjarðabyggð er hægt að leita upplýsinga og ráðgjafar s.s. varðandi húsnæðismál, heilsugæslu, skóla og leikskólamál.

Umsóknarfrestur er til og með 1.maí. Hægt er að sækja um starfið inn á heimasíðu Lostætis www.lostaeti.is.

Fyrirspurnum svarar Eva Hrund Einarsdóttir starfsmannastjóri, netfangið er eva@lostaeti.is og sími 455 3700.

SESAM brauðhús á Reyðarfirði er í eigu Lostætis sem er 15 ára gamalt fjölskyldufyrirtæki. Starfsemi Lostætis er einnig í veislu- og veitingaþjónustu við fyrirtæki og hópa ásamt rekstri á kaffiterium og mötuneytum.

sesam BRAUÐHÚS

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Lögfræðingar – úrskurðarnefndir

Velferðarráðuneytið auglýsir eftir tveimur lögfræðingum til starfa fyrir úrskurðarnefndir á málasviði ráðuneytisins.

Átta úrskurðar- eða kærunefndir starfa á málefnasviði ráðuneytisins; úrskurðarnefnd almannatrygginga, úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða, úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála, úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála, kærunefnd greiðsluaðlögunarmála, kærunefnd húsamála, kærunefnd barnaverndarmála og kærunefnd jafnréttismála. Úrskurðarnefnd almannatrygginga hefur sérstaka skrifstofu utan ráðuneytisins, en lögfræðingar ráðuneytisins starfa fyrir hinar sjö nefndirnar.

Störfin felast einkum í undirbúningi úrskurða fyrir úrskurðarnefndirnar og reynir þar á túlkun og beitingu réttarreglna á viðkomandi sviðum.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Sjálfstæði í störfum.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Æskilegt er að umsækjendur hafi góða þekkingu og reynslu á sviði stjórnsýslu.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Karlar, jafnt sem konur, eru hvattir til að sækja um störfin.

Nánari upplýsingar veita Guðríður Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri og Sigurjón Ingi Haraldsson skrifstofustjóri í síma 545 8100.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík, eða í tölvupósti á póstfangið postur@vel.is eigi síðar en 6. maí nk. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

STEYPUSTÖÐIN

Steypustöðin ehf auglýsir eftir sumarstarfsmanni á söluskrifstofuna í Hafnarfirði.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Starfslýsingin inniheldur m.a.:

Móttaka viðskiptavina og sala

Nauðsynlegt:

Almenn tölvuþekking, kunnátta í Navision er kostur
Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
Áhugi og hæfni í mannlegum samskiptum
Kostur að hafa reynslu í hellulögnum og/eða jarðvinnu

Nánari upplýsingar gefur Hrafnhildur Harðardóttir í síma 4 400 482.

Umsóknarfrestur er til og með 25.april 2012
Umsókn sendist á netfangið: hrafnhildurh@steypustodin.is eða á heimilisfangið: Malarhöfði 10, 110 Reykjavík bt. Hrafnhildar.

STEYPUSTÖÐIN

Steypustöðin ehf auglýsir eftir starfsmanni í helluverksmiðjuna í Hafnarfirði

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Starfslýsingin inniheldur m.a.:

Framleiðsla á hellum og steinum
Almennt viðhald á vélum verksmiðjunnar
Gæðaeftirlit
Umsýsla með framleiddar vörur, merking bretta og annað sem því fylgir

Nauðsynlegt:

Almenn þekking og kunnátta á vélum
Áhugi á vélum og vélavinnu
Íslenskukunnátta
Nákvæmni í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar gefur Hrafnhildur Harðardóttir í síma 4 400 482.
Umsóknarfrestur er til og með 25.april 2012

Umsókn sendist á netfangið: hrafnhildurh@steypustodin.is eða á heimilisfangið: Malarhöfði 10, 110 Reykjavík bt. Hrafnhildar.

JÓN & ÓSKAR

Laugavegur / Smáralind / Kringlan

Okkur vantar starfsfólk í úra- og skartgripaverslunum okkar

Í boði er:
- Hlutastarf
- Vinna í líflegu umhverfi með skemmtilega vöru

Hæfniskröfur:
- Þjónustulund
- Heiðarleiki í starfi
- Samviskusemi
- Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg

Jón og Óskar er ein glæsilegasta úra- og skartgripaverslun landsins og rekur verslanir við Laugaveg í Smáralind og Kringlunni.

Umsókn ásamt ferilskrá óskast send á netfangið hakon@jonogoskar.is fyrir 30. apríl.

BYLGJAN 989

Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur

Sigurjón M. Egilsson
stýrir Sprengisandi
á sunnudagsmorgnum kl. 10–12



basis

MICROSOFT SÉRFRÆÐINGUR ÓSKAST

Vegna aukinna umsvifa leitum við að Microsoft sérfræðingi á tækniborð okkar. Við leitum að einstaklingum með ríka þjónustulund sem drifnir eru áfram af forvitni og metnaði. Einstaklingum sem sjá tækifæri í að slást í lið með reynsluboltum Basis. Ef þú býrð að frumkvæði, ert góð(ur) í mannlegum samskiptum og úrlausn tæknilegra vandamála og með ríka þjónustulund. Þá viljum við heyra frá þér.

Próf og gráður eru kostur, ekki skilyrði, en reynsla af tækniþjónustu, jákvætt hugarfar og áhugi eru lykilþættir.

Basis er óháð tölvurekstrar- og ráðgjafafyrirtæki í örum og öruggum vexti. Fyrirtækið sinnir ráðgjöf, hönnun, verkefnastjórnun og rekstri tölvukerfa fyrir stærri fyrirtæki innanlands sem utan ásamt eigin hýsingarþjónustu.

Starfslýsing
- Viðvera á tækniborði Basis
- Úrlausn vandamála hjá viðskiptavinum Basis
- Daglegur rekstur Microsoft lausna

Þekking og reynsla
- Reynsla af rekstri Microsoft lausna
- Þekking á Microsoft Lync er kostur
- Þekking á Microsoft SQL gagnagrunnum er kostur

Vinsamlegast sendið umsóknir með tölvupósti á atvinna@basis.is fyrir 25. apríl n.k. Athugið að gengið verður frá ráðningu fyrir 1. maí. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal ennfremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

Laus störf hjá Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðinga til starfa á markaðsviðskipta- og fjárstýringarsviði bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Meginviðfangsefni markaðsviðskipta og fjárstýringar eru fyrirgreiðsla við fjármálafyrirtæki og dagleg samskipti við þau, eftirlit með innlendum gjaldeyrismarkaði og krónumarkaði, ávöxtun gjaldeyrisforða og umsjón með stýringu erlendra og innlendra skulda ríkissjóðs.

Sérfræðingur – fjárstýringar

Helstu verkefni:
- Gagnaöflun og greining upplýsinga.
- Macro greining á ytri skilyrðum bankans.
- Greiðslujafnaðargreining.
- Verkefni tengd gjaldeyrishöftum og afnámi þeirra.
- Verkefni tengd erlendum lánum ríkissjóðs.
- Aðstoð og samstarf við fjárstýringu.
- Skýrsluskrif.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun (BS/BA) í hagfræði, verkfræði eða sambærilegum greinum.
- Þekking og reynsla af fjármálastarfsemi er mjög æskileg.
- Mjög gott vald á ensku og íslensku, bæði á töluðu og rituðu máli.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Frumkvæði, nákvæmni og metnaður í starfi.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Færni í mannlegum samskiptum og geta til að halda kynningar og erindi á íslensku og ensku.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Freyr Hermannsson, forstöðumaður fjárstýringar, í síma 569 9600, freyr.hermannsson@sedlabanki.is.

Sérfræðingur – fjárstýringar

Helstu verkefni:
- Gagnaöflun og greining upplýsinga.
- Greining og mat á fjárhagslegum áhættuþáttum.
- Eftirfylgni með fjárfestingarstefnu.
- Aðstoð og samstarf við fjárstýringu.
- Verkefni tengd erlendum lánum ríkissjóðs.
- Skýrsluskrif
- Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun (BS/BA) í hagfræði, verkfræði eða sambærilegum greinum.
- Þekking og reynsla af fjármálastarfsemi er mjög æskileg.
- Mjög gott vald á ensku og íslensku, bæði á töluðu og rituðu máli.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Frumkvæði, nákvæmni og metnaður í starfi.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Færni í mannlegum samskiptum og geta til að halda kynningar og erindi á íslensku og ensku.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Freyr Hermannsson, forstöðumaður fjárstýringar, í síma 569 9600, freyr.hermannsson@sedlabanki.is.

Sérfræðingur – lánamál ríkisins

Helstu verkefni:
- Útgáfa ríkisbréfa og lántaka á erlendum mörkuðum.
- Skjalagerð vegna erlendra lána ríkissjóðs.
- Samskipti við erlenda banka, fjárfesta og aðra lánveitendur til ríkissjóðs og Seðlabankans.
- Greiningar og skýrslugerð.
- Aðstoð við önnur verkefni, svo sem framkvæmd útboða.

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun (BS/BA) í hagfræði, verkfræði eða sambærilegum greinum.
- Þekking og reynsla af fjármálastarfsemi er mjög æskileg.
Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Tökum að okkur parketslípun

um allt land. 15 ára reynsla í parketlögnum, parketslípun, sólpallasmíði og sólpallaslípun. Einnig gegnheil eik til sölu. Sjáið myndir á www.parketsliparinn.is Uppl. í s. 823 2234.

Hellulagnir/Pallasmíði

Tökum að okkur alla lóðalögun. Leitið tilboða. S. 869-1700, jardlausnir@gmail.com

Gluggar, hurðir, sólpallar/þök og allt húsaviðhald. Uppl. í s. 896 9819. hermann@parketogsmidar.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

Spádómar

Spásíminn 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spásími 908 7000

Spámiðlun, tarot, andleg leiðsögn, fyrirbænir, draumar og trúnaður. Opið frá 10-17 lau og allan sun. S. 863 1987 visa/euro.

Rafvirkjun

Raflagnir, dyrasímar.
S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

B.S.VERKTAKAR

Bílastæðamálun malbiksviðgerðir, vélsópun, hellulagnir, jarðvinna, háþrýstiþvottur veggjakrotsþrif og vörn S 551 4000 www.verktak.is

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Alla fimmtudaga og laugardaga

gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

KEYPT & SELT

Til sölu

2 fyrir 1 tilboð af öllum saltkristals-kertastjökum.
Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata) Opið mán-fös 12-18, lau 12-15 Sími 517-8060. ditto.is

LAGERÚTSALA
Vélar, verkfæri, litir, gler, perlur, hefilbekkir ofl. 25-60% afsláttur+10% af öllu í verslun+vefverslun.
Handverkshúsið
Bolholti4,s5551212

Ódýr heimilstæki
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottavélar. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 845 5976.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll),
Verið velkomin

Ungur maður óskar eftir 2ja sæta sófa á sanngjörnu verði. Uppl. í síma: 659-4505.

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Hljóðfæri

Harmonikur fyrir byrjendur og lengra komna. Harmonikugeisladiskar í úrvali. Vantar harmonikur í umboðssölu. www.egtonar.is Sími 824 7610 & 660 1648.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Fyrirtæki

Ein af betri sjoppum borgarinnar

Til sölu
eigin atvinnurekstur Mikil og stöðug velta, bílalúga, spilakassar,ís, ofl

Eignaskipti koma til greina
Áhugasamir sendi póst á : plan10@simnet.is

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

NUDD OG HEILSA
Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Þjónusta

Dóra Dröfn Skúladóttir, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

Námskeið

Námskeið

ICELANDIC-NORSKA I & II- NORSKA
F. starfsfólk í heilbrigðisgeira.
COURSES STARTING NÁMSKEIÐ BYRJA 30/4. Mornings/Evenings-Kvölds/Morgna. 4 week courses x 5 days a week. 4 vikur x 5 sinnum viku. Stundaskrá sjá: www.iceschool.is. Fullorðinsfræðslan- IceSchool, Ármúli 5. s.5881160

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Heimilistæki



Verð 200.000.- Uppsetning innifalin í verði. Klefinn kostar nýr 550.000.- Allar upplýsingar gefur Björn Ingi í síma 482-2736/866-8840

Dýrahald

Til sölu svartir Standard Schnauzer hvolpar fæddir 5.mars. HRFÍ ættb. og tryggðir. Uppl. 862-6969.

15kg poki kostar frá 3.326,- á þessu tilboði. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, 110 Rvk, www.jonbondi.is Opið mán-fös 10-18.

Langar þig í hund?
Hundaræktarfélag Íslands er eina hundaræktarfélagið á Íslandi, sem er aðili að FCI, alþjóðasamtökum hundaræktarfélaga. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að góðri meðferð, aðbúnaði, uppeldi og heilsufari hunda ásamt góðum samskiptum milli hundeigenda, yfirvalda og almennings. Leitaðu upplýsinga á vefsíðu félagsins, www.hrfi.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Gistiheimili - Guesthouse

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

3. herb. íbúð til leigu, í nágrenni Rvk. 20 mín. keyrsla til Rvk. S. 869 5212.

Bílskúr til leigu í vesturbæ kópavogs, ekki til íbúðar 30þús. á mánuði. s. 849 7209.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu góð 3. herb. íbúð í bökkunum frá og með 1. maí. Uppl. í s. 699 3737.

Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð 3ja herb. á Höfuðborgasv. frá 01. júlí, greiðslugeta 100þús, skilvísum greiðslum heitið. Uppl. s. 823 8088

Íbúð óskast til leigu á höfuðb. 3herb, þá helst miðsvæðis. Reglusamar og reyklausar, verkfræðingur og félagsfræðingur. Ábyrgjumst skilvísar greiðslur og góða umgengi. s. 869-7990 Íris.

Óska eftir 3-4 herb. íbúð. á suðurlandi. Helst fyrir 1 júní. S. 8947164.

1-2 herb. íbúð óskast á höfuðborgarsvæðinu. S: 694 1385.

Gamalt lélegt sumarhús óskast til lagfæringa. Fjarlægð ekki meir en 100 km frá R.vík. m rafm. S. 895 9415.

Ungur reglusamur og ábyggilegur maður óskar eftir stúdíói eða herb m/sérinngangi til leigu. Helst í kóp. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 695-3112/616-1027

60tugur karlmaður óskar eftir studíó eða lítilli íbúð í langtímaleigu á höfuðborgarsvæðinu. Fyrsta flokks leigjandi, meðmæli. Guðjón S. 777 5066 eða gudjon@internet.is

Sumarbústaðir

Sumarhúsalóðir til sölu
Í landi Kílshrauns á Skeiðum 18 km, fyrir austan Selfoss. 55 mín, akstur frá Reykjavík. Fallega mosavaxið hraun eða tún, góðar til gróðursetningar, vegur, vatn, símastrengur og 3ja fasa rafmagn komið að lóðarmörkum.
Til afhendingar strax.
Uppl. í síma 824 3040 Hlynur.

Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!
Gistiaðstaða f. 10-12 manns. Helgarleiga 75 þús. Stök nótt virkan dag 25.000.- þús. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 sjá heimasíðu og myndir á www.sumarhus.edicypages.com

Sumarhús, gestahús, fokhelt, efni fylgir til að klára, 15 fm. til sölu. Staðsett á Suðurl. V. 1,2 m. S. 898 2735.

Skorradalur
Sumarbústaðarlóð til leigu á besta stað í Skorradal skógi vaxinn og fallegt útsýni Uppl í síma 8945063

Til sölu lóðir í Grímsnesi / Kerhrauni verð er aðeins kr.375 pr fm. sími 896 0587.

Atvinnuhúsnæði

ÁRTÚNSHÖFÐI
Til leigu 132fm og 76 fm verslunar eða skrifstofuhúsnæði á götuhæð við umferðargötu á Ártúnshöfða. Stórir gluggar, flísalagt gólf og góð aðkoma. Uppl. í s. 892 2030.

Til leigu innkeyrslubil að Suðurhrauni 2 um 93fm + 35fm milliloft. Leiga kr. 150.000 + bankaábyrgð. Uppl. í s. 898-3420.

Óskum eftir iðnaðarhúsnæði undir trésmíðjuverkstæði stærð 200-250 fm. helst í hverfi 200,201 eða 110 uppl í síma 6167197 og ssvanursig@hotmail.com

Geymsluhúsnæði

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

Bílskúr

Bílskúr til leigu
Bjartur og skemmtilegur 40fm bílskúr á góðum stað í Lauganeshverfi, heitt og kalt vatn + vaskur. Uppl. í s. 691 5910.

Gisting

GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK
Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.

www.hotel105.com
GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR
sími 896 4661

ATVINNA

Atvinna í boði

Lítil matvöruverslun á svæði 105 óskar eftir duglegum starfskrafti. Vinnutími 9-18 virka daga. Nánari uppl. á plus@simnet.is

ginger

Ginger veitingastaður óskar eftir reglusömu, reyklausu, jákvæðu starfsfólki í liðsheildina sína. Okkur vantar vanan grillara á vaktir, unnið 5 daga eina vikuna og 2 daga hina, einnig vantar okkur afgreiðslumanneskju í sal, vinnutími er frá 10:00-17:30 alla virka daga. Umsóknir með ferilskrá og mynd skulu sendar á nonni@ginger.is

BAKARI ÓSKAST!
Óskum eftir að ráða hörkuduglegan bakara og einnig aðstoðamann.
Upplýsingar gefur Jói Fel í s. 897 9493 og einnig á joifel@joifel.is

Kjötvinnslan Snæfell á Egilsstöðum
óskar eftir að ráða kjötskurðarmann eða metnaðarfullan og drífandi aðstoðarmann. Reynsla úr kjötvinnslu eða kjötbúð er kostur,
menntun í kjötiðn er kostur.
Upplýsingar veitir Aðalbjörn í síma 862-2043, netfang: snaefellkjot@snaefellkjot.is

Veitingahús Nings - Framtíðarstarf
Veitingahús Nings óskar eftir þjónustuliprum og brosmildum vaktstjórum í fullt starf. Unnið á 15 daga vöktum. Aðeins 20 ára og eldri og aðeins íslenskumælandi. Eingöngu um framtíðarstarf er að ræða. Áhugasamir setji inn umsókn á www.nings.is

Trésmiður óskast
óska eftir að ráða vandvirkan og traustan trésmið í nýsmíði og viðhaldsvinnu. næg verkefni framundan uppl í síma 6167197 og ssvanursig@hotmail.com

Atvinna óskast

Lærður smiður óskar eftir vinnu. Er flest öllu vanur og vandvirkur. Get unnið sjálfstætt. S : 690-1883.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Par sem þarf á gjafaeggi að halda óskar eftir að komast í samband við hugsanlegan egggjafa. Sú sem kynni að hafa áhuga og er tilbúin að gefa egg er vinsamlegast beðin um að hafa samband við póstfangið egggjafi@gmail.com

Einkamál

Miðaldra kona vill kynnast vönduðum manni. Gefur upp símanr. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl. nr. 8324

Ævintýri. 35 ára flottur KK vill kynnast KK. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8970.

Spjalldömur 908 1616
Okkur langar að heyra í þér, þegar þér hentar.

Kona, býður þú upp á nudd? Auglýstu frítt á Rauða Torginu, s. 555-4321.

Gott slökunarnudd í boði. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl. nr. 8215.

Ert þú djörf kona?
Leyfðu körlum að heyra óra þína. 100% leynd, frítt að taka upp. Rauða Torgið, s. 555-4321.

HÁGÆÐA HÚVÖRUR

HYDRODERM TAR OG TJARA 26 ERU MILD TJÖRUKREM ÆTLUÐ TIL DAGLEGRAR NOTKUNAR Á EXEM OG PSORIASIS. KREMIN HAFA MÝKJANDI OG GRÆÐANDI ÁHRIF Á ÞURRA HÚÐ. HÆGT ER AÐ NOTA KREMIN Í HÁRSVÖRÐ.

KARBAMÍÐKREM 5% ER FEITT RAKABINDANDI KREM SEM HENTAR FYRIR VENJULEGA OG ÞURRA HÚÐ. KREMIÐ ER EKKI ÆTLAÐ Á HENDUR EÐA Í ANDLIT NEMA FYRIR MJÖG ÞURRA HÚÐ.

KARBAMÍÐKREM 10% ER FEITT RAKABINDANDI KREM SEM HENTAR FYRIR VENJULEGA, ÞURRA HÚÐ OG MJÖG ÞURRA HÚÐ. KREMIÐ MÁ NOTA Í ANDLIT OG Á HENDUR EF HÚÐIN ER MJÖG ÞURR Á ÞESSUM SVÆÐUM.

AKVÓL ER SÉRSTAKLEGA ÆTLAÐ Á MJÖG ÞURRA HÚÐ Á LÍKAMA EN EINNIG MÁ BERA ÞAÐ Í ANDLIT OG Á HENDUR. AKVÓL ER FEITT KREM SEM INNIHELDUR JARÐHNETUOLÍU. KREMIÐ HEFUR REYNST VEL FYRIR FÓLK MEÐ EXEM OG PSORIASIS.

MICHAEL CLAUSEN KREM ER 3% KARBAMÍÐKREM SEM VAR ÞRÓAÐ Í SAMSTARFI VIÐ BARNA-LÆKNINN MICHAEL CLAUSEN. KREMIÐ ER MILLI-STÍFT, FREMUR FEITT GEFUR HÚÐINNI RAKA. SÉRSTAKLEGA HENTAR KREMIÐ MJÖG VEL Á ÞURRA BARNSHÚÐ OG EXEMLÍKA HÚÐ.

BARNAKREM ER FEITT, MILLISTÍFT KREM MEÐ 3% KARBAMÍÐ FYRIR ÞURRA OG VIÐKVÆMA BARNSHÚÐ. ÞETTA KREM MÁ NOTA Á ALLAN LÍKAMANN, LÍKA Í ANDLIT. GOTT FYRIR BÖRN MEÐ EXEM.

VÖRURNAR FRÁ APÓTEKINU
FÁST Í HELSTU APÓTEKUM LANDSINS
Á GÓÐU VERÐI.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Icepharma

GRÆNN DRYKKUR

Þeir sem hafa vanið sig á að fá sér glas af grænum hollustudrykk á hverjum morgni segjast finna fyrir aukinni orku og betri líðan. Það tekur stutta stund að búa til drykkinn svo framarlega sem hráefnið er til í ísskápnum. Þeir sem eiga safapressu ættu að nota hana en annars er vel hægt að nota blandara. Allt ferskt grænt kál má nota í drykkinn, klettasalat, spínat, grænkál eða annað kál eftir smekk. Því næst er eitt grænt epli sett saman við, límónusafi og lífrænn safi að eigin vali. Við þetta má bæta engifer og ferskum kryddjurtum. Gott er að taka saman á kvöldið það sem setja á í drykkinn og þá tekur stutta stund að útbúa hann að morgni.

GÓÐAR ÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ VELJA LÍFRÆNT

- Lífrænar afurðir eru framleiddar í sátt við umhverfið.
- Lífrænar matjurtir eru framleiddar án eiturefna og tilbúins áburðar.
- Með því að kaupa lífrænar vörur hvetur þú til skynsamlegrar landnýtingar og gróðurverndar.
- Í lífrænni ræktun eru ekki notaðar aðferðir og efni sem eru náttúrunni framandi.
- Lögð er áhersla á góða meðferð dýra við framleiðslu lífrænna búfjárafurða. Eingöngu eru notuð náttúruleg fóðurefni sem eru án hormóna.
- Erfðabreytt efni eru bönnuð í lífrænni framleiðslu.
- Lífrænar vörur eru vottaðar af óháðum aðila.

Heimild: www.blomaval.is

HEIMARÆKTUN KRYDDJURTA ER LÍFRÆNN KOSTUR FYRIR ÖLL HEIMILI

Vorið er rétti tíminn til að huga að ræktun grænmetis, ávaxta eða kryddjurta. Flestir hafa aðstöðu til kryddjurtaræktunar enda krefst hún þess ekki að fólk sé með garð og því vænlegur kostur fyrir hvern þann sem hefur áhuga á heimaræktun. Bæði er hægt að kaupa fræ og sá heima eða kaupa forræktaðar plöntur. Sé ætlunin að rækta kryddjurtir frá grunni er mikilvægt að byrja snemma svo plönturnar hafi tíma og nái góðum styrk fyrir sumarið. Mælt er með því að sá í bakka í byrjun mars eða apríl og setja plönturnar út í byrjun eða um miðjan júní þegar líkur á kuldakasti eru hverfandi. Auðvelt er að leita sér upplýsinga á netinu um kryddjurtaræktun. Einnig bjóða ýmsir aðilar upp á ókeypis námskeið eða gegn vægu gjaldi. Það er skynsamlegt að kynna sér vel þær upplýsingar sem í boði eru áður en hafist er handa. Lítil mistök vegna kunnáttuleysis geta oft gert það að verkum að plantan nær ekki að vaxa og deyr. Þá er öll vinnan fyrir bí og orðið of áliðið sumars til að byrja upp á nýtt.

Eingöngu fyrir áskrifendur í Stöð 2 Vild

VILD
allt fyrir áskrifendur

BENIDORM

VIKUFERÐ 1.–8. MAÍ MEÐ EXPRESSFERÐUM

69.900 KR.

M.V. VERÐ Á MANN Í TVÍBÝLI Á
3 STJÖRNU HÓTELI MEÐ MORGUNMAT

100 SÆTI Í BOÐI!

TILBOÐIÐ GILDIR TIL MIÐNÆTTIS Á ÞRIÐJUDAGINN
OG ER AÐEINS BÓKANLEGT Á STOD2.IS

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Þú getur eingöngu bókað ferðina þína til Benidorm inn á stod2.is

Krossgáta

Lárétt

1. Hægðarýni greinir nauðsynjar frá óþarfa (13)
10. Segir hjákonu óbreytta og duglega (8)
12. Sömu grip en þó engu lík (7)
13. Rótar óskerti ruglukollur (12)
14. Torræður Tinnavinur (9)
15. Lifandi kransar á fljótandi formi veita eilífa æsku (12)
17. Stofn bera, það er úrvalskostur (10)
19. Frakki úr Árnessýslu réttlæti væl (9)
21. Fáheyrð meta frjáls (8)
24. Hlunnindapartí hefur notkunarmöguleika (10)
29. 51 Kínverji (2)
30. Söðulband og söfnun kalla á skammir (11)
31. Skrá samtíning í ritröð (8)
32. Nunnuklettur er kennileiti við Klaustur (11)
33. Merki um bragð (6)
34. Félagi Pauls hefur gott eðli (3)
36. Svelta svein fyrir messagutta (10)
37. Græða brenglaða og sverta (5)
38. Veik hvað, skal vorkenna? (6)
39. Líking er ásamt byrði (11)
40. Veraldamúraðar ráða sínum ranni (10)
41. Gæðaskræða um klukku Hauks og bleðla (9)

Lóðrétt

1. Þróttur vinni afrek (9)
2. Ber niður bandítta í glæpagreni (12)
3. Svipur enn á röltinu (10)
4. Rugga krakka, sjáið þið um það (6)
5. Aðvaxið verður tæpast aðgreint (8)
6. Fær magakveisu þótt hann vanti innyfli (7)
7. Heldur hvimleið kvikindi vera kiðlinga (8)
8. Kindakollhnís fyrir þá sem enga aura fá (10)
9. Lág óma ringluð og mállaus (6)
11. Viskuvætl og rænurennsli ræna okkar besta fólki (9)
16. Fari sólin kemur plánetan (13)
18. Fæst þessi mjúka urt bæði slétt og riffluð? (11)
20. Skjótur, skaddaður og kolvitlaus (11)
22. Fiskislóð númer M (8)
23. Duft og dýrar steindir beina til durtanna (11)
25. Drusludúkkur eru klútakonuefni (11)
26. Af ógnvekjandi ástandi í palestínskri höfn (8)
27. Köttur bragðar; það eru kattahár (11)
28. Lík þýða skinhelga (8)
33. Raknar þráður milli skipa (6)
34. Pússi silfur ef á er galli (5)
35. Hin staka tuðra (5)





Lausnarorð síðustu viku var
MANNRÉTTINDI

FORLAGIÐ

Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Þegar öllu er á botninn hvolft frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hreinn Hjartarson, Reykjavík.**



Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist gómsætur vorboði. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 25. apríl næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „21. apríl".

FAGRABERG

GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR FYRIR ELDRI BORGARA

Hólaberg 84, Reykjavík

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni kynnir byggingu 49 þjónustuíbúða að Hólabergi 84 í Reykjavík. Íbúðirnar verða tengdar við Menningarmiðstöðina Gerðuberg þar sem mikið og öflugt félagslíf er fyrir eldri borgara. Að auki er bókasafn staðsett í Gerðubergi sem og mötuneyti.

Í nánasta umhverfi Gerðubergs er heilsugæsla, tannlæknastofa, bakarí, Fella- og Hólakirkja auk þess sem Breiðholtslaug er hinum megin götunnar.

Verð frá:
65 fm íbúð, stæði í bílakjallara
22.292.000,- kr.*
90 fm íbúð, stæði í bílakjallara
30.085.000,- kr.*
** Verð miðast við byggingavísitölu í apríl 2012.*

byr fasteignasala
Söluaðili: Byr fasteignasala
Sími: 483 5800 - www.byrfasteign.is

SS VERKTAKI
Byggingaraðili:
Sveinbjörn Sigurðsson hf.

www.fagraberg.is

Áfram veginn 2012

CHEVROLET

Sæti

...fyrir sjö



Eigum Captiva til afgreiðslu strax !

CAPTIVA er 7 sæta og hlaðinn staðalbúnaði, sjá benni.is

Chevrolet Captiva er áberandi glæsilegur og ekkert sem stöðvar vinsældir hans hjá Íslendingum. Það er heldur engin tilviljun að Captiva var einn söluhæsti sportjeppi síðasta árs. Fólk veit nefnilega að Captiva er hlaðinn staðalbúnaði og býr yfir afburða togkrafti. **Hann er líka þrælfallegur og á frábæru verði.**

FOR SAFER CARS EURO NCAP www.euroncap.com ★★★★★ TEST 2011

Bílabúð Benna

Sérfræðingar í bílum

Bíll á mynd: Captiva LTZ.

Komdu og reynsluaktu Chevrolet í dag - Opið í dag frá kl. 12-16.

SPARK AVEO CRUZE ORLANDO VOLT CAMARO

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - 590 2000 • Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330 • Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - 461 3636 • benni.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT K RTATÍ B KORTATÍMABIL N

OPNUM KL.10

LAMBALÆRI !
EINN VINSÆLASTI
HÁTÍÐARMATUR ÍSLENDINGA

1359 KR. KG

KS FROSIÐ LAMBALÆRI
HAUSTSLÁTRUN 2011

1395 KR. KG

KJARNAFÆÐI HEIÐALAMB
VILLIJURTAKRYDDAÐ

1979 KR.KG

KJÚKLINGABRINGUR

1979 KR.KG

KJÚKLINGALUNDIR

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

729 KR. KG

BÓNUS FULLELDAÐUR
BUFFALO
KJÚKLINGUR

TILBÚIN VARA: ÞARF AÐEINS AÐ HITA

398 KR. 800 GR

598 KR. 800 GR

1798 KR.KG

LAMBA-LÆRISNEIÐAR
Í JURTA KRYDDLEGI

3598 KR. KG

FROSIÐ KS LAMBAFILLET

1998 KR.KG

FROSNIR LAXABITAR
BEINL. MEÐ ROÐI

1259 KR. KG

ALI BBQ GRÍSARIF

798 KR. 500 ML

JÓMFRÚAR ÓLÍFUOLÍA
SOLLU HIMNESK LÍFRÆN

MATVÖRUVERSLANIR
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
BÓNUS
1. sæti
MÆLING Á ÁNÆGJU VIÐSKIPTAVINA

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL

198 KR. PARIÐ

FRÁ BLINDRAVINNUSTOFUNNI:
GARÐAHANSKAR

259 KR. 10 STK.

SVARTIR RUSLAPOKAR
100 LTR.

359 KR.200 GR

BÓNUS SPÍNAT
FERSKT FRÁ SPÁNI

179 KR. STK

BÓNUS STÓR HAFRAKAKA
100 GRÖMM STK.

195 KR. KG

VATNSMELÓNUR

195 KR. KG

APPELSÍNUR

195 KR. KG

PERUR Í LAUSU

195 KR. KG

GRAPE / GREIP

FERSKT ÍTALSKT BLAÐSALAT

498 KR. 8 STK.

EUROSHOPPER
8 STK. ÍSTOPPAR Í KASSA

298 KR. 100G

ROCOLA WILD

298 KR. 100G

MESCLUM BLANDAÐ

298 KR. 100G

BABY SPINAT

398 KR. PK

95 KR. DS

PRINCE POLO 6 STK: KR. 398 - COKE/LIGHT 95 KR. 500 ML

179 KR. PK

EUROSHOPPER
2 STK./450G FROSNIR
MAISSTÖNGLAR

398 KR. PK

4 X SPINNER
FROSTPINNAR

359 KR. 2 LTR.

BÓNUS ÍS *2 LÍTRAR* JARÐARBERJA - VANILLA - SÚKKULAÐI

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

tímamót

timamot@frettabladid.is

BRODDI JÓHANNESSON skólastjóri (1916-1994) var fæddur þennan dag.
„Tíska og tímahvörf eru máttug og bindandi í lífi okkar og starfi.“

Merkisatburðir

753 F.Kr. segir sagan að Rómúlus og Remus hafi stofnað Róm.

1648 Snjór var í mitti þennan dag á sléttlendi á Suðvesturlandi, segir í Setbergsannál.

1800 Sex bátar fórust úr Staðarsveit og Bjarneyjum og með þeim 37 manns í miklu norðanveðri.

1965 Nafnskírteini voru gefin út til allra Íslendinga, 12 ára og eldri. Um leið voru tekin upp svonefnd nafnnúmer.

1971 Handritamálið: Fyrstu handritin komu heim frá Danmörku og voru það Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða.

1982 Bretar hófu aðgerðir til að endurheimta Suður-Georgíu frá Argentínu með því að senda þangað sérsveitarmenn.

1989 Um 100 þúsund kínverskir mótmælendur söfnuðust saman á Torgi hins himneska friðar í Peking í Kína.

70 ára afmæli

Jóhannes Á. Jónasson

verður sjötugur 26. apríl.

Í tilefni 70 ára afmælis míns býð ég ættingjum og vinum að samgleðjast mér í Víkingasal Hótel Loftleiða á morgun, sunnudaginn 22. apríl, milli kl. 15-18.

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

SIGRÚNAR GUÐNADÓTTUR
Sléttuvegi 23.

Vigfús Ólafsson
Ólafur Vigfússon
Vigfús Már Vigfússon
Þórhallur Vigfússon
Valgerður Vigfúsardóttir
og barnabörn.

María Anna Clausen
Ingunn Sigurðardóttir
Þuríður Guðjónsdóttir

ÞETTA GERÐIST: 21. APRÍL 2009

Kaup á vændi gerð refsiverð

Alþingi Íslendinga samþykkti frumvarp til laga þennan dag árið 2009 sem gerðu það refsivert að greiða fyrir vændi. Lögin tóku þegar gildi. Eftir það mátti sá sem staðinn var að kaupum á vændi eiga von á sekt eða allt að eins árs fangelsisvist. Skálað var í kampavíni á skrifstofu Stígamóta af þessu tilefni og Guðrún Jónsdóttir, talskona samtakanna, sagði lögin hafa afar mikilvæga og táknræna þýðingu.

„Við hrósum þessari femínísku ríkisstjórn í hástert,“ sagði hún og benti á að skoðanakönnun Capacent frá árinu 2007 hefði sýnt að sjötíu prósent þjóðarinnar væru hlíðholl þessari breytingu.

Með þessum lögum urðu Íslendingar þriðja þjóðin til að fara hina svokölluðu sænsku leið. Svíar stigu fyrstir þetta skref og Norðmenn urðu aðrir í röðinni.

LISTAFÓLK Inga Rós ásamt einsöngvurum á tónleikunum, þeim Magnúsi Baldvinssyni, Þóru Einarsdóttur, Auði Guðjohnsen, Herdísi Önnu Jónsdóttur og Elmari Gilbertssyni svo og Herði Áskelssyni, stjórnanda Mótettukórsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

†

Okkar innilegustu þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýnt hafa okkur vináttu og samhug við fráfall okkar ástkæra

EYJÓLFS RÚNARS SIGURÐSSONAR
Miðvangi 57, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar 11 G á LSH fyrir einstaka umönnun og sérstaka hlýju. Starfsfólk Setbergsskóla í Hafnarfirði, sem fylgt hefur okkur eftir og aðstoðað í veikindum og við fráfall Eyjólfs, fær einstakar þakkir frá okkur.

Rannveig Vigfúsdóttir
Vigfús Almar Eyjólfsson
Inga María Eyjólfsdóttir
Inga María Eyjólfsdóttir
Huldar Örn Sigurðsson

Sigurður Kristinn Ómarsson
Sigurður Hallur Stefánsson
Sólveig Ósk Jónsdóttir

†

Innilegar þakkir færum við þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

INGU SIGURLAUGAR ERLENDSDÓTTUR
Sillu frá Vatnsleysu,
Rauðalæk 55.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Skjóls 3. hæð fyrir hlýja og góða umönnun.

Tómas Hjálmarsson
Kristín Hjálmarsdóttir
Birna Reynisdóttir
Linda Heide Reynisdóttir
Heiðbjört, Hjálmar Jón, Hlynur Jón.

Valgeir Þórðarson
Sigfús Jónsson

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn
Sverrir Einarsson | Kristín Ingólfsdóttir | Hermann Jónasson
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU OG MÓTETTUKÓR: FAGNA ÞRÍTUGSAFMÆLI

Hugsjón að halda uppi listalífi

Tvö af öndvegisverkum Mozarts verða flutt á hátíðatónleikum í Hallgrímskirkju í dag og á morgun og hefjast báða dagana klukkan 17. Tilefnið er að Mótettukórinn og Listvinafélag Hallgrímskirkju verða þrítug á þessu ári. Reyndar verða líka tuttugu ár í haust frá því píupuorgelið í kirkjunni var vígt, svo mörgu er að fagna.

Verkin á tónleikunum eru Messa í C-moll, sem Mozart samdi á hátindi ferils síns sem þakklætisvott til almættisins fyrir bata unnustu sinnar, Konstanze Lange, eftir erfið veikindi. Hitt er Requiem sem er eitt dáðasta verk allra tíma. Mótettukórinn flutti það fyrir fullu húsi á fyrstu tónleikum sínum í nývígðri Hallgrímskirkju 1986.

Inga Rós Ingólfsdóttir er framkvæmdastjóri Listvinafélags Hallgrímskirkju. Hún segir mann sinn, Hörð Áskelsson organista, hafa gengist fyrir stofnun félagsins haustið 1982, þegar hann var nýtekinn til starfa. „Kirkjan var hálfkláruð en metnaðurinn var mikill og framtíðarsýnin háleit í kringum þetta glæsilega hús,“ rifjar hún upp. „Kirkjan hafði ekki peninga til að leggja í tónleikahald og myndlistarsýningar og því var safnað saman listvinum sem hafa verið bakhjarlar listastarfsins í kirkjunni.

Mótettukórinn var stofnaður á sama tíma með þá hugsjón að það yrði til öflugur og vandaður kór þegar kirkjan yrði vígð sem var svo fjórum árum seinna. Kórinn hefur starfað af fullum krafti allar götur síðan og fengið nýjan innblástur við hvern stórviðburðinn af öðrum. Í honum eru alltaf í kringum 50 manns en ég giska á að um 500 manns hafi komið við í honum á þessum þrjátíu árum. Þegar hann byrjaði var takmarkið að í honum væri fólk á aldrinum 16-40 ára en síðan hafa efri mörkin færst ofar. Hörður hlær nú að því að hann hafi tekið mið af sjálfum sér, hann var svo ungur þegar hann byrjaði. Svo eldist fólk með honum. Alltaf eru margir háskólanemendur í kórnum og stundum hætta þeir um tíma vegna veru erlendis eða annarra aðstæðna en koma aftur seinna. Sumir hafa verið með eiginlega frá stofnun, með örstuttum hléum. Svo er líka fallegt að sjá að margir fyrrverandi kórfélagar sækja vel viðburði í kirkjunni og hafa jafnvel gengið í Listvinafélagið, þó þeir séu ekki í kórnum.“

Inga Rós segir um 400 manns í Listvinafélaginu og kveðst mjög þakklát fyrir þann öfluga hóp sem borgi árgjald og tryggi þannig grunnrekstrarfé fyrir starfsemina í kirkjunni. Þeir komi víða að, þvert á borgarmörk og landamæri og mæti á viðburði þegar þeir geti. „Fólk sýnir Listvinafélaginu tryggð og það skapar umgjörð utan um starfið. Það er stórkostlegt og þakkarvert,“ segir hún og getur þess líka að í Mótettukórnum sé fólk úr öllum stéttum sem oft gefi vinnu sína þegar eitthvað þurfi að gera. Slíkt verði aldrei metið til fjár. „Þetta er auðvitað ákveðin hugsjón að halda uppi öflugu listalífi þrátt fyrir allan samdráttinn, maður gefur vinnuna sína hægri vinstri því það er svo mikil ánægja fólgin í því ef allt gengur vel.“

gun@frettabladid.is

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

KRISTÍN HALLDÓRSDÓTTIR
áður Fannborg 8,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, mánudaginn 16. apríl.
Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 26. apríl kl.15.00.

Fyrir hönd vandamanna,
Haukur Högnason
Hildur Högnadóttir
Hildigunnur Davíðsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför hjartkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

HÓLMFRÍÐAR SIGURÐARDÓTTUR
Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi.

Starfsfólki Dvalarheimilis aldraðra í Borgarnesi eru færðar alúðarþakkir fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Ása Baldursdóttir
Erlendur Sigurður Baldursson
Kristín Ingibjörg Baldursdóttir
ömmu- og langömmubörn.

Sveinn Gunnar Hálfdánarson
Kristrún Ísaksdóttir
Flemming Jessen

BYLTING FYRIR HEIMILIÐ !

NAS BOX heimahýsing sem varðveitir öll dýrmætustu gögnin og miðlar þeim í tölvur og tæki heimilisins. Ótrúlegir tengimöguleikar.

QNAP

GAGNAÖRYGGI FYRIR HEIMILIÐ. Skjöl, ljósmyndir og myndbönd heimilisins geymd miðlægt á einum stað með RAID öryggisafriti. Tekur tvo diska. Frí uppsett vírusvörn.

TÓNLISTARSAFNIÐ. Miðlægir lagalistar til að spila í öllum tölvum og flestum tækjum heimilisins. Spilar tónlist beint úr IOS og Android snjallsímum og spjaldtölvum með UPNP stuðning. Styður iTunes server svo að allir fjölskyldumeðlimir hafi aðgang að tónlistinni á einum stað.

KVIKMYNDASAFNIÐ Á EINUM STAÐ. Hægt að spila kvikmyndir, þætti og myndbönd beint í sjónvarpi í gegnum margmiðlunarspilara. Innbyggður Torrent server með Qget hugbúnaði.

SAMTENGING PRENTARA. Hægt að tengja við allt að 3 USB prentara. Prentun úr hvaða tölvu sem er á hvaða prentara sem er.

VEFÞJÓNN FYRIR HEIMASÍÐUR. Hægt að setja upp sem vefþjón fyrir heimasíður og setja upp fjölmargar viðbætur til að bæta við stuðningi við t.d. PS3, vefsíðu fyrir ljósmyndir, tónlistarstraum á netið, Joomla og SqueezeBox server.



LJÓSMYNDIRNAR Í SJÓNVARPINU. Fjölskylduljósmyndirnar og myndböndin í öruggri geymslu ásamt öryggisafriti. Hægt að skoða myndasöfn og myndbönd í sjónvarpi í gegnum margmiðlunarspilara.

GÖGNIN AÐGENGILEG Í GEGNUM NETIÐ. FTP þjónn sem gefur kost á því að tengjast öllum gögnum heimilisins í gegnum netið og gefa vinum og ættingjum aðgang að myndböndum, ljósmyndum eða öðrum gögnum með aðgangsstýringu.

FULLKOMIN AFRITUNARSTÖÐ. Sjálfkrafa eða tímastillt afritun af gögnum. Windows Backup fyrir PC og Time Machine fyrir Apple tölvur.

UPPTÖKUMYNDAVÉLAR. Tengjanlegt við upptökumyndavélar fyrir CCTV myndavélavöktun í gegnum öryggismyndavélar.

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU !
NAS BOX FRÁ KR. 14.990

QNAP TS-210

39.990

tl.is

TÖLVU LISTINN

OPNUNARTÍMI:
Virka daga 9-18
Laugardaga 11-16

6 VERSLANIR UM ALLT LAND

REYKJAVÍK	AKUREYRI	EGILSSTAÐIR	KEFLAVÍK	SELFOSS	HAFNARFJÖRÐUR
SUÐURLANDSBRAUT 26	GLERÁRGÖTU 30	KAUPVANGI 6	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1700	Sími 414 1730	Sími 414 1735	Sími 414 1740	Sími 414 1745	Sími 414 1750

†

Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,

INGIBJÖRG RAGNARSDÓTTIR NORDEIDE
Lauvasveien 18, 3475 Sætre, Hurum, Norge

lést á hjartadeild Landspítalans mánudaginn 9. apríl síðastliðinn.
Kveðjuathöfn hefur farið fram í kyrrþey.
Útför hennar fer fram frá Hurumkirkju í Noregi föstudaginn 27. apríl kl. 13.00.

Arne Nordeide

Jorunn Nordeide
Sigrid Nordeide
Ragnar Nordeide — **Susanne Juell Gudbrandsen**
Magnus Juell Nordeide
Sigríður Einarsdóttir
Kristín Ragnarsdóttir
Þórunn Ragnarsdóttir — **Snorri Egilson**
Málfríður Ragnarsdóttir
Einar Ragnarsson — **Claudia Gluck**
Guðmundur Ragnarsson — **Þóra Friðriksdóttir**

†

Elskuleg tengdamóðir og amma,

SIGURLAUG BJÖRG ALBERTSDÓTTIR

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir þriðjudaginn 17. apríl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 25. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Eirar.

Gréta Gunnarsdóttir

Birna Bjarnadóttir — **Hólmgeir Baldursson**
Kristjana Sif Bjarnadóttir — **Steingrímur S. Ólafsson**
Arnar Bjarnason — **Rakel Halldórsdóttir**
og aðrir aðstandendur.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

VALTÝS SÆMUNDSSONAR
grunnskólakennara frá Reyðarfirði.

Sæmundur Valtýsson
Guðlaugur Valtýsson — **Sigríður Björnsdóttir**
Anna Marta Valtýsdóttir — **Árni Ólafur Þórhallsson**
Brynja Þóra Valtýsdóttir — **Grétar I. Guðlaugsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Hugheilar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

EDDU FARESTVEIT
Lautasmára 3, Kópavogi.

Gunnsteinn Gíslason
Guðrún Brynja Gunnsteinsdóttir
Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir — **Davíð Jónsson**
Gísli Kristján Gunnsteinsson — **Lilja Ingimundardóttir**
barnabörn og systkini hinnar látnu.

†

Við þökkum ættingjum og vinum fyrir samúð og hlýhug vegna andláts

KRISTJÁNS HELGA GUÐMUNDSSONAR
Minna-Núpi.

Gleðilegt sumar.

Ámundi Kristjánsson
Herdís Kristjánsdóttir
Guðbjörg Ámundadóttir
Snorri og fjölskylda
Erla og fjölskylda
Guðrún og fjölskylda

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GÍSLLAUG BERGMANN

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk 12. apríl. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 23. apríl kl. 13.00.

Dagbjört Bergmann — **Hjálmar Þ. Diego**
Pétur Bergmann
Róbert Bergmann
barnabörn og barnabarnabörn.

Aldarafmæli fagnað í Hörpu

Hátt í 600 manns mættu í Hörpu á sumardaginn fyrsta og fögnuðu 100 ára afmæli Verkfræðingafélags Íslands. Þar var einstaklingum veitt svokölluð Aldarviðurkenning fyrir framlag sitt og sérhæfða þekkingu á sviði tækni og raunvísinda til nýsköpunar og framfara í íslensku atvinnulífi. Þar með var vakin athygli á afrekum sem hafa haft umtalsverð áhrif á efnahag og lífsgæði á Íslandi eða eru líkleg til að gera það í framtíðinni. Meðal annars var athyglinni beint að þekkingarsviðum sem fáa dreymdi um fyrir 30-40 árum að Íslendingar myndu nokkurn tíma fást við og síst af öllu að þeir yrðu í fremstu röð á alþjóðavísu eins og raunin hefur orðið í nokkrum tilvikum.

Viðurkenningarnar voru veittar í þremur flokkum, í fyrsta lagi brautryðjendum í þekkingarfyrirtækjum sem eru alþjóðlega í fremstu röð, í öðru lagi frumkvöðlum innan sprotafyrirtækja og í þriðja lagi einstaklingum sem hafa plægt akurinn með störfum sínum, sýnt frumkvæði og haft veruleg áhrif.

- gun

VERÐLAUNAFÓLK Þessi hópur hlaut viðurkenningar fyrir framlag sitt til sprotafyrirtækja sem hafa náð fótfestu á markaði.

GRÓTTUVITI Sextíu og fimm ára afmælisbarn.

Föðmum vitann

Árlegur fjölskyldudagur í Gróttu á Seltjarnarnesi er í dag og hægt að komast þangað fótgangandi. Opið verður milli klukkan 10.30 og 14.30. Vitinn sem nú stendur þar er 65 ára í ár og því þykir full ástæða til að faðma hann.

Í Albertsbúð verður helgistund í umsjá sr. Bjarna Þórs Bjarnasonar og félaga milli 11.00 og 11.30 og klukkan 12 segir Kristján Sveinsson sagnfræðingur sögu Gróttuvitans. Í Fræðasetrinu verður hægt að kaupa kaffi, safa og rjómavöfflur.

Starfsmenn Seltjarnarnesbæjar verða á staðnum og aka þeim sem ekki treysta sér til að ganga út í eyju.

- gun

Ræðir Biblíuna og stjórnmálin

Sr. Hjálmar Jónsson, fyrrverandi alþingismaður, talar um Biblíuna og stjórnmálin í Seltjarnarneskirkju á morgun, sunnudag, klukkan 17. Erindi séra Hjálmars er liður í Listahátíð Seltjarnarneskirkju. Sólveig Pálsdóttir leikkona mun við sama tækifæri lesa upp nokkur ljóð eftir stjórnmálamennina og skáldin Grím Thomsen og Hannes Hafstein. Tónlist flytja þær Agnes Amalía Kristjónsdóttir sópran og Jóhanna Héðinsdóttir messósópran við píanóleik Renötu Ivan. Séra Hjálmar Jónsson var prestur og síðar prófastur norðanlands 1976 til 1998. Þá hafði hann verið varaþingmaður frá 1991 og kjörinn á Alþingi 1995. Hann kaus að snúa sér aftur að prestskap árið 2001 og varð þá dómkirkjuprestur í Reykjavík. Því starfi hefur hann nú gegnt í rúman áratug.

Listahátíð Seltjarnarneskirkju hófst um síðustu helgi og stendur til 28. apríl en því er nú fagnað að 20 ár eru liðin síðan fyrsta hátíðin var haldin.

Ókeypis er á alla viðburði Listahátíðar Seltjarnarness. Hátíðin fer fram í kirkjunni við Valhúsahæð. Í kirkjunni og safnaðarheimili hennar stendur einnig yfir sýning á myndlist Karólínu Lárusdóttur, þar á meðal nýjum vatnslitamyndum sem bregða upp svipmyndum úr Nýja testamentinu.

SÉRA HJÁLMAR JÓNSSON Hefur langa reynslu af prestskap og þátttöku í stjórnmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐBJÖRG JÓNSDÓTTIR
frá Kollafjarðarnesi, síðar Stórholti,

sem lést fimmtudaginn 12. apríl, verður jarðsungin mánudaginn 23. apríl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju kl. 13.00.

Guðmundur Theódórs — **Þrúður Karlsdóttir**
Elinborg Theódórs — **Bjarni Jensson**
Benedikta Theódórs — **Ólafur Gunnlaugsson**
Jón Brands Theódórs — **Kristjana Benediktsdóttir**
Páll Theódórs — **Hrafnhildur Árnadóttir**

†

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur dýrmæta samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar elskulegu eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

LÁRU ÁGÚSTSDÓTTUR
Akranesi.

Sérstakar þakkir færum við yndislegu starfsfólki lyflækningadeildar Sjúkrahúss Akraness fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Hafsteinn Sigurbjörnsson
Jóhanna G. Þorbjörnsdóttir — **Ásgrímur R. Kárason**
Sigurbjörn Hafsteinsson — **Sesselja L. Allansdóttir**
Ingólfur Hafsteinsson — **Heiðrún Hannesdóttir**
Hafdís Dögg Hafsteinsdóttir — **Jónas Geirsson**
Berent Karl Hafsteinsson — **María Lilja M. Viðarsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

ÖNNU MÖRTU HELGADÓTTUR
frá Uppsölum,

sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Blönduóss fyrir einstaka alúð og umönnun.

Sigurður H. Ingþórsson — **Gunnhildur Lárusdóttir**
Kristmundur Ó. J. Ingþórsson — **Herdís Sigurbjartsdóttir**
Sigrún B. Ingþórsdóttir — **Hjálmar Magnússon**
Þorsteinn R. Ingþórsson — **Sigurbjörg M. Jónsdóttir**
Magnús H. Ingþórsson — **Margrét Rögnvaldsdóttir**
Guðmundur E. Ingþórsson — **Guðrún S. Kjartansdóttir**
Birgir L. Ingþórsson — **Sigríður Bjarnadóttir**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

GRILLVEISLA Í ÖLLUM VERSLUNUM!

Við grillum, höfum gaman og gefum börnunum sumargjöf. Hoppukastali* á svæðinu og ungarnir ættu því að skemmta sér konunglega.

Sjáumst í sumarskapi!

*Hoppukastali er í Breidd, Selfossi, Akureyri og Granda.

SUMARHÁTÍÐ

LAUGARDAGINN 21. APRÍL KL. 13-16

VERÐVERND BYKO
LÆGSTA VERÐIÐ

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

1962-2012
50

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Vnr. 41120519
Hafnaboltakylfa og bolti.
1.150 kr.

Vnr. 41120476
Snúsnúband, 5 m.
699 kr.

Vnr. 41120482
Sápukúlusverð.
389 kr.

Vnr. 50630099
OUTBACK gasgrill, tví-skiptur járnbrennari og grillflötur 48x36 cm. Neistakveikjari og þrýsti-jafnari fylgja. 6,2 kW.
17.490 kr.

Vnr. 86363040-540
Kjörvari pallaolía, glær, græn, hnota, fura, rauðfura eða rauðviður, 4 l.
4.990 kr.

Vnr. 74830006
EINHELL hekkklippur, 600W, lengd blaðs 60 cm. Klippir allt að 15 mm sverar greinar.
11.900 kr.

ÚRVAL AF BARNA-REIÐHJÓLUM

Vnr. 49602021
PRO THUNDER 12" barnareiðhjól.
22.900 kr.

Vnr. 49602041
SWEET 16" barnareiðhjól.
24.900 kr.

Vnr. 49603301
THUNDER 20" reiðhjól.
27.900 kr.

Vnr. 49602031
SWEET 12" barnareiðhjól.
22.900 kr.

Vnr. 49602072
BMX REVOLT 20" reiðhjól.
36.900 kr.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægsta verðið. Ef þú kaupir vöru hjá okkur og sérð sömu eða sambærilega vöru auglýsta ódýrari annars staðar, innan 20 daga, endurgreiðum við þér mismuninn og 10% af honum að auki! Njóttu vel. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is

FÍTON / SÍA



5%
afsláttur af bílaleigubílum fyrir árið 2012 sem eru bókaðir í apríl

FARÐU LENGRA!
Við hjálpum þér að bóka framhaldsflug

Sumarið er á næsta leiti!

Við verðum á ferðinni um alla Evrópu í sumar og bjóðum flug til fjölda spennandi áfangastaða. Hafðu sólgleraugun til taks og bókaðu draumaferðina þína!

Iceland Express
- lækkar verð

FERÐIR FY

SÉRFERÐIR

Garda-vatnið
16.-23. júlí, fararstjóri: Margrét Laxness
Verð á mann í tvíbýli
199.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á góðu 3* hóteli með morgunverði og þríréttuðum kvöldverði, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

Ævintýraferð til Toscana
28. júlí-4. ágúst
Verð á mann í tvíbýli
199.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 4* hóteli með morgun- og kvöldverði, akstur til og frá flugvelli, skoðunarferðir með akstri og íslensk fararstjórn.

Prag - Flug og bíll
20.-27. júní
Verð á mann í tvíbýli
89.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, VW Polo (eða sambærilegur bíll), ótakmarkaður akstur, tryggingar og skattar.

Vilnius - Golf- og menningarferð
7 daga golf- og menningarferðir á tímabilinu 26. júní-21. ágúst
Verð á mann í tvíbýli
189.500 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 7 nætur með hálfu fæði, 5 hringir á þremur völlum og akstur til og frá golfvelli.

Golfferð til Malmö
TILBOÐ
3 daga golfferðir á tímabilinu 7.-30. sept.
Verð á mann í tvíbýli
85.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 3* hóteli í 2 nætur með morgunverði og þrír golfhringir.

Prag - Golf- og menningarferð
7 daga golf- og menningarferðir á tímabilinu 20. júní-29. ágúst
Verð á mann í tvíbýli
218.330 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 7 nætur með morgunverði á 4* Hotel Perla, 5 golfhringir og akstur til og frá golfvelli og flugvelli.

GOLF

HINSEGIN

Sitges og Barcelona Pride
25. júní-2. júlí
Fararstjóri: Kolbjörn Arnljótsson
Verð á mann í tvíbýli
129.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum og gisting í 7 nætur með morgunverði í Sitges.

Gay Pride í Köben
15.-19. ágúst
Verð á mann í tvíbýli
89.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 4 nætur með morgunverði á Ibsen Hotel.

EXPRESS FERÐIR

bjóða fjölbreytt úrval ferða sem eru sérsniðnar að þörfum ólíkra hópa og einstaklinga. Þannig bjóðum við upp á ódýrar sólarlandaferðir til Costa Brava og Alicante fyrir fjölskyldufólk sem vill slappa af með börnunum sínum. Hjá okkur finna golfarar spennandi og nýja kosti þar sem frábær golfaðstaða og spennandi menning fara saman. Þá bjóðum við alls konar sérferðir eins og siglingu um Miðjarðarhafið auk skemmtilegra borgarferða á frábæru verði. Express ferðir eru ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express.

SÓL

ALICANTE

Tryp Ciudad ★★★

Verð á mann í 7 daga, með morgunverði frá:

89.900 kr.

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna með morgunverði. Flogið út 19. maí.

COSTA BRAVA

Don Juan Hotel ★★★

Verð á mann í 7 daga, með fullu fæði frá:

81.500 kr.

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn. Flogið út 1. júní. Netverð á mann m.v. 2 fullorðna 103.000 kr.

STUTT TIL BARCELONA

FERÐA LEIKUR

Skráðu þig í Netklúbb Express ferða og þú gætir unnið ferð fyrir tvo til Costa Brava!
Flug og gisting í viku.
Dregið 15. júní.

RIR ALLA!

TÓNLEIKAR

Rihanna í Hyde Park, London

7.-9. júlí

Verð á mann í tvíbýli

99.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 2 nætur með morgunverði á 4* Thistle Kensington Gardens og miði á tónleikana.

Madonna í Hyde Park, London

16.-18. júlí

Verð á mann í tvíbýli

117.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 2 nætur með morgunverði á 4* Thistle Kensington Gardens og miði á tónleikana.

BORGIR

Með Helga Björns í Berlín

27.-30. apríl

Fararstjóri: Helgi Björnsson

Verð á mann í tvíbýli

94.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 3 nætur með morgunverði á Tryp Berlin Mitte og íslensk fararstjórn.

Sælkeraferð til Parísar

23.-27. ágúst

Fararstjóri: Halldór E. Laxness

Verð á mann í tvíbýli

125.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 4 nætur á Hotel André Latin með morgunverði, akstur til og frá flugvelli, skoðunarferðir (nema með áætlunarbíl) og íslensk fararstjórn.

3 sumarnætur í Köben

25.-28. maí

Verð á mann í tvíbýli

89.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 3 nætur með morgunverði á Wakeup Copenhagen.

Helgarferð til Brighton

4.-6. maí

Verð á mann í þríbýli

79.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 2 nætur á Royal Albion með morgunverði.

LÁTTU OKKUR GERA TILBOÐ Í HÓPFERÐINA ÞÍNA!

Express ferðir

Finndu okkur á Facebook!

Ármúli 7, 108 Reykjavík | expressferdir.is | sími: 5 900 100

FJÓRAR tíu ára stelpur sem skipa Rokkhljómsveit Íslands koma fram á lokahátíð Barnamenningarhátíðar í Laugardalslaug á morgun. Tónleikarnir hefjast klukkan 13 en á þeim spila líka Pollapönk og White Signal.

Lísaloppa og Kata í ratleik 12

Bragi Halldórsson

„Þessi þraut er þannig að við eigum að reikna út táknið sem vantar," sagði Lísaloppa. „Reikna út?" sagði Kata spyrjandi. „Það eru engir tölustafir til að reikna með, hvernig getum við þá reiknað þetta út?" „Jú," sagði Lísaloppa. „Táknin í hverri línu, hvort sem lesið er frá vinstri til hægri eða að ofan og niður, fylgja ákveðnu lögmáli. En það vantar eitt táknið og hvert af táknunum A,B,D eða E passar í stað spurningamerkisins." Kata hafði tortryggin á dæmið nokkra stund. „Lögmál! Mér litist nú betur á þrautina ef þetta væru bara tölustafir, en hver þremillinn, við hljótum að geta leyst þetta."

Getur þú reiknað út hvaða tákn á að vera þar sem spurningamerkið er?



BRANDARAKISTAN

Jón: „Af hverju er litla systir þín að gráta?"
Gunna: „Vegna þess að ég vildi ekki gefa henni af namminu mínu."
Jón: „Er nammið hennar búið?"
Gunna: „Já, hún var líka hágrátandi á meðan ég borðaði það."

Hafið þið heyrt um minkabúið sem minnkaði og minnkaði þangað til að það var búið?

Hvers vegna læðast fílarnir alltaf fram hjá apótekinu? Til þess að vekja ekki svefntöflurnar.

Hvað fær fé bóndans án þess að borga? Refurinn.

Þú getur sent brandara til ***krakkar@frettabladid.is***

www.ms.is

Fáðu þér góða mjólkurskvettu!

ENGIR TVEIR DANSA EINS

Kristófer Aron Garcia byrjaði að dansa á tánum á ömmu sinni þegar hann var tveggja ára og hefur ekki hætt síðan. Í dag klukkan 15 verður hann á Barnamenningarhátíð í Iðnó ásamt félögum sínum í Area of Stylez og kennir gestum að breika.

Hvað ætlið þið að kenna gestum á Barnamenningarhátíð? Við ætlum að kenna börnum, fullorðnum og öllum sem vilja læra breikdans. Við ætlum að fara yfir grunninn og grunnspor og passa að allir dansi við tónlistina. Og auðvitað ætlum við að passa að allir skemmti sér.

Er ekki erfitt að breika? Já og nei. Það eru sum trikk sem eru erfið en það er líka mjög mismunandi hvernig hver og einn dansar. Engir tveir dansa eins, hver og einn er með sinn eigin stíl. Sumir eru til dæmis mikið í að gera alls konar fimleikabrögð eða snúa sér á höfðinu á meðan að aðrir halda sig við það að rokka eins og þeir gerðu í New York þegar dansinn varð til.

Geta allir lært að snúa sér á höfðinu og hoppa á höndunum? Ef þú trúir á sjálfan þig þá geturðu gert allt sem þú óskar þér. Þetta er líka spurning um æfingu, það nær enginn að snúa sér á höfði í fyrstu tilraun. Æfingin skapar meistarann. Ef þú dettur, þá stendurðu upp og reynir aftur.

Hvað hafið þið í Area of Stylez verið að gera frá því þið tókuð þátt í Dans Dans Dans? Dans Dans Dans hefur opnað margar dyr fyrir okkur og við erum allir rosalega þakklátir fyrir það. Eftir Dans Dans Dans höfum við fengið margar sýningar og það er búið að bjóða okkur vinnu við að kenna krökkum breikdans. En við höfum samt ekki misst okkur í allri athyglinni, við erum ennþá sömu orkumiklu strákarnir sem mættu í áheyrnarprufurnar í Dans Dans Dans.

Hver kenndi þér að dansa? Ég byrjaði að dansa þegar ég var 2 ára gamall á tánum hennar ömmu en ég veit ekki hvort það telst með. Ég byrjaði í samkvæmisdansi hjá Dansskóla Jóns Péturs og Köru þegar ég var yngri, en það var einn af bestu vinum mínum sem kom mér inn í breikið.

Hvaða áhugamál hefur þú, önnur en dansinn? Áhugamál mitt er bara dansinn en þegar að ég er ekki á dansæfingu þá er þrennt sem kemur til greina. Spila tölvuleiki, elda mér eitthvað að borða eða að teikna.

Áttu þér einhverja fyrirmynd í dansinum? Já, margar! Það eru tveir í uppáhaldi hjá mér núna, Roxrite frá Bandaríkjunum og Hong 10 frá Suður Kóreu. Ég hef fylgst með Hong 10 síðan ég byrjaði í breikdansinum.

Verður Area of Stylez enn þá til þegar þið verðið orðnir gamlir karlar? Það er aldrei að vita. En mér finnst mjög ólíklegt að við verðum að gera það sem við erum að gera núna þegar að við erum allir orðnir gamlir.

KRISTÓFER Á HVOLFI Allir þeir sem eru duglegir að æfa sig og hafa trú á sjálfum sér geta lært að breika, segir Kristófer Aron.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Einn tveir þrír fjórir fimm

Þennan leik er hægt að leika hvort heldur sem er úti og inni.

Einn grúfir en aðrir þátttakendur standa að baki honum, nokkuð langt frá, annað hvort við vegg eða innan einhverra marka sem telst vera borg.

Sá sem grúfir segir hátt, hægt og skýrt: **„Einn, tveir, þrír, fjórir, fimm, Dimmalimm."** Á meðan hraða hinir krakkarnir sér af stað í áttina til hans. En um leið og hann hefur sleppt síðasta orðinu lítur hann við og þá eiga krakkarnir að standa grafkyrrir eins og myndastyttur. Ef einhver er á hreyfingu verður sá að snúa við og byrja aftur.

Sá sem grúfir snýr sér aftur upp að veggnum og endurtekur rununa og krakkarnir halda áfram að nálgast hann. Þannig gengur þetta þar til einhver er kominn svo nærri þeim sem grúfir að hann getur klukkað hann. Þá þjóta allir aftur

að hinum veggnum (eða í borgina) og sá sem grúfði reynir að ná þeim. Sá fyrsti sem hann nær að klukka á að grúfa næst. Ef hann nær engum verður hann að grúfa aftur.

ÚTILÍF

SUMARIÐ ER AÐ KOMA

HJÓLADEILDIN ER Í HOLTAGÖRÐUM.

JAMIS

SUMARIÐ ER TÍMI ÚTIVISTAR OG HREYFINGAR. ÞÚ FÆRÐ ALLAR TEGUNDIR REIÐHJÓLA, HJÓLAFATNAÐAR, HJÁLMA OG AUKAHLUTA Í ÚTILÍF.

VERÐ: 26.990 KR.

JAMIS LADY BUG
12" barnahjól.

VERÐ: 26.990 KR.

JAMIS HOT ROD
12" barnahjól.

VERÐ: 29.990 KR.

JAMIS MISS DAISY
16" barnahjól.

VERÐ: 29.990 KR.

JAMIS LASER 1.6
16" barnahjól.

VERÐ: 34.990 KR.

JAMIS LASER 2.0
20" barnahjól.
Með fótbremsu.

VERÐ: 44.990 KR.

JAMIS X 20
20" Barnahjól.
Álstell.
6 gírar.

VERÐ: 49.990 KR.

JAMIS X 24
24" barnahjól.
Álstell.
14 gírar.

VERÐ: 49.990 KR.

JAMIS XR
26" fjallahjól.
21 gír.
Einnig til í unglingastærðum.

VERÐ: 59.990 KR.

JAMIS TRAIL X1
26" fjallahjól.
Álstell, framdempari, 21 gír.
Einnig til í unglingastærðum.

VERÐ: 59.990 KR.

JAMIS TRAIL X1
26" fjallahjól.
Álstell, framdempari, 21 gír.
Einnig til í unglingastærðum.

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

ÍSLENSKA SIA.IS UTI 59195 04/12

krossgáta



LÁRÉTT
2. hæfileiki, **6.** belti, **8.** meðal, **9.** prjónavarningur, **11.** tveir eins, **12.** orðrómur, **14.** fet, **16.** pot, **17.** knæpa, **18.** af, **20.** klaki, **21.** bannhelgi.

LÓÐRÉTT
1. blöðru, **3.** fisk, **4.** sumbl, **5.** styrkur, **7.** limlesta, **10.** stykki, **13.** struns, **15.** aflast, **16.** einatt, **19.** í röð.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** gáfa, **6.** ól, **8.** lyf, **9.** les, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** skref, **16.** ot, **17.** krá, **18.** frá, **20.** ís, **21.** tabú.
LÓÐRÉTT: **1.** bolu, **3.** ál, **4.** fyllerí, **5.** afl, **7.** lemstra, **10.** stk, **13.** ark, **15.** fást, **16.** oft, **19.** áb.

Rauði kross Íslands
raudikrossinn.is

Öryggi í hjálparstarfi

Morgunfundur Rauða krossins

Efstaleiti 9, mánudaginn 23. apríl kl 8.30 - 9.45

Í tilefni af því að 20 ár eru liðin síðan Jón Karlsson sendifulltrúi var veginn í Afganistan boðar Rauði kross Íslands til morgunfundar um öryggi í hjálparstarfi. Aðalræðumaður verður Robert Mardini aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC)

Jón Karlsson var myrtur við hjúkrunarstörf fyrir utan Kabúl 22. apríl, 1992.

Dagskrá:
8:30 Setning: Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða krossins
8:35 Security Risk Management at the ICRC: Robert Mardini, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðaráðs Rauða krossins
9:00 Approaches to security: Þórir Guðmundsson, sviðsstjóri hjálparstarfssviðs Rauða krossins
9:10 Umræður
9:45 Fundarlok

Fundurinn verður haldinn í húsnæði Rauða kross Íslands að Efstaleiti 9. Erindi verða flutt á ensku.

Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

RECEPTIE KONINGINNEDAG 2012

De Consul Generaal der Nederlanden, de heer Bjarni Finnsson, en zijn echtgenote heten alle Nederlanders hartelijk welkom op de Koninginnedagreceptie te houden op

Vrijdag 27.april a.s
van 17.00 - 19.00 uur

Lokatie: Reiðhöllin, Víðidal

Wie aan de uitnodiging gehoor wil geven wordt verzocht zich vóór
27. april op te geven bij het Consulaat, tel. 533 1002. Op werkdagen geopend tussen 10:00 en 12:00. Of via e-mail: holland@holland.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
BESTU BROTIN AF X-INU
X 97-7
visir - oft á dag

Fitnessþrælarnir

BAKÞANKAR Atla Fannars Bjarkasonar

Tugir bronslitaðra, prótínþandra og kolvetnissveltra kroppa stigu á svið á dögunum og kepptu um Íslandsmeistaratitil í fitness. Þrátt fyrir ótvíræða líkamlega möguleika fólksins í ýmsum íþróttum, þá snerist þessi keppni um hver leit best út samkvæmt fyrirfram tilgreindum anatómískum stöðlum.

EÐLILEGA koma slíkar keppnir fólki spánskt fyrir sjónir. Sumir líta á keppendurna sem einhvers konar viðundur á meðan aðrir hafa áhyggjur af ofþjálfun keppenda, enda sé hún slík að konur hafi hætt að fara á túr í miðjum undirbúningi fyrir keppni.

ÞAÐ er rosalega auðvelt að finna eitthvað óeðlilegt við keppni í fitness. Sérstaklega fyrir þá sem nota ekki efni úr brúsa til að breyta húðlit sínum. Það breytir því samt ekki að ofþjálfunarrökin eru þau lélegustu sem hægt er að finna gegn keppninni. Allt afreksíþróttafólk sem tekur sig alvarlega reynir á þolmörk líkama síns til að ná besta mögulega árangrinum. Það skal enginn segja mér að mannslíkaminn fagni æfingum fyrir maraþonhlaup eða að það sé *eðlilegt* að spila meira en hundrað leiki á tímabili, eins og þeir sem leika til úrslita í NBA. Afreksíþróttir eru ekki stundaðar af bláeygu hugsjónafólki með ungmennafélagsanda í brjósti. Þetta fólk er ekki í þessu til að vera með.

FITNESS liggur hins vegar betur við höggi en aðrar íþróttir vegna þess að árangurinn er fagurfræðilegur. Engu máli skiptir hversu þungum hlutum keppendur geta lyft eða hversu mörg mörk þeir skora – sigurvegarinn þarf að vera skorinn, bronslitaður og eiga efnislítil, pallíettuskreytt baðföt sem sækja áhrif í tískustrauma níunda áratugarins.

EINS og margir þá skil ég ekki hvað rekur fólk hálfnakið upp á svið að spenna *gluteus maximus* og *biceps brachii*. Ég skil ekki einu sinni þessi orð sem ég var að skrifa. En þrátt fyrir skilningsleysi, skort á smekk og jafn vel smá fordóma, þá trúi ég ekki að fitnessfólkið sé hópur af þrælum, sem grimmir einkaþjálfarar skikka til að æfa tvisvar á dag og sneiða hjá öllu sem er gott á bragðið.

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Overli

Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið — Eftir Tony Lopes

Barnalán — Eftir Kirkman/Scott

Vill verða strangari móðir

Poppdrottningin Madonna segir að sér hafi brugðið er hún sá myndir af 15 ára dóttur sinni reykja sígarettu með vinum sínum í New York. Aldurtaksmarkið fyrir sígarettur eru 18 ár í Bandaríkjunum og viðurkennir Madonna að hún verði að vera strangari í móðurhlutverkinu. „Ég varð ekki glöð þegar ég sá myndirnar. Ég er ekki jafn ströng og ég ætti að vera, svo ég þarf að verða harðari. Ég hef enga þolinmæði fyrir reykingum," segir Madonna í viðtali við Today Entertainment.

Madonna á fjögur börn og viðurkennir að það sé oft og tíðum erfitt að vera einstæð móðir. „Að vinna eins mikið og ég geri og vera einstæð móðir í þokkabót getur verið taugastrekkjandi. Hingað til hef ég haldið í geðheilsuna með því hafa húmorinn í lagi."

EKKI SÁTT MEÐ LOURDES Madonna var ekki sátt er hún sá myndir af 15 ára dóttir sinni, Lourdes, reykja á almannafæri. NORDICPHOTOS/GETTY

EP heiðursplata á leiðinni

Hljómsveitin The Red Hot Chili Peppers var nýlega tekin inn í hina virtu Rock and Roll Hall of Fame. Í tilefni þess hafa liðsmenn sveitarinnar nú ákveðið að gefa út nýja sex laga EP plötu sem þeir kalla We Salute You.

Á plötunni ætla þeir að heiðra aðra meðlimi frægðarhallarinnar og syngja þar gamla slagara með nokkrum vel völdum einstaklingum þaðan. Fyrir valinu urðu lögin Havana Affair með The Ramones, Suffragette City með David Bowie, I Get Around með The Beach Boys, Everybody Knows This Is Nowhere með Neil Young, Search & Destroy með Iggy & the Stooges og A Teenager In Love með Dion and the Belmonts.

Platan er væntanleg í sölu þann 1. maí næstkomandi.

EP PLATA Fjórmenningarnir í The Red Hot Chili Peppers gefa út EP plötu með lögum annarra meðlima frægðarhallar rokksins.

SKAMMAÐIST SÍN Zac Efron var ekki skemmt er hann horfði á myndina The Lucky One með móður sinni en hann leikur í nokkrum djörfum senum í myndinni. NORDOCPHOTOS/GETTY

Óþægilegt að horfa með mömmu

Leikarinn Zac Efron segir að það hafi verið óþægilegt að horfa á myndina The Lucky One með móður sinni. Í myndinni er þónokkrar djarfar senur með Efron og leikkonunni Taylor Schilling. „Mamma sat fyrir framan mig í bíóinu og ég sökk niður í sætið í hvert skipti sem ég fækkaði fötum í myndinni því ég skammaðist mín svo mikið," segir Efron í samtali við People eftir forsýningu myndarinnar.

Móðir hans, Starla, var hins vegar ánægð með frammistöðu sonar síns. „Hún hló bara að þessu og var stolt af mér þó að það hafi verið skrýtið fyrir hana að horfa á þetta."

EKKI DÁINN Orðrómur komst á kreik á Twitter um að Axl Rose væri dáinn. Það reyndist ekki satt.

Rose lifir

Fréttir um að Guns N' Roses rokkarinn Axl Rose væri látinn komust á flug nú fyrr í vikunni.

Sögurnar fóru um samskiptavefinn Twitter á ógnarhraða en þær áttu sér víst enga stoð í raunveruleikanum því rokkarinn er enn sprellifandi. Hann virðist einnig vera í afar góðum gír, því nýlega fór af stað orðrómur um meint ástarsamband hins fimmtuga Rose við hina 26 ára gömlu söngkonu Lönu Del Rey.

BARNAMENNINGARHÁTÍÐ LÝKUR Barnamenningarhátíð í Reykjavík lýkur með buslugangi í Laugardagslaug í dag. Pollapönk tekur lagið á sundlaugarbakkanum, sem og Rokkhljómsveit Íslands og unglingahljómsveitin White Signal. Sirkus Íslands og fimleikadeild Ármanns sýna listir sínar og afhjúpað verður ógurlegt blöðruskrímsli. Dagskráin hefst klukkan 13. Frítt fyrir 18 ára og yngri.

Hafnarborgin í Hafnarborg

Hafnarborgin nefnist sýning á nýjum verkum eftir myndlistarmanninn Hrafnkel Sigurðsson, sem opnar í Hafnarborg í dag. Efniviður sýningarinnar er að mestu leyti sóttur í slippi þar sem skip eru dregin á land til viðhalds og endurbóta. Stál, tjara og málning skapa stemningu sem vart verður komist hjá að tengja við athafnasvæði karlmanna. Á sýningunni mynda myndbandsinnsetning, ljósmyndir, stórt veggverk úr fundnum efniviði og textíll heild sem bæði hefur sterk tengsl við þennan uppruna en einnig við fyrri verk Hrafnkels.

Á sýningunni er einnig að finna verk þar sem litur, lykt og áferð eru áþreifanlegri en í fyrri verkum Hrafnkels, meðal annars verk unnið úr notuðum tuskum.

Sýningin opnar í Hafnarborg klukkan 15 í dag.

Sagan og framtíðin

Málþing um ferðamál á Kirkjubæjarklaustri
Ferðamálafélag Skaftárhrepps boðar til málþings í félagsheimilinu Kirkjuhvoli,dagana 26. og 27. apríl 2012, í tilefni af 20 ára afmæli félagsins.

Dagskrá:

Fimmtudagur 26.04.2012

13.30 Skráning í félagsheimilinu Kirkjuhvoli
14.00 Setning: Sveinn Hreiðar Jensson formaður Ferðamálafélags Skaftárhrepps
14.05 Ávarp: Fulltrúi frá Skaftárhreppi
14.15 Ávarp: Elías Gíslason forstöðumaður Ferðamálastofu
14.25 Upphaf ferðaþjónustu í Skaftárhreppi: Jón Helgason í Seglbúðum, áhugamaður um ferðamál í Skaftárhreppi
14.50 Saga Ferðamálafélags Skaftárhrepps: Ólafía Jakobsdóttir forstöðumaður Kirkjubæjarstofu
15.05 Afmæliskaffi Ferðamálafélagsins og opnuð sýning um sögu fþess
15.30 Vatnajökulsþjóðgarður: Snorri Baldursson Þjóðgarðsvörður
15.50 Katla Jarðvangur: Vilborg Arna Gissurardóttir rekstrarstjóri
16.10 Opinn Landbúnaður: Berglind Hilmarsdóttir bóndi
16.25 Friður og frumkraftar: Jón Grétar Ingvason formaður
16.45 Markaðsstofa Suðurlands: Davíð Samúelsson framkvæmdastjóri
16.55 Fyrirspurnir og umræður
17.30 – 19.00 Gönguferð um nágrenni Kirkjubæjarklausturs með ferðaþjónustufyrirtækinu Slóðum.
20.00 Fordrykkur á Hótel Klaustri
20.30 Hátíðarkvöldverður og kvöldvaka á Hótel Klaustri

Föstudagur 27.04.2012

09.45 Menning og ferðaþjónusta: Guðrún Helgadóttir prófessor við Háskólann á Hólum
10.20 Sjálfbærni í náttúrutengdri ferðamennsku: Rannveig Ólafsdóttir dósent við Háskóla Íslands
10.55 Kaffihlé
11.10 Mat á fjölda ferðamanna og dreifing þeirra í tíma og rúmi: Rögnvaldur Ólafsson forstöðumaður Stofnunar rannsóknarsetra Háskóla Íslands
11.45 Vinnuhópar starfa og hádegisverðarhlé
Umsjón með vinnuhópastarfi: Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI þjónustu og ráðgjöf.
13.15 Erindi: John Swarbrooke prófessor við Manchester Metropolitan Háskólann í Englandi. Hann er einn af þekktustu fræðingum á sviði markaðsfræði í vistvænum og náttúrutengdum ferðamálum í heiminum í dag.
13.45 Niðurstöður vinnuhópa: Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá Ildi þjónustu og ráðgjöf
14.00 Málþingsslit: Sveinn Hreiðar Jensson formaður

Gestir málþingsins eru beðnir um að skrá þátttöku í síma 487 4900 eða á netfanginu ferðamalafelag@gmail.com fyrir kl. 12.00 á hádegi miðvikudaginn 25.apríl nk.
Nánari upplýsingar eru á www.klaustur.is og í síma 892 9650.

Bækur ★★★

Korter
Sólveig Jónsdóttir

Mál og menning

Þetta líf, þetta líf

Þegar kápa fyrstu skáldsögu Sólveigar Jónsdóttur er skoðuð er ekki laust við að maður telji sig á kunnuglegum slóðum. Teiknaðar myndir af fjórum konum prýða kápuna, ein er rauðhærð, önnur ljóshærð og svo eru tvær dökkhærðar með mismunandi hárgreiðslur. „Ætli þessi rauðhærða sé fremur kaldlyndur lögfræðingur, sú ljóshærða lauslát en fyndin, sú dökkhærða sómakær kona sem lætur sig dreyma um barneignir... o.s.frv?“ kemst maður ekki hjá því að hugsa. „Og ætli þær hittist alltaf á kaffihúsum til að tala um karlmenn á milli þess sem þær kaupa sér Prada?“

Skvísubókmenntirnar / sjónvarpsþættirnir eru velþekkt form og bókin Korter virðist smellpassa inn í þá hefð (og er þar að auki gefin út í hinni svokölluðu „Handtöskuseríu“ Forlagsins). En ekki skyldi maður dæma bókina eftir kápunni einni saman. Jú, víst fjallar Korter um fjórar konur, en þær eru ekki vinkonur, þó að sögur þeirra skarist á nokkrum stöðum og kaffihúsið sem bókin er kennd við komi við sögu þeirra allra.

Konurnar eru allar nálægt þrítugu; Hervör, sem vinnur á kaffihúsinu, Karen, atvinnulaus djammari, Silja er læknir og Mía starfar í fataverslun. Sjónarhorninu er skipt nokkuð jafnt á milli og lesendur fá að kynnast konunum í köflum sem bera nöfn þeirra. Allar eiga konurnar það sameiginlegt að hafa orðið fyrir einhvers konar missi, tengdum karlmönnunum í lífi þeirra. Með einni undantekningu eru það karlarnir sem halda fram hjá og/eða yfirgefa þær og sagan gengur út á að leyfa lesendum að fylgjast með því hvernig þær „vinna úr sínum málum“ eins og það er kallað.

Korter er samtímasaga úr Reykjavík og vissulega er komið inn á margt sem ungar konur þekkja. Raunar allar manneskjur, ef út í það er farið. Tengsl við fjölskyldur og vini, veikindi og dauði, atvinnuleysi og skítadjobb, baráttan við LÍN og ópraktískt háskólanám, ástin og ástarsorgin... Þetta líf, þetta líf.

Við lestur Korters kom mér svolítið á óvart hversu lítil kvennasamstaðan er í sögunni. Skvísubækur segja nefnilega gjarnan (eins og ég minntist á hér að ofan) frá nokkrum vinkonum sem næra og styðja hver aðra með samræðum og góðum verkum, en í þessari sögu eru vinir kvennanna karlkyns vinnufélagi, bræður, afi og amma – og gamall maður sem stundar kaffihúsið Korter. Vinkonur eru næstum alveg teknar út úr jöfnunni og aðrar konur birtast söguhetjunum helst sem ógn, þar sem þær stela kærustum og eru (í augum þeirra) hinar mestu skækjur. Ég klóraði mér heilmikið í höfðinu þegar ég áttaði mig á því að þær íslensku skvísubækur sem ég hef lesið (Dís, Lýtalaus og Korter) greina allar frá nánu sambandi aðalpersónanna við sér óskyld gamalmenni. Eitt atriði í Korteri er raunar svo líkt öðru í annarri bók (ég er að reyna að segja ekki of mikið) að það er beinlínis pínlegt.

Sagan er alltaf fremur áhugaverð og aldrei leiðinleg. Hún er líka að flestu leyti dýpri en sambærilegar bækur og telst að mínu mati fyrirtaks byrjendaverk, þótt tilþrif í stíl og persónusköpun séu ekki mikil. Dramað er meira en fyndnin, en góðan slatta af hvoru tveggja má finna í bókinni. Þar sem sögur kvennanna skarast, oft á óvæntan máta, er fagmannlega að verki staðið.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

Niðurstaða: Korter er ansi hreint skemmtileg bók og dýpri en flestar úr skvísugeiranum en passar þó fullkomlega inn í formið; saga úr samtímanum, sem greinir frá glímu ungra kvenna við ástina og lífið.

Þjóðleikhúsið frumsýnir

Jónsmessa nefnist nýtt leikverk eftir Hávar Sigurjónsson, sem frumsýnt verður í Þjóðleikhúsinu í október næstkomandi. Forvinna er hafin með leikhópi en verkið verður fullæft í haust.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðleikhúsinu er verkið tragíkómískt og fjallar um íslenska fjölskyldu í nútímanum sem kemur saman í sumarbústað fjölskyldunnar til að fagna hálfrar aldar brúðkaupsafmæli foreldranna. Saga fjölskyldunnar endurspeglar það samfélag sem hún hefur hrærst í, ættföðurnum er áfram um að endursemja þá sögu og gefur afkomendum sínum ekkert eftir í baráttunni um yfirráð yfir minningum, völdum og eignum.

Kristbjörg Kjeld og Arnar Jónsson fara með hlutverk foreldranna; Þorsteinn Bachmann og Atli Rafn Sigurðsson leika synina; Edda Arnljótsdóttir og Maríanna Clara Lúthersdóttir leika tengdadæturnar og Þórunn Arna Kristjánsdóttir leikur sonardótturina.

Leikstjóri er Harpa Arnardóttir, sem vakti athygli fyrir uppsetningu sína á Súldarskeri og leikstýrir hér sínu fyrsta verki í Þjóðleikhúsinu.

Þjóðleikhúsið hefur áður sýnt tvö leikrit eftir Hávar, Pabbastrákur (2003) og Grjótharðir (2005) en verk hans Englabörn (2001) og Halla og Kári (2008) voru sýnd í Hafnarfjarðarleikhúsinu.

Eiríkur Örn eitrar út frá sér í Svíþjóð

Eiríkur Örn Norðdahl hefur vakið nokkra lukku í Svíþjóð fyrir skáldsögu sína Eitur fyrir byrjendur, sem kom út nýlega í sænskri þýðingu.

EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL

Gagnrýnandi sænska morgunsjónvarpsins, Gomorron Sverige, kallaði bókina „háskalega ástarhringekju með svörtum húmor sem leiftrar milli línanna og gerir bókina feykilega skemmtilega aflestrar“. Krimmahöfundurinn Jan Arnald fjallar um bókina í Dagens Nyheter og segir bókina ná „hinum fullkomna slæpingjatóni og leiðir síðan allt saman út á verulega sérstakar slóðir“. Þá sagði gagnrýnandi sænska Ríkisútvarpsins bókina vera eins og ef Notting Hill hefði verið leikstýrt af frönskum existensíalista sem hefði lært í Tíbet en ekki Hollywood. Það hlýtur að vera gott.

Eitur fyrir byrjendur er önnur skáldsaga Eiríks Arnar Norðdahl og kom fyrst út árið 2006. Síðasta skáldsaga hans, Gæska, kom út 2009 en von er á bókinni Illsku í haust.

Árleg útsala hjá Braga

Hinn árlegi bókamarkaður í fornbókabúðinni Bókinni á Klapparstíg 25 hefst á mánudag. Þar verða til sölu um 50 þúsund bækur, allar með 50 prósent afslætti. Um er að ræða bækur af öllum gerðum, mikið um listaverkabækur, matreiðslubækur, bækur um kvennafræði og femínisma, barnabækur í miklu úrvali, saga lands og heims, íslensk og norræn fræði, lögfræðirit og bækur um hagfræði og hagsögu, skáldverk yngri höfunda og eldri og svo má lengi áfram telja.

BRAGI KRISTJÓNSSON

Bókamarkaðurinn stendur til 28. apríl.

Fáheyrðar perlur frá Bretlandi

Engilsaxneskir riddarar og rósir í frönskum félagsskap er yfirskrift tónleika í syrpunni 15.15 á sunnudag. Þar verða fluttar sjaldheyrðar tónlistarperlur frá Bretlandi. Á efnisskrá eru verkin Pastorale et Arlequinade fyrir flautu, óbó og píanó eftir Eugéne Goossens, Four Characteristic Pieces fyrir klarínettu og píanó eftir William Hurlstone, trío fyrir flautu, óbó og píanó eftir Madeleine Dring og Caprice on Danish and Russian Airs eftir franska tónskáldið Camille Saint-Saëns.

Flytjendur eru Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari, Eydís Franzdóttir óbóleikari, Ármann Helgason klarínettuleikari og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari.

Tónlistin er öll afar létt og skemmtileg áheyrnar. Hröðu þættirnir einkennast af sveiflandi danstöktum og miklum glæsileika í andstöðu við syngjandi lagræna þætti þar sem sannkölluð sveitastemning ríkir.

Tónleikarnir verða í Norræna húsinu og hefjast, eins og nafn tónleikasyrpunnar gefur til kynna, klukkan 15.15.

15.15 Hallfríður Ólafsdóttir, Eydís Franzdóttir, Ármann Helgason og Nína Margrét Grímsdóttir leika létt og skemmtileg verk frá Bretlandi í Norræna húsinu á sunnudag.

íslenskt verk

AÐSTANDENDUR JÓNSMESSUNÆTUR
Forvinna að leikritinu er hafin með leikhópi en æfingar hefjast að fullu í haust.

Árlega veitir Íslandsbanki tíu félögum í Námsvild námsstyrki.
Tekið er á móti umsóknum til **1. maí 2012**

- Tveir styrkir til framhaldsskólanáms, hver **100.000 kr.**
- Fjórir styrkir til háskólanáms (BA/BS/B.Ed), hver **300.000 kr.**
- Fjórir styrkir til framhaldsnáms á háskólastigi, hver **500.000 kr.**

Sótt er um á vef Íslandsbanka, **www.islandsbanki.is.**

Helstu kostir Námsvildar

- 150 fríar debetkortafærslur á ári
- Styrkir til náms og bókakaupa
- Stúdentakortið hlaðið fríðindum
- Tölvukaupalán

...og margt fleira

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

ENNEMM / SÍA / NM51980

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 21. apríl 2012

Fundir

13.15 Ragnhildur Helga Jónsdóttir ræðir um skráningu örnefna í Borgarfirði á fræðslufundi Nafnfræðifélagsins í stofu 201 í Odda. Kaffiveitingar að loknum fyrirlestri.

Sýningar

13.00 Stóra safnarasýning Myntsafnarafélags Íslands stendur yfir í Norræna húsinu. Þúsundir muna til sýnis. Einnig verður safnaramarkaður í gangi.

15.00 Við suðumark, listasýning Elínar Sigríðar Maríu Ólafsdóttur og Kristínar Gunnlaugsdóttur, opnar í Listasal Mosfellsbæjar.

15.00 Jónborg (Jonna) Sigurðardóttir opnar málverkasýninguna Jónborg Stórborg í Mjólkurbúðinni Listagili, Akureyri.

15.00 Sýning á nýjum verkum eftir myndlistarmanninn Hrafnkel Sigurðsson opnar í Hafnarborg. Sýningin ber titilinn Hafnarborgin.

16.00 Einkasýning Þórdísar Jóhannesdóttur, U N Z, opnar í Gallerí Ágúst.

16.00 Árni Ingólfsson opnar sýningu í Gallerí 46, Hverfisgötu 46.

Hátíðir

08.00 Barnamenningarhátíð stendur yfir í Reykjavík. Dagskrá má nálgast á barnamenningarhatid.is.

11.00 Laxnesshátíðin hefst. Ganga verður farin frá Laugavegi 32, fæðingarstað Halldórs Laxness, og endar hún við Vesturgötu 28, sem var heimili hans á stríðsárunum. Pétur Ármannsson, arkitekt, mun leiða gönguna og miðla ýmsum fróðleik.

Umræður

11.30 Rætt verður um byggingu nýs Háskólasjúkrahúss á Laugardagsspjalli Framsóknar undir yfirskriftinni Metnaður eða mistök. Gestir fundarins verða Stefán B. Veturliðason, Gyða Baldursdóttir og Guðrún Bryndís Karlsdóttir og hann verður haldinn að Hverfisgötu 33.

14.00 Heimspekikaffihúsið verður á Horninu, Hafnarstræti 15. Umræðuefnið er, Hverju ráða hvatirnar. Allir velkomnir.

Uppákomur

13.30 Hallgrímur Helgason og verk hans verða til umfjöllunar á Ritþingi Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs. Ragnheiður Gröndal syngur nokkur lög við kvæði Hallgríms.

15.00 Hjónin Þóra Hrönn Njálsdóttir og Sigurjón Pétursson fagna útkomu ljósmyndabókar sinnar, Aðventa á Fjöllum, og opnun ljósmyndasýningar í Þjóðminjasafni Íslands. Bókin er unnin úr níu vetrarferðum á Mývatnsöræfi síðastliðinn vetur.

Dagskrá

10.30 Árlegur fjölskyldudagur verður haldin í náttúruperlunni Gróttu á Seltjarnarnesi. Opið verður út í Gróttu til klukkan 14.30 en þá er hægt að komast fótgangandi út í eyju. Í Fræðasetrinu verður hægt að kaupa kaffi, safa og vöfflur.

13.00 Á aðalsafni Borgarbókasafnsins verður viðburður sem nefnist Gaman saman. Alls kyns skemmtun verður í boði til klukkan 15.30.

Leikrit

14.00 Ævintýri Múnkhásens verður sýnt í Gaflaraleikhúsinu. Verkið fjallar um frægasta lygalaup allra tíma. Skemmtileg sýning fyrir alla aldurshópa.

16.00 Ten Sing ICEing sýnir barnaleikritið Allt í plati í sal KFUM og KFUK á Íslandi, Holtavegi 28. Lína Langsokkur býður ýmsum vinum sínum í heimsókn á sýningunni. Aðgangseyrir er kr. 500 fyrir börn yngri en 12 ára en kr. 1.000 fyrir eldri en 12 ára.

Tónlist

15.00 Kvennakór Hornafjarðar heldur tónleika í Árbæjarkirkju. Farið verður yfir vorprógramið og fjölbreytt lög flutt, þó flest í léttari kantinum. Miðaverð er kr. 1.500.

16.00 Söngsveitin Fílharmónía heldur tónleika í Skálholtsdómkirkju. Flutt verður verkið Náttsöngur sem var samið til heiðurs aldarminningu dr. Róberts Abrahams Ottóssonar, stofnanda kórsins.

16.00 Samkór Kópavogs heldur vortónleika í Langholtskirkju. Miðaverð er kr. 3.000.

17.00 Mótettukór Hallgrímskirkju heldur upp á 30 ára afmæli sitt með hátíðartónleikum í Hallgrímskirkju. Flutt verða tvö af öndvegisverkum Mozarts. Aðgangseyrir er kr. 4.500.

21.00 Hljómsveitirnar Dusty Miller og Ylja stíga á stokk á Bar 11. DJ mætir í búrið strax að tónleikum loknum. Aðgangur er ókeypis.

21.00 Lára Rúnars og Myrra Rós halda tónleika á Kaffi Rauðku, Siglufirði. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

22.00 Iron Maiden-heiðurstónleikar verða haldnir á Gauknum í tilefni af 30 ára útgáfuafmæli Number of the Beast. Íslenska Iron Maiden heiðurshljómsveitin MaidenIced sér um flutning. Meðal þeirra sem tilheyra hljómsveitinni eru Matti Matt úr Pöpunum og Stefán Jakobsson úr Dimmu. Aðgangseyrir er kr. 2.500.

23.00 Trúbadorarnir HEK, Halli og Hjalti Þorkels halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

23.00 Ingó og Veðurguðirnir og Blár Ópal sjá fyrir brjálaðri stemningu í Hvíta húsinu á Selfossi. 18 ára aldurstakmark og miðaverð kr. 2.000.

23.00 Hljómsveitin Spútnik slær upp dansleik á Mælifelli á Sauðárkróki.

Sunnudagur 22. apríl 2012

Leiklist

18.00 Ten Sing ICEing sýnir barnaleikritið Allt í plati í sal KFUM og KFUK á Íslandi, Holtavegi 28. Lína Langsokkur býður ýmsum vinum sínum í heimsókn á sýningunni. Aðgangseyrir er kr. 500 fyrir börn yngri en 12 ára en kr. 1.000 fyrir eldri en 12 ára.

Sýningar

13.00 Stóra safnarasýning Myntsafnarafélags Íslands stendur yfir í Norræna húsinu. Þúsundir safnmuna og fólk getur komið með gamla hluti til mats og greiningar.

Hátíðir

08.00 Barnamenningarhátíð stendur yfir í Reykjavík. Dagskrá má nálgast á barnamenningarhatid.is.

Umræður

15.00 Fyrsti fundur samræðudagskrár sýningarinnar Núningur/Friction fer fram í Listasafni ASÍ. Gunnar J. Árnason og Hjálmar Sveinsson halda erindi og stjórna umræðum.

Opið Hús

12.00 Opið hús og vorsýning verður í Myndlistaskólanum í Reykjavík, Hringbraut 121. Dagskrá í boði til klukkan 18 auk þess sem verður kaffi- og vöfflusala.

Kvikmyndir

15.00 Tvær sovéskar heimildarmyndir verða sýndar í MÍR, Hverfisgötu 105. Fyrri myndin er um Halldór Kiljan Laxness og var gerð í Moskvu árið 1982, í tilefni af 80 ára afmæli skáldsins. Hin myndin er um rússneska rithöfundinn Fjodor Dostojevskíj. Íslenskar skýringar eru með báðum myndum og aðgangur er ókeypis.

Dansleikir

20.00 Félag eldri borgara í Reykjavík heldur dansleik í Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur létta danstónlist til kl. 23.00. Aðgangseyrir er kr. 1.500, en kr. 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

Leikrit

14.00 Ævintýri Múnkhásens verður sýnt í Gaflaraleikhúsinu. Verkið fjallar um frægasta lygalaup allra tíma. Skemmtileg sýning fyrir alla aldurshópa.

Tónlist

15.00 Styrktartónleikar fyrir Kór Holtaskóla verða haldnir í bíósal Duushúsa, Reykjanesbæ. Ásamt kórnum koma fram Bylgja Dís Gunnarsdóttir, sópransöngkona, og Helga Bryndís Magnúsdóttir, píanóleikari. Aðgangseyrir er kr. 2.000, en kr. 1.500 fyrir nemendur og ellilífeyrisþega.

15.15 Engilsaxneskir riddarar og rósir í frönskum félagsskap er yfirskrift tónleika í tónleikasyrpu Norræna hússins. Flytjendur eru Hallfríður Ólafsdóttir, Eydís Franzdóttir, Ármann Helgason og Nína Margrét Grímsdóttir. Miðaverð er kr. 2.000, en kr. 1.000 fyrir eldri borgara, öryrkja og námsmenn.

16.00 Andrea Jónsdóttir leikur gamlar rokkperlur á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

17.00 Mótettukór Hallgrímskirkju heldur upp á 30 ára afmæli sitt með hátíðartónleikum í Hallgrímskirkju. Flutt verða tvö af öndvegisverkum Mozarts. Aðgangseyrir er kr. 4.500.

Félagsstarf

14.00 Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

19.00 Bridge tvímenningur verður spilaður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

Leiðsögn

14.00 Jón Axel Björnsson tekur á móti gestum á sýningu sína Tilvist í sýningarsal Listasafns Reykjanesbæjar í Duushúsum, Duusgötu 2-8.

12-0745 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Nú eru EGF húðvörurnar frá Sif Cosmetics komnar með nýtt útlit

90 **KALÓRÍUR** fjúka ef heimilið er ryksugað í 30 mínútur samkvæmt rannsóknarmönnum við Indiana háskóla en rannsóknin sýnir að þeir sem eru með hreint heimili eru í betra formi en þeir sem nenna ekki að þrífa heimilið.

Rauðvín fyrirbyggir fitu

HEILSA Rauðvínsdrykkja á að fyrirbyggja aukakílóin ef marka má nýja rannsókn bandarískra vísindamanna við Purdue háskólann. Það er efnið piceatannol, sem finna má í rauðvíni, sem kemur í veg fyrir að ungu fitufrumurnar fjölga sér. Rannsóknin er líklega gleðifregnir fyrir þá sem héldu að allt áfengi væri fitandi.

Efnið hefur einnig sýnt sig hafa jákvæð áhrif á sjúkdóma á borð við hjarta- og taugasjúkdóma sem og krabbamein. Efnið er einnig að finna í vínberjum og bláberjum.

SKEMMTILEG HÖNNUN Fyrirsæta sýnir kjól úr smiðju Sævars Markúsar.

ÁNÆGÐAR Vinkonurnar Sunneva Sverrisdóttir, Diljá Anna Júlíusdóttir og María Þórisdóttir voru á meðal gesta.

STYÐJA DÓTTUR SÍNA Leikaraparið Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir og Stefán Karl Stefánsson mættu til að sýna dóttur sinni stuðning. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Aðalfundur

Aðalfundur Sjálfsbjargar félags fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu, verður haldinn laugardaginn 28. apríl 2012 kl. 14.00 í félagsheimili Sjálfsbjargar, Hátúni 12.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál

Þeir félagsmenn einir hafa kosningarétt sem hafa greitt félagsgjaldið fyrir árið 2011.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn.

Stjórnin

SJÁLFSBJÖRG

NEXT-STÚLKAN VALIN Í HÖRPUNNI

Eskimo/Next-fyrirsætukeppnin fór fram í Hörpu á síðasta degi vetrar. Tíu stúlkur tóku þátt í keppninni og var það Gyða Katrín Guðnadóttir sem fór með sigur af hólmi.

Stúlkurnar sýndu meðal annars föt frá Helicopter, Ýri, Zisku, Sævari, Kronkron Rey og Spaksmannsspjörum og þóttu allar standa sig með prýði. Sigurvegari kvöldsins var Gyða Katrín Guðnadóttir, í öðru sæti var Ólöf Ragna Árnadóttir og þriðja sætið hreppti Bríet Ólína Kristinsdóttir.

SKRAUTLEG Stílistinn Þorsteinn Blær var að venju skrautlegur í klæðaburði. Hér sést hann með Arndísi Halldórsdóttur.

BROSMILD OG KÁT Fyrirsætan og læknaneminn Elmar Johnson sést hér ásamt Charlotte Borba og tónlistarmanninum Hrafnkeli Flóka Kaktusi Einarssyni.

½ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT OG SUND Á SUMARTILBOÐI 19.990 KR.
Vaxtalausar Visa/Euro-léttgreiðslur í boði

FRÍR PRUFUTÍMI UNDIR LEIÐSÖGN ÞJÁLFARA
Hringja þarf og panta tíma

TILBOÐ GILDIR AÐEINS HELGINA 20.-22. APRÍL 2012



ACTIC LÍKAMSRÆKT & SUND
Kortið gildir í líkamsrækt, spinning og sund í Sundlaug Kópavogs og líkamsrækt og sund í Salalaug.
Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480
www.acticgym.is

Að nenna að stunda kynlíf

KYNLÍF Ágætis dæmi um mikilvægi kynfræðslu á hinum ýmsu þroskastigum er kynlíf eftir barneignir. Sexí tími fer oft illa saman við foreldrahlutverkið. Fyrir utan það að tími sé af skornum skammti þá virðist hugarfarsbreyting eiga sér stað þar sem kynverunni er skipt út fyrir foreldri með slef á öxl, hor í hárinu og gula gúmmíhanska.

Nýbakaðir foreldrar greina oft frá því að nú séu aðrar áherslur í lífinu og tími doppóttra blúndunærpjatlna sé geymdur og gott ef ekki gleymdur. Mömmur og pabbar stunda hljóðlátt kynlíf í myrkvuðu herbergi, kirfilega varin af sænginni svo ekki bíði barnið varanlega skaða ef það slysaðist til að sjá í beran foreldrabossa dinglast upp og niður. Nú ertu nefnilega settlegur og fullorðinn og fullorðið fólk stundar bara eins konar kynlíf. Það eyðir sko ekki tíma í að sjúga og sleikja.

Til að bæta úr þessu er foreldrum oft ráðlagt að skipuleggja kynlífið og vissulega er það mikilvægt. Dagur barnsins skiptist í stuttar skorpur af áti, svefni og leik og þarna einhver staðar þarftu að troða inn kynlífi. Þú gætir gert það á meðan barnið sefur eða ætlaðirðu að nota þann tíma í að vaska upp? Eða setja í vél? Eða leyfa þér að setjast niður og kíkja í tölvuna? Í þessum eina heilaga „barnlausa“ tíma lendir kynlíf mjög aftarlega á lista, ef það á annað borð kemst inn á listann.

Kynlíf krefst nefnilega „nennu“. Þú þarft að leggja frá þér tölvuna, nenna að afklæðast, gefa þig á vald kynferðislegra hugsana og puða smá. Þetta er alveg heilmikil „nenna“. Það er auðveldara að geyma þetta þangað til seinna. Kynlíf fer ekki neitt, er það nokkuð? Barn setur gríðarlegt álag á sambandið og staðreyndin er sú að kynlíf er oft límið sem heldur sambandinu saman þegar það er að kikna undan svefnlausu vælandi álagi. Foreldrar þurfa báðir að taka sig taki og nenna. Þeir þurfa að nenna að byggja upp daglega kynferðislega spennu með hrósi, kjassi og kossum.

Þeir þurfa einnig að muna að þeir búa ekki í IKEA-sýningarrými, svo leggið frá ykkur barnadótið og náið í fullorðinsdótið. Draslið má alveg liggja á gólfinu næstu tuttugu mínúturnar eða svo. Það eru ekki stellingarnar eða fjölbreytnin sem skiptir höfuðmáli, heldur er það endurvakning parsins sem kynverur og að þau sinni ástinni af sama ákafa og þau skipta um bleyjur.

KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!
Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is

VORTILBOÐ

40%

AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM Í VERSLUNUM OKKAR
KRINGLAN - SMÁRALIND

KAREN MILLEN

evans.

TOPSHOP

DAY

BIRGER ET MIKKELSEN

SAINTS

oasis

WAREHOUSE

DOROTHY PERKINS

ALLTAF Á NETINU Victoria Beckham ætlar að vera dugleg á Facebook og Twitter í framtíðinni.

Dugleg á Facebook og Twitter

Victoria Beckham vonast til að Twitter- og Facebook-síður sínar muni sýna aðdáendum sínum hvernig manneskja hún er í raun og veru. „Ég held að vinir mínir og viðskiptavinir fái gott tækifæri til að kynnast mér og mínu skopskyni í gegnum tístin mín á Twitter. Þar getur fólk séð hvernig ég er í raun og veru," sagði Kryddpían fyrrverandi, sem hefur haslað sér völl sem fatahönnuður að undanförnu. Hún er þessa dagana í Kína og hefur verið dugleg að tísta frá gangi mála.

Á afmælisdegi sínum fyrir skömmu opnaði Beckham opinbera Facebook-síðu sína. Hún getur ekki beðið með að sýna þar á sér nýja hlið. „Ég vil að aðdáendur mínir geti fylgst bæði með mér sem persónu og vörumerkjum mínum. Ég notaði Twitter mikið í fyrra, þar á meðal á tískuvikunni í New York, og það gaf mér tækifæri til að deila reynslu minni með fólkinu í kringum mig. Ég vil halda því áfram."

Á LAUSU Elisabetta Canalis er hætt með Steve-O og farin að takast á við drykkjuvanda sinn. NORDICPHOTOS/GETTY

Tekst á við drykkjuna

Ítalska sjónvarpskonan Elisabetta Canalis er hætt með asnaprikinu Steve-O úr sjónvarpsþáttunum Jackass. Canalis var áður með leikaranum George Clooney í tvö ár.

Radaronline.com greindi frá því í janúar að Canalis og Steve-O væru að slá sér upp. „Steve-O hætti með Elisabettu vegna drykkju hennar. Hann tekur edrúmennsku sína mjög alvarlega og vill ekki eiga á hættu að falla. Honum þykir mjög vænt um Elisabettu og þess vegna hefur hann komið henni í samband við fólk sem getur aðstoðað hana með drykkjuna, á meðan hún vinnur í sínum málum ætlar hann að halda áfram að vinna í sjálfum sér," var haft eftir vini Steve-O.

ÓHEPPIN Lindsay Lohan varð fyrir árás á skemmtistað í Los Angeles. NORDICPHOTOS/GETTY

Lohan varð fyrir árás

Lindsay Lohan meiddist lítillega þegar hún fékk glas í sig á skemmtistaðnum Smoke and Mirrors í Los Angeles.

Bifreið sem Lohan var farþegi í lenti í árekstri fyrir utan skemmtistaðinn og hringdi Lohan þá í föður sinn til að koma sér og vinum sínum til aðstoðar og beið hans inni á staðnum.

„Kona sem sat rétt hjá gerði grín að Lindsay og hún sagði henni að þegja. Konan henti þá glasinu sínu í átt að Lindsay," sagði sjónarvottur. Sem betur fer var Michael Lohan þá kominn á staðinn og teymdi dóttur sína burt og kom þannig í veg fyrir frekari átök.

VORÚTSALA
50-70% AFSL.
NÝTT KORTATÍMABIL
Opið 11 - 18 í dag
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Föðurefni?

Svo virðist vera sem ákvörðun Charlize Theron um að ættleiða barn og verða einstæð móðir hafi heillað góðvin hennar Keanu Reeves upp úr skónum.

Theron og Reeves hafa verið vinir í mörg ár, en þau léku saman í rómantísku dramamyndinni Sweet November árið 2001. Eftir að Theron kom heim með son sinn Jackson hafa langtímavinirnir, og meintir elskhugarnir fyrrverandi, þó eytt töluvert meiri tíma saman en áður. „Keanu passar Jackson oft og kemur yfirleitt með leikföng handa honum þegar hann kemur í heimsókn. Hann setti meira að segja saman vögguna hans og er duglegur að skipta á honum," segir heimildarmaður náinn skötuhjúunum.

SKIPTIR Á BARNINU Ef marka má orð heimildarmanns er Keanu Reeves gott efni í föður fyrir ættleiddan son Charlize Theron.

Reynir að kaupa sér vinsældir hjá tengdó

Foreldrar Jessicu Biel eru ekki hrifnir af tilvonandi tengdasyni sínum, söngvaranum Justin Timberlake, og eru óhræddir við að láta hann finna fyrir því.

Samkvæmt The Enquirer hefur Timberlake lagt ýmislegt á sig til að koma sér í mjúkinn hjá verðandi tengdaforeldrum sínum, en án árangurs. „Hann mætir í öll fjölskylduboð og reddaði bróður Jessicu vinnu, en allt kom fyrir ekki, foreldrar Jessicu munu ekki fyrirgefa honum í bráð. Þeim finnst Justin hafa komið mjög illa fram við dóttur sína og eru ekki tilbúin til að gleyma því," var haft eftir innanbúðarmanni.

Timberlake var sakaður um að hafa haldið framhjá Biel með Milu Kunis og Oliviu Munn. Parið hætti í kjölfarið saman í nokkra mánuði en tók aftur saman stuttu fyrir jól.

ERFITT Foreldrar Jessicu Biel eru ekki hrifin af unnusta hennar, tónlistarmanninum Justin Timberlake.

NORDICPHOTOS/GETTY

ÁNÆGÐUR MEÐ NOREG Grínistinn Ricky Gervais er ánægður með Ósló.

NORDICPHOTOS/GETTY

Elskar Ósló

Grínistinn Ricky Gervais er staddur í Ósló þessa helgina til halda sýningar í leikhúsinu Folketeatret. Gervais segist elska borgina á Twitter-síðu sinni en með honum í för er kærasta hans til 30 ára, Jane Fallon. „Ég elska Ósló hingað til. Falleg borg í fallegu landi. Fyrsta uppistandið í kvöld. Get ekki beðið," skrifar Gervais á föstudaginn en hann nýtir tímann á milli sýninga til að skoða borgina.

Í eina sæng með Mac

Snyrtivöruframleiðandinn Mac mun senda frá sér nýja línu í haust sem unnin er í samstarfi við Carine Roitfeld, fyrrverandi ritstýru franska Vogue. Fyrirtækið hefur áður unnið með konum á borð við Iris Apfel, Beth Ditto og Miss Piggy úr Prúðuleikunum.

Í línunni verður lögð áhersla á þykkar augabrúnir og húðlitaðar varir í anda Roitfeld og verður línan mynduð af engum öðrum en Mario Sorrenti. Roitfeld mun ekki aðeins koma að sköpun snyrtivaranna heldur mun hún einnig hanna umbúðirnar og finna skemmtileg nöfn á vörurnar.

HANNAR SNYRTIVÖRUR Carine Roitfeld hannar snyrtivörulínu í samstarfi við snyrtivöruframleiðandann Mac.

NORDICPHOTOS/GETTY

Hljómsveitarmeðlimir ekki með vöxtinn fyrir spandex

Heiðurstónleikar verða haldnir á Gauki á Stöng í kvöld í tilefni þess að þrjátíu ár eru liðin frá útgáfu plötunnar Number of the Beast með Iron Maiden.

VEL ÆFÐUR Árni Þráinsson, bassaleikari, segir meðlimi MaidenIced vera vel æfða fyrir kvöldið í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Iron Maiden heiðurstónleikar verða haldnir í tilefni af því að þrjátíu ár eru liðin frá útgáfu plötunnar Number of the Beast. Tónleikarnir fara fram á Gauki á Stöng og mun íslenska heiðurshljómsveitin MaidenIced stíga á stokk og leika lög Iron Maiden.

MaidenIced kom síðast saman árið 2009 og þá með söngvarann Dag Sigurðsson fremstan á sviði, nú er það Matthías Matthíasson, eða Matti Papi, sem mun leiða sveitina auk þeirra Stefáns Jakobssonar og Ragnars Ólafssonar.

The Number of the Beast innihélt meðal annars slagara á borð við Run To the Hills og The Number of the Beast sem þykja á meðal bestu laga rokksögunnar.

Árni Þráinsson, bassaleikari, segir hljómsveitina vera búna að æfa fyrir tónleikana frá því í október enda sé ætlunin að taka kvöldið með trukki. „Við komum til með að skipta tónleikunum í tvennt. „Hin“ lög Iron Maiden verða sungin af Stefáni og Ragnari fyrir hlé og svo mun Matti klára tónleikana með lögunum af Number of the Beast.“

Inntur eftir því hvort meðlimir MaidenIced verði klæddir í fatnað í anda Iron Maiden svarar Árni því neitandi. „Ég verð í bol sem ég hannaði sjálfur en hinir verða örugglega bara í stuttermabolum merktum Iron Maiden. Það var ekki mikið búningastand á meðlimum Iron Maiden hér í denn, þeir voru aðallega klæddir í spandexbuxur og enginn okkar er með vöxt í svoleiðis þannig að við ákváðum að sleppa því.“

Öll platan verður tekin fyrir í kvöld ásamt öðrum slögurum úr smiðju sveitarinnar og má því búast við metnaðarfullum og nokkuð sveittum tónleikum. Húsið opnar klukkan 21 og kostar miðinn 2000 krónur á Midi.is.

- sm

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
21 JUMP STREET	5.45, 8, 10.20
MIRROR MIRROR	1.50, 4
BATTLESHIP	7, 10
HUNGER GAMES	7, 10
LORAX 2D ISL TAL	2, 4
LORAX 3D ISL TAL	2, 4

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

SAMBÍÓIN SAMbio.is



ÁLFABAKKA

CABIN IN THE WOODS	KL. 5:50 - 8 - 10:10 2D	16
CABIN IN THE WOODS VIP	KL. 3 - 8 2D	VIP
BATTLESHIP	KL. 1 - 3 - 5:20 - 8 - 10:40 2D	12
BATTLESHIP VIP	KL. 5:20 - 10:10 2D	VIP
COLD LIGHT OF DAY	KL. 5:50 - 8 - 10:10 2D	14
AMERICAN PIE	3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 2D	12
WRATH OF THE TITANS	KL. 8 - 10:10 3D	12
FRIENDS WITH KIDS	KL. 5:50 2D	12
FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI	KL. 1:30 - 3:40 2D	L
JOURNEY 2	KL. 1:30 - 3:40 2D	7
DÝRAFJÖR M/ ÍSL TALI	KL. 1 - 3:40 3D	L

AKUREYRI

TITANIC 3D	KL. 2:40 3D	L
THE CABIN IN THE WOODS	KL. 6 - 10:10 2D	16
THE COLD LIGHT OF DAY	KL. 8 2D	14
FJÖRFISKARNIR	KL. 4 2D	L
GONE	KL. 8 2D	12
WRATH OF THE TITANS	KL. 5:40 - 10:10 2D	12

SELFOSS

SVARTUR Á LEIK	KL. 6 - 8 - 10:10	16
GONE	KL. 6 - 8 - 10:10	12
PUSS IN BOOTS M/ ÍSL TALI	KL. 2 - 4	L
FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI	KL. 2 - 4	L

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

EGILSHÖLL

BATTLESHIP 2 - 2:50 - 5:10 - 8 - 10:10 - 10:50	2D	12
COLD LIGHT OF DAY	KL. 5:50 - 8 - 10:20 2D	12
TITANIC	KL. 8 3D	L
WRATH OF THE TITANS	KL. 5:40 - 8 2D	12
PROJECT X	KL. 5:50 2D	16
JOHN CARTER	KL. 3 2D	7
JOURNEY 2	KL. 1 - 3 2D	L
FJÖRFISKARNIR	KL. 1 2D	L
FRÍÐA OG DÝRIÐ	KL. 1 3D	12

KRINGLUNNI

CABIN IN THE WOODS	KL. 5:50 - 8 - 10:10 2D	16
COLD LIGHT OF DAY	KL. 5:50 - 8 - 10:10 2D	14
GONE	KL. 5:50 - 8 2D	12
WRATH OF THE TITANS	KL. 10:10 3D	12
FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI	KL. 3:40 2D	L
DÝRA FJÖR 3D M/ ÍSL TALI	KL. 3:40 3D	L
THE MUPPETS MOVIE	KL. 3:40 2D	L

KEFLAVÍK

CABIN IN THE WOODS	KL. 10:20 2D	14
21 JUMP STREET	KL. 8 2D	14
GONE	KL. 8 2D	12
AMERICAN PIE : REUNION	KL. 5:30 2D	12
LORAX M/ ÍSL. TALI	KL. 1:30 - 3:30 3D	L
SKRÍMSLI Í PARÍS M/ ÍSL TALI	KL. 2 - 4 2D	L
FRIENDS WITH KIDS	KL. 5:50 2D	12
SVARTUR Á LEIK	KL. 10 2D	16

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

TILBOÐSBÍÓ

LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR

SMÁRA BÍÓ midi.is

21 JUMP STREET	KL. 1	14
MIRROR MIRROR	KL. 1	12
LORAX 3D/2D	KL. 1	L

HÁSKÓLA BÍÓ midi.is

IRON SKY	KL. 3.30	12
MIRROR MIRROR	KL. 3.20	12
LORAX 3D	KL. 3	L
LORAX 2D	KL. 3.30	L

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ midi.is

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

21 JUMP STREET KL. 1 (TILBOÐ) - 3 - 5.30 - 8 - 10.30		14
21 JUMP STREET LÚXUS	KL. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	14
MIRROR MIRROR KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 - 5.40 - 8		L
BATTLESHIP	KL. 5.15	12
AMERICAN PIE: REUNION	KL. 8 - 10.30	12
LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D	KL. 1 (TILBOÐ) - 3.15	L
LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D	KL. 1 (TILBOÐ) - 3	L
HUNGER GAMES	KL. 5 - 8 - 11 (LAU)	12
SVARTUR Á LEIK	KL. 10.20	16

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIDI.IS 5%

21 JUMP STREET	KL. 8 - 10.30	14
MIRROR MIRROR KL. 3.20 (TILBOÐ) - 5.40 - 8 - 10.20		L
IRON SKY KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.45 - 10.30		12
TITANIC 3D ÓTEXTUÐ	KL. 5	10
HUNGER GAMES	KL. 9	12
SVARTUR Á LEIK	KL. 5.30 - 8	16
LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D	KL. 3 (TILBOÐ)	L
LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D	KL. 3.30 (TILBOÐ)	L

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIDI.IS

21 JUMP STREET KL. 5.50 - 8 - 10.10 14 BATTLESHIP KL. 10.10
AMERICAN PIE: REUNION KL. 5.50 - 8 12
LORAX 3D KL. 4 (TILBOÐ) / LORAX 2D KL. 4 (TILBOÐ) L

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

LAUGARDAGUR: THE WOMAN IN THE FIFTH 18:00, 20:00, 22:00 ■ IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ CARNAGE 18:00, 20:00, 22:00 ■ MARGIN CALL 20:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENGL. SUBS)* 18:00, 22:00 **SUNNUDAGUR:** THE WOMAN IN THE FIFTH 18:00, 20:00, 22:00 ■ IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ CARNAGE 18:00, 20:00, 22:00 ■ MARGIN CALL 20:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENGL. SUBS)* 18:00, 22:00 ■ **BLINT BÍÓ (ÞÓR HETJUR VALHALLAR)** 16:00 ■ **ONE DAY ON EARTH** 16:00
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

Keypti sér mótorhjól

Justin Bieber reiddi á dögunum fram um tvær og hálfa milljón fyrir nýtt mótorhjól. Hjólið var framleitt í takmörkuðu upplagi og er af gerðinni Ducati. Það var vinur hans, söngvarinn Usher, sem mælti með hjólinu við hann en Usher á sjálfur sams konar hjól. Hinn átján ára Bieber stendur þó frammi fyrir einu vandamáli því hann er ekki með mótorhjólapróf en mun vafalítið bæta úr því fljótlega. Popparinn á einnig margar glæsibifreiðir og ætti því að geta komist leiðar sinnar á næstu árum án nokkurra vandkvæða.

JUSTIN BIEBER Popparinn keypti sér glænýtt mótorhjól.

Vill Hendrix og Gaye líka

Rapparinn og upptökustjórinn Dr. Dre er afar stoltur af því að hafa ásamt Snoop Dogg látið heilmynd af hinum sáluga Tupac Shakur stíga á svið á Coachella-hátíðinni. Hann vonast til að aðrir fylgi fordæmi þeirra og vekji goðsagnir á borð við Marvin Gaye og Jimi Hendrix aftur til lífsins. „Vonandi eiga aðrir listamenn eftir að koma sínum uppáhaldstónlistarmönnum upp á svið. Vonandi getum við séð Jimi Hendrix og Marvin Gaye. Við sjáum hvað setur," sagði Dre og útilokar ekki að fara með Tupac-heilmyndina á tónleikaferðalag.

JIMI HENDRIX Dr. Dre vonast til að Jimi Hendrix snúi aftur sem heilmynd.

6 MÁNUÐIR Þau Reynolds og Lively eru búin að vera saman í sex mánuði og leita sér nú að húsi.

Leita að húsi

Svo virðist sem alvara sé að færast í leikinn hjá skötuhjúunum Ryan Reynolds og Blake Lively.

Þrátt fyrir ellefu ára aldursmun er parið ástfangið upp fyrir haus og í leit að sameiginlegu heimili ef marka má orð heimildarmanns. Reynolds hefur varið mestum tíma sínum á heimili Lively eftir að hann setti húsið sitt í Los Angeles á sölu í febrúar, en því húsi deildi hann með fyrrum eiginkonu sinni Scarlett Johansson.

Það virðist því sem að ástin ætli að endast eitthvað lengur hjá parinu fallega sem er nú búið að vera saman í sex mánuði.

SÖKNUÐUR Robert Downey Jr. saknar nýfædds sonar síns mikið.

Saknar sonar síns mikið

Robert Downey Jr. hefur saknað nýfædds sonar síns mikið á meðan hann hefur verið að kynna hasarmyndina The Avengers. Þar leikur hann Iron Man eins og hann hefur áður gert í tveimur myndum.

Tveir mánuðir eru síðan hann eignaðist soninn Exton Elias með konu sinni Susan Levin. „Mér finnst frábært að vera orðinn pabbi aftur. Exton er mjög fallegur og ég sakna hans mikið," sagði hinn 47 ára Downey. Hann á fyrir átján ára soninn Indio með fyrrum eiginkonu sinni Deborah Falconer.

Lagersala

íslenskra hönnuða!

Nú kveðjum við veturinn með glæsilegri lagersölu
í Fellsmúla 28, við hliðina á Góða Hirðinum.

Allt að 80% afsláttur

Opið í dag,
laugardag 21. apríl frá kl. 12–18

Sunnudaginn	22. apríl	13–17
Mánudaginn	23. apríl	11–18
Þriðjudaginn	24. apríl	11–18
Miðvikudaginn	25. apríl	11–18

Brave
E-LABEL
evalín
BIRNA
HULD REYKJAVIK
helicopter

RAGNA INGÓLFSDÓTTIR mun ekki keppa á fleiri alþjóðlegum mótum fyrir Ólympíuleikana í sumar og sagði við Vísi í gær að ótrúlegir hlutir þyrftu að gerast til að hún yrði ekki á meðal þátttakenda í Lundúnum. Enn er þó beðið eftir staðfestum lista þátttakenda en Ragna sagði að staðan væri mjög góð. Listinn verður birtur þann 3. maí.

Í GIFSI Tímabilið er búið hjá Ólafi Ólafssyni. MYND/EGILL

Ólafur Ólafsson:

Bilaðist þegar ég sá löppina

KÖRFUBOLTI Ólafur Ólafsson, leikmaður Grindavíkur, meiddist illa á ökkla í leik sinna manna gegn Stjörnunni í gær. Ökklinn fór úr lið og bein brotnaði einnig í fætinum. Ólafur þarf að vera í gifsi í sex vikur, eftir það kemur í ljós hvort hann þurfi að fara í aðgerð. „Tímabilið er allavega búið hjá mér," sagði hann við Stöð 2 í gær.

„Ég fann fyrir sársauka, en doða líka. Ég beið eftir að löppin færi aftur í rétta stöðu en þegar ég sá hana svo þá bilaðist ég. Hún var eins og L í laginu," sagði Ólafur.

„Það sem hjálpaði mér örugglega og varð til þess að það leið ekki yfir mig var að Teitur [Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar] kom strax inn á völlinn, lagðist á mig og passaði að ég sæi ekki löppina. Svo komu fleiri sem héldu í löppina og héldu mér föstum – sem skipti miklu máli."

Hann segir að það verði svekkjandi að þurfa að sitja og horfa á þegar hans menn í Grindavík mæta Þór í úrslitaeinvíginu um Íslandsmeistaratitilinn. „Það kemur maður í manns stað og ég treysti strákunum til þess að klára þetta. Ég mun sitja á bekknum með þeim og veita þeim andlegan stuðning." - esá

Mótið í Barein á áætlun þrátt fyrir mikil mótmæli

Mótmælendur krefjast mannréttinda og vilja ekkert með Formúlu 1 hafa. Áhyggjur vaxa um að mótmælendur muni nota kappaksturinn til að koma rödd sinni á framfæri. Ecclestone hefur engar áhyggjur af öryggismálum fyrir mótið.

